# LÍFINU ÞAKKLÁTUR

Tomasz Þór Veruson sat 25 tíma fastur í snjóflóðinu á Súðavík árið 1995. Nú er hann nýútskrifaður viðskiptafræðingur og lítur tilveruna björtum augum.



24







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

7. júlí 2007 — 182. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## LAUGARDAGUR

### Kom konunni á óvart



Landsliðsfyrirliðinn Eiður Smári Guðjohnsen hélt óvænta afmælisveislu fyrir eiginkonu sína í vikunni.

FÓLK 50

### Tónlistarmenn í útrás



Fremstu lagahöfundar landsins stefna á að kynna lög sín fyrir erlendum tónlistarmönnum.

FÓLK 50

### Að halda sér vakandi

„Það þarf þrekmenni til að sitja ráðstefnur. Sérstaklega ef þær eru stórar og langvarandi," segir Ellert B. Schram.

Í DAG 12

### Valur og KR skildu jöfn



Valur og KR eru enn jöfn á toppi Landsbankadeildar kvenna eftir jafntefli í gær.

ÍÞRÓTTIR 46

### VEÐRIÐ Í DAG




**Úrkoma** um vestanvert landið. Í dag má búast við einhverri úrkomu um mestallt land, og þokubökkum fyrir utan ströndina bæði á Norður- og Austurlandi. Áfram hlýtt um allt land, og vindur hægur.

VEÐUR 4






# Vonast eftir 300 þúsund tonna þorskafla árið 2018

**Útreikningar sýna að hægt er að byggja þorskstofninn upp á ellefu árum og veiða þá um 300 þúsund tonn. 150 til 190 þúsund tonna veiði næstu sjö ár hefði þýtt 17 ára bið eftir sama afla og aukið mjög líkur á stofnhruni.**

**STJÓRNMÁL** Leiðin sem Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra kaus að fara í niðurskurði þorskafla tryggir að biðtími eftir góðum þorskafla verður aldrei lengri en ellefu ár. Líkur á stofnhruni eru fjórtán prósent, í versta falli.

Sérfræðingar við Háskóla Íslands mátu, að beiðni sjávarútvegsráðherra, fimm mögulegar leiðir til að byggja þorskstofninn upp. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafði úttektin mikil áhrif á endanlega ákvörðun ráðherra.

Samkvæmt úttekt sérfræðinganna hefði ákvörðun um veiðar á 150 til 190 þúsund tonnum næstu sjö ár þýtt sautján ára bið eftir góðum þorskafla og líkur á stofnhruni verið 43 prósent.

Ráðherra heimilaði veiðar á 130 þúsund tonnum af þorski á fiskveiðiárinu sem hefst 1. september. Er það samdráttur um þriðjung. Leiðin sem hann valdi gerir ráð fyrir 130 þúsund tonna afla næstu þrjú ár og stigvaxandi aukningu, í 190 þúsund tonn eftir sex ár. Samkvæmt úttektinni á þorskstofninn að hafa náð slíkri stærð eftir ellefu ár að óhætt verður að veiða meira en 300 þúsund tonn á ári.

Við úttektina voru hugmyndir vísindamanna og hagsmunaaðila um þorskveiðar næstu sjö ára bornar saman, auk þess sem aðrir valkostir voru skoðaðir.

Hafrannsóknastofnunin ráðlagði 130 þúsund tonna veiðar á næsta fiskveiðiári, tíu þúsund tonna skerðingu árið eftir og 125 þúsund tonna afla 2009-10.

LÍÚ mælti með 155 til 160 þúsund tonna þorskafla næstu tvö fiskveiðiár.

Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar, segir gríðarlegan tekjusamdrátt blasa við en vonast til að skerðing þorskkvóta leiði til þess að stofninn byggist upp.

Ríkisstjórnin kynnti viljayfirlýsingu um mótvægisaðgerðir vegna samdráttar í sjávarbyggðum samhliða ákvörðun um þorskafla. - bþs / shá / sjá síður 4 og 6



**Á TINDI HEKLU** Kollurinn á Heklu er auður því að hitinn í fjallinu hefur brætt þykka snjóhuluna af sér. Eldgos var síðast í Heklu árið 2000. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sennilegt að Hekla gjósi á næstu tveimur til fjórum árum:

# Aðeins hálftími til að forða sér

**NÁTTÚRA** „Ef menn finna titring í fjallinu ættu þeir að forða sér strax eins hratt og þeir geta," segir Magnús Tumi Guðmundsson jarðeðlisfræðingur um hættu á eldgosi í Heklu.

Fjallgöngumenn laðast að Heklu. Um þrjátíu manna hópur sem þar var á dögunum veitti því eftirtekt að efsti hluti fjallsins er volgur og snjóhulan er bráðin af toppnum.

„Þetta er alþekkt og er enginn sérstakur fyrirboði um að gos sé í aðsigi. Hins vegar hefur Hekla gosið á um tíu ára fresti síðustu áratugina og miðað við það er ekki ósennilegt að þar verði gos á næstu tveimur til fjórum árum," segir Magnús Tumi sem finnst umhugsunarefni hvernig leitast megi við að tryggja öryggi þeirra sem ganga á fjallið. „Fyrirvarinn á gosi verður aðeins hálftími til klukkustund og menn hafa því afar stuttan tíma til að leita skjóls séu þeir uppi á fjallinu og komi til goss." - gar








**LUNDAR** Nú er hægt að fylgjast með þeim allan sólarhringinn. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Vefmyndavél í Ystakletti:

## Lundar í beinni útsendingu

**LÍFRÍKI** Nú er hægt að fylgjast með lundum í Vestmannaeyjum í beinni útsendingu á netinu.

Í Ystakletti er vefmyndavél sem hægt er að fylgjast með á slóðinni puffin.eyjar.is. Þar er hægt að fylgjast með lífi lundanna í beinni útsendingu allan sólarhringinn. Hægt er að stjórna myndavélinni, snúa henni í allar áttir og þysja inn og út.

„Vélin hefur verið þarna í nokkurn tíma og hægt að fylgjast með útsendingunni á Náttúrugripasafninu. Við fengum síðan áskorun um að setja þetta á netið og urðum við henni," segir Kristín Jóhannsdóttir, markaðsfulltrúi í Vestmannaeyjum. - aví

Menntamálaráðherra Dana:

## Haarder snýr öllum menntamálum á hvolf

**MENNTAMÁL** „Við höfum snúið næstum öllu á hvolf," segir Bertel Haarder, menntamálaráðherra Danmerkur, en hann vinnur nú að miklum og umdeildum breytingum á dönsku menntakerfi.

Forysta kennarasambandsins í landinu hefur mótmælt öllum breytingum sem hann hef boðað en þær miða flestar að auknu frjálsræði í skólakerfinu og fleiri samræmdum prófum. „Ef þetta heldur svona áfram, það er að [kennara]sambandið standi endalaust í deilum við ráðuneytið, þá verður það einfaldlega að vera þannig," segir Haarder í viðtali við Fréttablaðið í dag. - mh / sjá síðu 32

**SPURNING DAGSINS**



*Pétur, lá ekki beinast við að spila Money?*

„Ef ég væri ríkur hefðum við tekið það."

Pétur Örn Guðmundsson og félagar í Dúndurfréttum voru fengnir með litlum fyrirvara til að leika í veislu í veiðihúsi Bakkavararbræðra. Dúndurfréttir hefur helgað sig tónlist Pink Floyd, en Money er eitt vinsælasta lag þeirrar sveitar.

Umhverfisvænni embættisbíll keyptur á Bessastaði:

# Engin peningasóun

**UMHVERFISMÁL** Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, tók í gær við nýjum forsetabíl af gerðinni Lexus LS600h. Forstjóri Toyota í Evrópu, Tadashi Arashima, afhenti forsetanum lyklana á Bessastöðum.

Bíllinn er tvinnbifreið og sá fyrsti sinnar tegundar í flokki viðhafnarbifreiða. Bíllinn er knúinn af svokölluðu Hybrid-kerfi sem samanstendur af rafmótor og bensínvél.

Bíllinn getur ekið á 60-70 kílómetra hraða á rafmótornum einum saman og er þá laus við útblástur og fullkomlega hljóðlátur. Ólafur Ragnar er fyrsti þjóðhöfðinginn í Evrópu til að fá slíkan bíl.

„Þrettán ár eru síðan við keyptum síðast nýjan bíl, þannig að við sóum ekki peningum og förum vel með bílana okkar," sagði forsetinn við Arashima þegar hann tók við lyklunum.

„Við svipuðumst eftir bíl sem sendir þau skilaboð til Íslendinga og annarra þjóða að ef okkur sé alvara í umræðunni um ógnir vegna hlýnunar jarðarinnar þurfum við að sýna fordæmi," sagði forsetinn.

Lexus tvinnbifreiðar af þessari gerð kosta allt frá 11 milljónum upp í 15 milljónir króna hjá Toyota á Íslandi. **- sgj**



**FORSETABÍLLINN** Tadashi Arashima, forsetinn og aðrir gestir fylgdust með þegar bíllinn rann hljóðlaust í hlað. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Ökufantur í Borgarnesi:

## Króaður af á einbreiðri brú

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Borgarnesi veitti karlmanni á miðjum aldri eftirför eftir að bíll hans mældist á 116 kílómetra hraða undir Hafnarfjalli laust fyrir klukkan fimm í gær.

Maðurinn, sem var einn í bílnum, sinnti ekki stöðvunarmerkjum lögreglu og keyrði inn Hvalfjörð. Þar mældist hann mest á 150 kílómetra hraða.

Lögreglan á Akranesi og í Reykjavík kom til aðstoðar og tókst að króa manninn af á brúnni yfir Laxá í Kjós. Þar læsti hann að sér, neitaði að koma út og þeytti bílflautuna.

Brjóta þurfti rúðu í bílnum til að ná manninum út og drepa á bílnum. Maðurinn var hvorki ölvaður né undir áhrifum lyfja, en læknir var fenginn til að meta andlegt ástand hans við skýrslutökur. **- sgj**

Mannréttindabrot Hæstaréttar:

## Ekki endilega álitshnekkir

**DÓMSMÁL** Úrskurður mannréttindadómstóls Evrópu um brot Hæstaréttar á réttindum níu ára fjölfatlaðrar stúlku er ekki endilega álitshnekkir fyrir Hæstarétt. Þetta sagði Björn Bjarnason dómsmálaráðherra við blaðamenn fyrir utan Stjórnarráðið í gær. Hann vildi að öðru leyti lítið tjá sig um dóminn vegna þess að hann sé óþýddur.



**BJÖRN BJARNASON**

Samkvæmt dómnum braut Hæstiréttur á stúlkunni þegar hann byggði úrskurð sinn í læknamistakamáli á umsögn Læknaráðs. Mannréttindadómstóllinn dró í efa að ráðið gæti verið hlutlaust, enda sátu þar fjórir starfsmenn Landspítala. **- sþs**

# Fótbrotinn þremur árum eftir morðið

**Hákon Eydal liggur lærleggs- og hnéskeljarbrotinn á spítala. Talið er að samfangar hafi sparkað ítrekað í hann. Árásin átti sér stað sléttum þremur árum eftir að hann barði sambýliskonu sína, Sri Rhamawati, til bana með kúbeini.**

**LÖGREGLUMÁL** Fanginn sem talið er að hafi verið fótbrotinn af samföngum sínum á Litla-Hrauni á miðvikudag heitir Hákon Eydal. Hann afplánar sextán ára fangelsisdóm, sem hann hlaut fyrir að hafa banað fyrrverandi sambýliskonu sinni, Sri Rhamawati, þann 4. júlí 2004.



**HÁKON EYDAL**

Ekki er vitað hvort tilviljun réði því að atvikið átti sér stað 4. júlí, nákvæmlega þremur árum eftir morðið.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins eru tveir fangar grunaður um verknaðinn. Ekki er vitað hver átti upptökin, en fangarnir börðu og spörkuðu í Hákon á gangi í fangelsinu og inni í fangaklefa.

Spörk fanganna urðu til þess að efri hluti lærleggs Hákons brotnaði og hnéskel laskaðist.

Enn er ekki fullkomlega ljóst hvað hrinti þessari atburðarás af stað, en rannsókn málsins stendur enn yfir.

Hákon gekkst undir aðgerð á bæklunardeild á Landspítala í gær og dvelur enn á sjúkrahúsinu.

Samkvæmt lögreglu eru alvarlegar líkamsárásir innan veggja fangelsa ekki algengar þótt eitthvað sé um pústra og minniháttar stimpingar.

larab@frettabladid.is
steindor@frettabladid.is



**LITLA-HRAUN** Talið er að samfangar Hákons hafi sparkað í hann og beinbrotið.

### HÁKON EYDAL FÉKK SEXTÁN ÁRA DÓM

Hákon Eydal var dæmdur í sextán ára fangelsi 29. september 2005 fyrir að hafa myrt fyrrverandi sambýliskonu sína, Sri Rhamawati, þann 4. júlí 2004.

Hákon var fundinn sekur um að hafa veist að Sri, slegið hana í höfuðið fjórum sinnum með kúbeini, vafið taubelti um háls hennar og kyrkt hana.

Hákon viðurkenndi verknaðinn en krafðist sýknu vegna ósakhæfi. Hæstiréttur komst hins vegar að þeirri niðurstöðu, eins og héraðsdómur, að hann væri sakhæfur og við ákvörðun refsingar var litið til þess að atlagan hefði verið heiftarleg og meðferð Hákons á líkinu smánarleg, en hann kom því fyrir í hraunsprungu í nágrenni Hafnarfjarðar.

Hákon reyndist lögreglu erfiður við rannsókn málsins og afvegaleiddi hana með því að halda því fram að hann hefði hent líkinu í sjóinn á Kjalarnesi.

Við mat geðlæknis kom fram að hann væri ábyrgur gerða sinna og sýndi engin merki sturlunar. Einnig kom fram við rannsókn að hann iðraðist ekki gerða sinna.

Live Earth tónleikarnir:

## Sýndir beint um allan heim

**MENNING** Live Earth tónleikarnir fara fram í átta borgum í sjö heimsálfum í dag og standa yfir í 24 klukkustundir. Meira en 150 tónlistarmenn koma fram á tónleikunum sem haldnir eru til þess að vekja athygli fólks á loftslagsbreytingum og mengun.



**MADONNA** Ein þeirra sem stíga á svið á Wembley í London.

Tónleikarnir fara fram í New York, London, Sidney, Hamborg, Jóhannesarborg, Rio de Janeiro, Tókýó og Sjanghæ. Um tíma var rætt um að tónleikarnir yrðu haldnir í Reykjavík en ekkert varð af því þar sem samkomulag náðist ekki við stjórnvöld.

Tónleikunum er sjónvarpað beint á Skjá einum. **- þo**

Veðrið hefur áhrif á verslun:

## Sláttuvélar og grillkjöt vinsælt í sólinni

**NEYTENDUR** „Það er töluverð söluaukning hjá okkur í gasgrillum og garðvörum og þá sérstaklega sláttuvélum," segir Júlía Vilbergsdóttir, starfsmaður á þjónustuborði í BYKO. Hún segir einstaka vörutegundir þó ekki búnar. „Við vonumst auðvitað til að veðrið verði áfram gott í sumar eins og allir landsmenn gera eflaust," segir Júlía.

Bjarni Friðrik Jóhannesson, rekstrarstjóri Nóatúnsverslananna, segir grillkjötið rjúka út í góða veðrinu. „Sósur og tilbúnir réttir á grillið hafa selst vel og starfsmenn kjötborða í öllum verslunum okkar hafa orðið varir við söluaukningu enda fara margir að grilla þegar sólin skín," segir Bjarni Friðrik. **- lbb**

Sveitarstjórnin á Grenivík:

## Vonbrigði með þjóðlendukröfu

**DÓMSMÁL** „Sveitarstjórn lýsir yfir miklum vonbrigðum með að fjármálaráðherra skuli ekki hafa gefið meira eftir í kröfum til lands Grýtubakkahrepps og fer þess enn á leit við fjármálaráðherra að hann dragi til baka kröfur í eignarland hreppsins," eru viðbrögð sveitarstjórnar Grýtubakkahrepps við bréfi Óbyggðanefndar um þjóðlendumál á austanverðu Norðurlandi.

Sveitarstjórnin segir ríkið aðeins hafa breytt landakröfum sínum örlítið og minnir þingmenn kjördæmisins á að þeir hafi fyrir kosningar sagst mundu fylgja málinu eftir. **- gar**

Ráðherra telur verkáætlun Sundabrautar óljósa:

## Sundabraut ekki frestað en framhaldið er óljóst

**STJÓRNMÁL** „Það er ekki verið að fresta framkvæmdum við Sundabraut og það stendur ekki til," segir Kristján L. Möller samgönguráðherra.

Fréttablaðið upplýsti í gær að hluti þeirra fjögurra milljarða króna, sem samkvæmt samgönguáætlun eiga að fara í Sundabraut á næsta ári, yrði nýttur til vegaframkvæmda annars staðar á landinu.

Kom jafnframt fram að útlit væri fyrir að peningarnir nýttust ekki allir til verksins þar sem undirbúningur er tiltölulega skammt á veg kominn.

Kristján staðfestir þetta en segir óvíst hve miklu af Sundabrautarpeningunum verður ráðstafað til annarra verka. Enn sé ekki hægt að segja til um hver fjárþörfin verður enda verkframvindan óljós. Eftir er að meta umhverfisáhrif, ákvarða legu og í framhaldi þess; hanna mannvirkið.



**KRISTJÁN L. MÖLLER**

„Það verður farið í Sundabraut um leið og verkið er tilbúið til framkvæmda. Ég er jafn áhugasamur og aðrir um að ráðist verði í lagningu Sundabrautar," segir Kristján L. Möller. **- bþs**


vörður

Við tökum vel
á móti þér
í Borgartúni 25

Vörður tryggingar hf. I Borgartúni 25 I sími 514 1000 I www.vordur.is

# Brúðhjón Smáralindar 2007



**Vinningar:**

**Smáralind:** Brúðargjafakort Smáralindar að verðmæti 100.000 kr.
**Iceland Express:** Flug fyrir 2 til einhvers af áfangastöðum Iceland Express og hótelgisting í þrjár nætur að verðmæti 140.000 kr.
**BT:** 42" Panasonic plasmaskjár og Panasonic upptökutæki m. 160 GB hörðum diski, samtals að verðmæti 250.000 kr.
**Ormsson:** AEG þvottavél og þurrkari – íslenska parið – að verðmæti 200.000 kr.
**Líf&List:** Pottar frá Eva Solo að verðmæti 50.000 kr.
**Byggt og búið:** Kitchen Aid hrærivél að verðmæti 50.000 kr.
**Hagkaup:** BBQ 2300 master grill að verðmæti 50.000 kr.
**Jón og Óskar:** Tvö Delma úr að verðmæti samtals 50.000 kr.
**Hans Petersen:** Canon vídeótökuvél, MV930, 5 spólur og myndarammi að verðmæti 50.000 kr.
**Hygea-snyrtistofa:** Lúxusmeðferð fyrir brúðhjónin að verðmæti 30.000 kr.
**Drangey:** Titan ferðataska að verðmæti 20.000 kr.
**Adesso:** Gjafabréf að verðmæti 20.000 kr.
**Smárabíó:** 10 miðar í lúxussalinn að verðmæti 20.000 kr.
**Síminn:** Tveir GSM símar að verðmæti 20.000 kr. hvor
**Debenhams:** Lúxus Sateen sængurverasett frá Jasper J. Conran að verðmæti 18.000 kr.
**Body Shop:** Gjafakarfa fyrir brúðhjónin að verðmæti 15.000 kr.
**Tous:** Kaffistell að verðmæti 13.000 kr.

## Sumarleikurinn Brúðhjón Smáralindar 2007

**Ætlið þið að láta pússa ykkur saman í sumar?**
Komið við í Smáralind, búið til gjafalista og skráið ykkur í brúðkaupsleik Smáralindar, þar sem brúðhjón Smáralindar 2007 verða valin. Heppnustu brúðhjón sumarsins fá veglegar gjafir fyrir rúmlega eina milljón króna.

**Hvernig gengur leikurinn fyrir sig?**
Þátttökuseðlar fást í þeim verslunum Smáralindar sem eru með í leiknum. Tilvonandi brúðhjón, eða einhver þeim tengdur, fylla út seðla í þessum verslunum og í lok sumars verður þeim safnað saman og brúðhjón Smáralindar 2007 dregin út.

**OPIÐ TIL KL. 18 Í DAG**

Iceland Express · Adesso · TOUS · Líf&List Smáralind · Hygea · Smárabíó · BT Smáralind · Jón & Óskar úr · skartgripir · gjafavara · byggtogbúið Smáralind Kringlunni · HAGKAUP Skemmtilegast að versla · ORMSSON Smáralind · THE BODY SHOP · Smáralind · Hans Petersen · Síminn · Drangey · DEBENHAMS




Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000

ENNEMM / SÍA / NM28707

## GENGIÐ 06.07.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 61,31 | 61,61 |
| Sterlingspund | 123,23 | 123,83 |
| Evra | 83,32 | 83,78 |
| Dönsk króna | 11,195 | 11,261 |
| Norsk króna | 10,535 | 10,597 |
| Sænsk króna | 9,097 | 9,151 |
| Japanskt jen | 0,4972 | 0,5002 |
| SDR | 93,15 | 93,71 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
113,1922

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Nýjung í starfi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu:

# Lögfræðingar á helgarvöktum

**LÖGREGLUMÁL** Þeir sem lögregla tekur fyrir háttsemi er brýtur gegn lögreglusamþykkt geta nú gengist undir sekt í beinu framhaldi af broti og lokið þannig sínu máli. Þetta er nýjung í starfi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og varðar einungis minni háttar brot.

„Það er tekið á þessu um leið og runnið er af fólki ef það á við og því þá boðið að gangast undir sekt," segir Stefán Eiríksson lögreglustjóri. „Það þarf að fá ákærandа og lögfræðing að málinu strax og það liggur fyrir. Við erum búnir að setja upp skipulag sem felur í sér að hér eru lögfræðingar embættisins að störfum um helgar í þessu skyni. Með þessu erum við að auka og efla samvinnu lögreglumanna og lögfræðinga embættisins því við teljum að það skili mjög góðum árangri. Efld samvinna hefur í för með sér aukna skilvirkni og er mjög mikilvægur þáttur í þessu öllu saman."


**LÖGREGLAN** Lögfræðingar lögreglustjóraembættisins á höfuðborgarsvæðinu eru nú á vakt um helgar.

Stefán segir að mál sem tekin eru til meðferðar með þessum hætti séu minni háttar mál og brot á lögreglusamþykkt, svo sem ef menn henda rusli, eru með óskunda og uppivöðslusemi eða aðra viðlíka háttsemi.

„Við erum að taka með miklu meiri festu á þessum brotum nú í því skyni að auka aga í miðborginni og annars staðar á höfuðborgarsvæðinu." - jss

Laun fatlaðra ungmenna:

# Launakjörin leiðrétt strax

**FÉLAGSMÁL** Launakjör fatlaðra ungmenna verða leiðrétt nú þegar, samkvæmt fréttatilkynningu frá félagsmálaráðuneyti. Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra kynnti sér mál þeirra eftir umfjallanir í fjölmiðlum og ákvað í kjölfarið að veita sérstakan styrk til að þessi mismunun yrði leiðrétt.

Í tilkynningunni kemur einnig fram að ráðuneytið leggur ríka áherslu á mikilvægi virkrar þátttöku fatlaðra á vinnumarkaði. Félagsmálaráðherra fagnar áhuga og árangri átaksverkefnis ÍTR og Svæðisskrifstofu. - þeb

## ÞORSKKVÓTINN SKORINN NIÐUR

Sjómannasambandið:

## Sjómenn afskiptir



„Það á að gera sértækar aðgerðir fyrir útgerðirnar, fiskvinnslufólk og bæjarfélögin en ég sé sjómenn hvergi nefnda," segir Sævar Gunnarsson, formaður Sjómannasambands Íslands. „Sjómenn verða fyrir gríðarlegri tekjuskerðingu og í öllu tali um mótvægisaðgerðir hefur verið talað um að milda áfallið fyrir alla. Það er ekki niðurstaðan og þetta er annaðhvort tillitsleysi eða hugsunarleysi. Þessar aðgerðir eiga eftir að bitna hvað verst á sjómönnum og fjölskyldum þeirra."

Sævar segir jafnframt að mjög erfitt verði fyrir skipstjórnarmenn að beita sér við veiðar því útilokað sé að „veiða 100 þúsund tonn af ýsu þegar kvótinn er aðeins 130 þúsund tonn af þorski." - shá

Útgerðarmaður:

## Leiguviðskiptin lítil sem engin



„Þessi kvótaskerðing kemur ekki alveg á óvart, maður er búinn að vera að búa sig undir þetta í nokkurn tíma," segir Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum. „Það blasir við að tekjusamdrátturinn verður gríðarlegur en hins vegar vona ég að þetta leiði til uppbyggingar til lengri tíma."

Hann segist telja að leiguviðskipti með kvóta verði lítil sem engin eftir skerðinguna þar sem enginn verði aflögufær um kvóta. „Þeir sem hafa verið á leigumarkaði eru fyrst og fremst einyrkjar, og þeir verða að mestu fyrir barðinu á þessum þætti." - sþs

# Það kemur ekkert í staðinn fyrir 60.000 tonn af þorski

**Ríkisstjórnin ætlar að grípa til sérstakra aðgerða til að styrkja atvinnulíf á þeim svæðum sem verst verða fyrir barðinu á aflasamdrættinum. Bæði er um að ræða skammtímaaðgerðir og aðgerðir til lengri tíma.**

„Það kemur ekkert í staðinn fyrir sextíu þúsund tonn af þorski," sagði Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra þegar mótvægisaðgerðir ríkisstjórnarinnar vegna samdráttar í þorskveiðum voru kynntar í gær.

Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar er almennt orðuð og nær til margra þátta. Ítrekuð er fyrri ákvörðun um áform um tímabundin aukaframlög í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga en að auki er kveðið á um að frekari fjárþörf sveitarfélaga verði metin.

Styrkja á Byggðastofnun, efla samkeppnisstöðu Vestfjarða, ráðast í sérstök átaksverkefni og hraða vegaframkvæmdum og uppbyggingu fjarskiptaþjónustu.

Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði að þótt ákvörðun um aflasamdrátt væri á forræði sjávarútvegsráðherra nyti hún stuðnings allrar ríkisstjórnarinnar. Sagðist hann telja ákvörðunina rétta, vera ábyrga og lýsa heilmiklu hugrekki. „Þessi ákvörðun mun bitna misjafnlega þungt á einstökum svæðum á landinu og ríkisstjórnin mun ekki víkja sér undan þeirri ábyrgð að bregðast við vanda sem skapast kann á einstökum stöðum," sagði Geir.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra sagði ákvörðun um mikla skerðingu þorskkvóta ekki sársaukalausa; erfið staða blasi við einstaklingum, fyrirtækjum og byggðarlögum og við því þyrfti að bregðast.


**ÁKVÖRÐUNIN OPINBERUÐ** Árni M. Mathiesen, Einar K. Guðfinnsson, Geir H. Haarde, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Jóhanna Sigurðardóttir kynntu ákvörðun um aflasamdrátt og mótvægisaðgerðir í ráðherrabústaðnum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ingibjörg sagði erfiðleika í atvinnumálum landsbyggðarinnar þó ekki einvörðungu stafa af stöðunni í sjávarútveginum; hágengi og háir vextir hefðu sitt að segja.

Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar er hvorki tíma- né krónusett og spurðir sögðu ráðherrar erfitt að segja til um hvað mótvægisaðgerðirnar kostuðu. Lögðu þeir áherslu á að mikið væri um tilflutning verkefna milli ára og svæða en minna um stofnun nýrra útgjaldaliða. Þá gátu þeir þess að áherslа hafi verið lögð á að aðgerðirnar samrýmdust því meginmarkmiði ríkisstjórnarinnar að treysta stöðugleika í efnahagslífinu. bjorn@frettabladid.is

### Mótvægisaðgerðir ríkisstjórnarinnar

**Skammtímaaðgerðir**

- Metin verður þörf fyrir aukin framlög til þeirra sveitarfélaga sem aflasamdrátturinn bitnar verst á.
- Byggðastofnun verður styrkt svo hún geti betur, ásamt lánastofnunum, liðsinnt fyrirtækjum sem eiga í erfiðleikum. Veiðigjald vegna þorskveiða næstu tveggja fiskveiðiára verður fellt niður.

**Aðgerðir til lengri tíma**

- Grunnstoðir atvinnulífsins á Vestfjörðum verða efldar og samkeppnisstaða svæðisins styrkt í samræmi við tillögur Vestfjarðanefndar.
- Ráðist verður í sérstök átaksverkefni til að styrkja atvinnuuppbyggingu, ekki síst með tilliti til atvinnumála kvenna. Framlög til endurmenntunar, starfsþjálfunar og frumkvöðlastarfsemi verða aukin sem og framlög til sérstakra átaksverkefna atvinnuþróunarfélaga. Auk þess verður gert sérstakt átak í flutningi opinberra starfa og fjölgun starfa án staðsetningar.
- Vegaframkvæmdum verður flýtt og uppbyggingu í fjarskiptaþjónustu hraðað, jafnt farsímaþjónustu sem háhraðatengingum. Enn fremur verður gert sérstakt átak í viðhaldi opinberra bygginga.






## VEÐURSPÁ


Elín Björk Jónasdóttir veðurfræðingur

**Langþráð úrkoma** Sá fáheyrði atburður, að Íslendingar kvarti undan sólinni, hefur átt sér stað undanfarna daga, enda hefur lítil úrkoma fallið undanfarið. Nú er hins vegar breyting á, og það má búast við úrkomu um mest allt land á næsta sólahring eða svo, og þoku við norður- og austurströndina. Áfram verður þó hlýtt, og vindur lítill.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG** Fremur hæg norðvestlæg átt, og úrkoma í dag, en styttir upp í kvöld. Hiti á bilinu 12-16 stig.




um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 18°C skýjað | London | 21°C hálfskýjað | Eindhoven | 21°C skúrir |
| Billund | 17°C skúrir | París | 22°C hálfskýjað | Basel | 25°C skýjað |
| Osló | 21°C skúrir | Frankfurt | 23°C léttskýjað | Alicante | 28°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 19°C skúrir | Friedrichshafen | 24°C skýjað | Róm | 28°C léttskýjað |
| Gautaborg | 19°C skúrir | Berlín | 18°C hálfskýjað | Las Palmas | 23°C heiðskýrt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Ótrúlegt verð

Allt úrvalið fæst í Smáralind, takmarkað úrval í öðrum verslunum.

DiBOSS Digital LCD TV

## DiBOSS 32" LCD skjár

LT32A2HM

- 32" HD 16:9 LCD Sjónvarp
- Upplausn: 1366x768 punktar
- Progressive Scan
- HD Ready
- Skerpa: 800:1 og svartími: 8ms
- Sjónsvið (H/V): 176/176° og birtustig: 500 cd/m2
- Antireflex og Digital Comb Filter
- 14w Nicam Stereó Hljóðkerfi
- 2 Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS og heyrnartólstengi
- VGA tengi
- Textavarp með 12 síðna minni
- Fjarstýring
- Borðstandur fylgir
- Veggfesting: Vogles VFW140 (fylgir ekki)
- Mál í cm (bxhxd): 91,9x51x10,4 og þyngd: 18kg







## Philips 32" LCD sjónvarp 32PFL5322

- Upplausn: 1366x768 punktar • Pixel Plus HD Myndtækni
- HD Ready • Skerpa: 4.000:1 og svartími: 8ms
- Sjónsvið (H/V): 178/178° og birtustig: 500 cd/m2
- Active Control og Contrast Plus
- 2 x 20w Nicam Stereó Hljóðkerfi með Incredible Surround
- 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • Textavarp með 1.000 síðna minni
- Svefnrofi og fjarstýring • Borðstandur með snúningi fylgir
- Passar fyrir VESA200x100 veggfestingar (fylgir ekki)
- Mál í cm (bxhxd): 80,5x54,6x11,5 og þyngd: 15,5kg




## Philips 37" LCD sjónvarp 37PFL7332

- 37" HD 16:9 LCD Sjónvarp • Upplausn: 1366x768 punktar
- Pixel Plus 2 HD Myndtækni - Eykur línufjölda og skerpu
- Digital Natural Motion og Progressive Scan • HD Ready
- Skerpa: 5.000:1 og svartími: 6ms
- Sjónsvið (H/V): 178/178° og birtustig: 500 cd/m2
- Ljósskynjari og Active Control - minnkar glampa
- 2 x 30w Nicam Stereó Hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround
- 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- USB tengi • Textavarp með 1.200 síðna minni
- Svefnrofi og fjarstýring • Borðstandur með snúningi fylgir
- Passar fyrir Vogels EFW6305 veggfestingar (fylgir ekki)
- Mál í cm (bxhxd): 93,5x62,6x11,8 og þyngd: 20,6kg




## Philips 42" LCD sjónvarp 42PF5421

- 42" HD 16:9 LCD Sjónvarp • Upplausn: 1366x768 punktar
- Digital Crystal Clear og Progressive Scan • HD Ready
- Skerpa 800:1 og svartími: 8ms
- Sjónsvið (H/V): 176/176° og birtustig: 550 cd/m2
- Ljósskynjari og Active Control - minnkar glampa
- 2 x 30w Nicam Stereó Hljóðkerfi
- 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- Textavarp með 500 síðna minni
- Vekjari, svefnrofi, barnalæsing og fjarstýring
- Borðstandur fylgir
- Passar á Vogels EFW6305 veggfestinguna (fylgir ekki)

## United 32" LCD sjónvarp

LTV32W63

- Upplausn: 1366x768 punktar • HD Ready
- Progressive Scan
- Nicam Stereo Hljóðkerfi
- 2 Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi • Textavarp • Fjarstýring
- Passar á Vogels EFW6205 ásamt EFA6875 veggfestinguna (fylgir ekki)
- Stærð í cm (bxhxd): 91,7x51,7x11




## DiBoss 37" LCD sjónvarp

LT37JHM

- 37" HD 16:9 LCD Sjónvarp
- Upplausn: 1366x768 punktar
- Progressive Scan • HD Ready
- Skerpa: 800:1 og svartími: 9ms
- Sjónsvið (H/V): 170/170° og birtustig: 500 cd/m2
- Digital Comb Filter og Antireflex
- 20w Nicam Stereó hljóðkerfi
- 2 Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS og heyrnartólstengi • VGA tengi
- Textavarp með 10 síðna minni
- Fjarstýring • Borðstandur fylgir
- Veggfesting: Vogles EFW6305 (fylgir ekki)
- Mál í cm (bxhxd): 96,2x64x13,6 og þyngd: 25kg




Gildir til 13. júlí eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# ÞORSKKVÓTINN SKORINN NIÐUR

# Aflaverðmæti skerðist um sextán milljarða

**Aflaverðmæti skerðist um 9,2 milljarða og útflutningsverðmæti um 16 milljarða með ákvörðun sjávarútvegsráðherra um 130 þúsund tonna þorskafla. Boðaðar eru auknar hafrannsóknir og margþættar aðgerðir til uppbyggingar stofnsins. Stóra málið að byggja upp stöðugleika segir ráðherra.**

„Við erum með þessari ákvörðun að setja allt okkar traust á vísindin,“ sagði Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra þegar hann kynnti ákvörðun um 130 þúsund tonna þorskafla á næsta fiskveiðiári.

Ákvörðunin er í samræmi við ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar en að hennar mati er stærð veiðistofnsins nálægt sögulegu lágmarki og stærð hrygningarstofnsins helmingur þess sem talið er að gefi hámarksafrakstur.

Á yfirstandandi fiskveiðiári má veiða 193 þúsund tonn af þorski. Skerðingin nemur því 63 þúsund tonnum.

Sérfræðingar Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands hafa metið þjóðhagsleg áhrif samdráttarins. Niðurstaðan er að aflaverðmæti dregst saman um 9,2 milljarða og útflutningsverðmæti um 16 milljarða. Er þá miðað við óbreytt meðalverð þorskafurða og ekki gert ráð fyrir gengisbreytingum.

Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra segir samdráttinn nema 0,5 til 0,8 prósentum af landsframleiðslu. Höggið sé því ekki mikið sé horft til heildarinnar. „Aðalvandamálið er að þessu er mjög misskipt á milli landsvæða. Við sjáum fram á áframhaldandi þenslu á vissum svæðum en verðum að vega upp á móti þessari skerðingu annars staðar.“

Sjávarútvegsráðherra ætlar að grípa til margháttaðra aðgerða til að efla rannsóknir og byggja þorskstofninn upp á ný. Hefur hann falið Hafrannsóknastofnuninni að útfæra nokkrar tillögur í þá átt auk þess að grípa til sérstakra aðgerða til að bregðast við yfirvofandi aflasamdrætti. Einar segir markmiðið augljóst. „Stóra málið er að byggja upp stöðugleika sem byggist á lítlum aflaheimildum svo við getum stefnt upp á við á allra næstu árum.“ **bjorn@frettabladid.is**



**VERÐMÆTI** Minni afli mun berast á land á næsta fiskveiðiári samkvæmt ákvörðun um hámarksafla.

### AFLAMARK NOKKURRA TEGUNDA

**Tölur eru í þúsundum tonna**

| | Ákv. ráðh. | Till. Hafró | Kvótinn nú |
|---|---|---|---|
| Þorskur | 130 | 130 | 193 |
| Ýsa | 100 | 95 | 105 |
| Ufsi | 75 | 60 | 80 |
| Steinbítur | 12,5 | 11 | 13 |
| Karfi | 57 | 57 | 57 |
| Síld | 150 | 130 | 130 |

## Tillögur sem Hafró á að útfæra

- Stofnaður verði faghópur til að fara yfir gæði og eðli togararalls.
- Skoðað verði hvort auka eigi verndun þorsks á hrygningartíma.
- Rannsökuð verði breytt hegðun og útbreiðsla þorsks innan og utan lögsögu.
- Fæðurannsóknir verði efldar.
- Tryggður verði áreiðanleiki veiðiupplýsinga.
- Loðnuveiðar hefjist ekki fyrr en 1. nóvember.

Landsframleiðsla dregst saman um eitt prósent:

## Hlýtur að flýta fyrir stýrivaxtalækkun

Líklegt er að landsframleiðsla dragist saman um 0,5 til eitt prósent vegna þeirrar ákvörðunar sjávarútvegsráðherra að skerða þorskveiðikvótann um 63 þúsund tonn, að mati sérfræðinga greiningardeilda.

Björn Rúnar Guðmundsson, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans, segir erfitt að meta hin endanlegu áhrif skerðingarinnar þar sem yfirlýsing ríkisstjórnarinnar sé almennt orðuð og ekki liggi fyrir hversu víðtækar boðaðar mótvægisaðgerðir verða. „Ef við ættum að skoða þorskkvótann einan og sér þá er stærðargráðan kringum eitt til eitt og hálft prósent af landsframleiðslu. Á móti koma síðan mótvægisaðgerðirnar. Ég gæti trúað að 0,5 til eins prósents samdráttur á landsframleiðslu væri raunhæf spá.“

Greining Glitnis hefur spáð að útflutningstekjur þjóðarinnar dragist saman um sextán milljarða og landsframleiðslan um 0,7 prósent á fiskveiðiárinu. Ingólfur Bender, forstöðumaður, telur einsýnt að kvótaskerðingin flýti fyrir því að vaxtalækkunarferli Seðlabankans hefjist „Þetta hlýtur að flýta fyrir því að Seðlabankinn lækki vexti. Það færi þá svo að vaxtalækkunarferlið hæfist fyrr, en vextir myndu svo lækka minna á næsta ári.“

Björn Rúnar ítrekar að margir óvissuþættir séu í spánni, til að mynda þróun á gengi krónunnar. **- js**



**ÞORSKUR Á FÆRIBANDI** Líklegt er að kvótaskerðing sjávarútvegsráðherra leiði til þess að vaxtalækkunarferli Seðlabankans hefjist fyrr en ella að mati Ingólfs Bender, forstöðumanns greiningar Glitnis. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**FUNDAÐ UM VEIÐIRÁÐGJÖF** Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, telur sjávarútvegsráðherra hafa mótað ábyrga stefnu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafró:

## Ábyrg stefna valin

„Það er mikilvægt að þessi ákvörðun liggur fyrir og tekin hefur verið ábyrg stefna til að bregðast við alvarlegri stöðu þorskstofnsins,“ segir Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar.

„Samkvæmt okkar bestu áætlunum ætti þetta að styrkja þorskstofninn næsta áratuginn. Ef um vanmat af okkar hálfu er að ræða þá getum við vænst bata nokkru fyrr en mikilvægt er að halda því til haga að mat okkar gæti verið of bjartsýnt.“

Jóhann segist hafa fullan skilning á að ákvörðunin hafi verið erfið enda séu hagsmunir einstaklinga, fyrirtækja og byggðarlaga í húfi. Engu að síður hafi niðurstaðan verið óumflýjanleg, að hans mati.

Sjávarútvegsráðherra ætlar að efla hafrannsóknir og segir Jóhann að togararallið, sem er umdeilt, verði eflt og efnt verði til samráðs og samvinnu um það. Fæðuvistfræði loðnu og útbreiðsla þorsks er mikilvægt að rannsaka vegna breytinga í hafinu, segir Jóhann. Æskilegt sé að úthald rannsóknaskipa aukist um 50 til 70 daga á ári en það er nú innan við 200 dagar. **- shá**

## Sérstakar aðgerðir ráðherra

- Starfshópur undir forystu Guðrúnar Marteinsdóttur prófessors á að efla tengsl og upplýsingastreymi milli allra sem starfa við rannsóknir á þorski.
- Verkefnasjóður sjávarútvegsins verður efldur til að auka fjölbreytni hafrannsókna.
- Reglur um framsal, veiðiskyldu, byggðakvóta og forkaupsrétt verða endurskoðaðar.
- Nefnd allra þingflokka á að kanna reynsluna af aflamarkskerfinu.
- Sérstaklega á að skoða hvernig hægt sé að tryggja að skerðing aflaheimilda bitni ekki að mestu á þeim útgerðum sem hafa hlutfallslega hæstar heimildir í þorski.

Frjálslyndi flokkurinn:

## Mótvægisaðgerðir ekki á matardiska



„Ég er ósammála niðurstöðu sjávarútvegsráðherra, ég tel að hann fari allt of neðarlega með þorskkvótann,“ segir Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins. „Sjálfur hefði ég viljað halda kvótanum óbreyttum, ég sé ekkert í skýrslum Hafrannsóknarstofnunar um yfirvofandi hrun í þorskstofninum.“ Hann segir verkafólk og sjómenn ekki geta sett mótvægisaðgerðir á matardiskana eftir sjö vikur þegar nýtt fiskveiðiár hefst. „Það er verið að segja fólki að éta bara eitthvað. Sjávarbyggðir landsins eru nógu illa staddar fyrir.“ **- sþs**

Vinstri græn:

## Mikið áfall fyrir sjávarútveginn



Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, segist ekki gagnrýna þá ákvörðun sjávarútvegsráðherra að fara að ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar, en um leið sé skerðing þorskkvótans gríðarlegt áfall fyrir sjávarútveginn. Hann segir sjávarútvegsstefnuna hafa brugðist í veigamiklum atriðum.
„Það hefur mistekist með öllu að byggja upp þorskstofninn og óumflýjanlegt að endurskoða aðferðafræðina í því sambandi,“ segir hann. „Þegar þorskkvótinn er orðinn svona lítill eykst líka hættan á brottkasti og undanskoti. Það verður að mörgu að hyggja í framhaldi af þessu.“ **- sþs**

Framsóknarflokkurinn:

## Varhugaverður niðurskurður



Valgerður Sverrisdóttir, varaformaður Framsóknarflokksins, telur varhugavert að lækka þorskkvótann í 130 þúsund tonn. Þótt hún hafi vissulega áhyggjur af þorskstofninum verði áhrifin á sjávarbyggðirnar gríðarleg.
„Framsóknarflokkurinn lagði fram þá tillögu að lækka kvótann í 150 þúsund tonn á meðan frekari upplýsinga er aflað um þorskstofninn,“ segir hún. „Það er margt sem hefur ekki verið rannsakað nægilega vegna fjármagnsskorts. Við viljum bæta úr því með því að leggja 400 milljónir króna á þessu ári í rannsóknir.“ **- sþs**

Smábátaeigendur:

## Forsendurnar eru frá annarri plánetu



„Það eru mikil vonbrigði að tækifærið hafi ekki verið notað til að brjóta upp það klassíska fyrirkomulag sem er að hlusta á syrgjendafréttir frá Hafrannsóknastofnun,“ segir Arthur Bogason, formaður Landssambands smábátaeigenda. „Það er okkar sannfæring að reiknilíkön og forsendur Hafrannsóknastofnunar séu miðaðar við allt aðra plánetu en þessa.“
Hann segir niðurskurð þorskkvótans mikið áfall fyrir smábátaútgerð því hún byggi meira á þorski en aðrar. „Ég er hræddur um að þetta eigi eftir að versna ef sama aðferðafræði verður notuð við útreikninga í framtíðinni.“ **- sþs**

Útvegsmenn:

## Ríkisstjórnin mátti fara hægar í sakirnar



„Við hefðum viljað sjá þá fara hægar í sakirnar,“ segir Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna, um niðurskurð þorskkvótans sem tilkynntur var í gær. „Við lögðum til að kvótinn yrði lækkaður í 155 til 160 þúsund tonn, en hann fór alla leið niður í 130 þúsund tonn.“
Hann leggur áherslu á að stjórnvöld fari að taka á peningastefnunni. „Við komumst í gegnum þennan niðurskurð þótt hann verði erfiður, en ef menn ætla að keyra gengið upp á þennan hátt mun það hafa mjög alvarlegar afleiðingar.“ **- sþs**

# 07.07.2007

7 ÁRA cee'd ÁBYRGÐ*




**7 ára ábyrgð. Aðeins með nýjum KIA cee'd.**

KIA
KIA MOTORS
*The Power to Surprise™*

* 7 ára/150.000 km verksmiðjuábyrgð vegna galla í aflrás og 5 ára/150.000 km verksmiðjuábyrgð vegna galla í öðrum hlutum bílsins. Þetta á við um KIA cee'd í öllum EB löndum (auk Noregs, Sviss, Íslands og Gíbraltar).

HEKLA ***KIA umboðið*** á Íslandi er í eigu HEKLU.

**KIA** • Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is

**VEISTU SVARIÐ?**



1. Hvar eru írskir dagar haldnir um helgina?
2. Hvaða knattspyrnumaður hefur skrifað undir fimm ára samning við danska liðið Bröndby?
3. Hvaða gæludýr var notað til að lokka börn inn í rjóður í Breiðholti?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 50

Þyrlur Landhelgisgæslunnar aðstoðuðu vélarvana bát við strendur Grænlands:

# Fastir í hafís í fimm daga

**BJÖRGUN** Þyrlur Landhelgisgæslunnar björguðu þremur mönnum úr sökkvandi báti aðfaranótt föstudags. Að sögn Hjalta Sæmundssonar aðalvarðstjóra var óskað eftir aðstoð gæslunnar vegna níu metra báts rétt fyrir miðnætti á fimmtudag. Var báturinn þá fastur í hafís við austurströnd Grænlands með þrjá menn innanborðs. Danska varðskipið Triton var á sömu slóðum en komst ekki að bátnum vegna íssins. Að auki var þyrla varðskipsins biluð.

Ekki var vitað um nákvæma staðsetningu bátsins en virtist þó sem málið væri ekki mjög alvarlegt í fyrstu. Fljótlega kom þó í ljós að leki var í bátnum og fóru stærri þyrlur Landhelgisgæslunnar, TF-LÍF og TF-GNÁ, á staðinn. Þyrlurnar fundu bátinn sem var við það að verða rafmagnslaus, enda hafði hann verið fastur í ísnum í fimm daga.

Komið var að bátnum klukkan tuttugu mínútur yfir fjögur á föstudagsmorgun og aðeins tíu mínútum síðar höfðu mennirnir verið hífðir um borð í TF-LÍF.

Segir Hjalti björgunina hafa gengið vel og ekkert hafi amað að mönnunum þremur. Þyrlurnar héldu til Kulusuk og lentu á Íslandi síðdegis í gær. **- þeb**



**TF-LÍF** Þyrlur Landhelgisgæslunnar björguðu þremur mönnum úr vélarbiluðum og lekandi bát sem hafði verið fastur við strendur Grænlands í fimm daga. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Írskir dagar á Akranesi:

# Velja þann rauðhærðasta

**FÓLK** Írskir dagar hófust á Akranesi í gær. Lögregla og björgunarsveitir verða með mikinn viðbúnað þar sem búist er við fjölda fólks og verður haldið uppi ströngu eftirliti.

Mikið verður um að vera alla helgina en dagskráin var formlega sett á útiskemmtun í miðbæ Akraness. Þá verður hjólað af stað með sérstakt reiðhjólaverkefni, að því er fram kemur á vefnum Skessuhorn.is.

Dagskráin um helgina verður fjölbreytt og má þar nefna Lopapeysuna, útihátíð írskra daga, og hina árvissu keppni um rauðhærðasta Íslendinginn. **- þeb**






**ÍRAK**

### Tæplega 3.600 látnir

Tæplega 3.600 bandarískir hermenn hafa látist í Írak frá því stríðið hófst í landinu í mars árið 2003, samkvæmt talningu AP-fréttastofunnar. Í gær lést einn bandarískur hermaður.

**VESTMANNAEYJAR**

### Goslokahátíð hafin

Mikill straumur ferðamanna hefur verið til Vestmannaeyja síðustu daga á svokallaða goslokahátíð. Er dagskráin í ár með hefðbundnu sniði en stærri hluti hennar verður þó fyrir börn og fjölskyldur.

**LEIÐRÉTTING**

Ranglega var hermt í Sirkus, fylgiblaði Fréttablaðsins í gær, að kaffihúsið Café Cozy í Austurstræti væri hætt rekstri. Hið rétta er að leigusamningur kaffihússins rennur út á næstunni og hefur hann ekki verið endurnýjaður.



**RÚMENSKIR SÍGAUNAR** Þúsund Róma-sígaunar koma til Ítalíu í hverjum mánuði til að setjast þar að. Myndin er tekin við borgina Lyon í Frakklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Vilja ekki sígaunana

**Innflutningur Roma-sígauna talinn vandamál í Róm. Borgarstjóri Rómar reynir að fækka sígaununum. Yfirvöld hafa sent fyrsta Rúmenann heim.**

**ÍTALÍA** Þúsund Róma-sígaunar koma til Ítalíu í hverjum mánuði, margir þeirra frá Rúmeníu sem gekk í Evrópusambandið um síðustu áramót.

Um sjö þúsund Róma-sígaunar hafa sest að í höfuðborginni Róm; einungis 1.500 þeirra búa í bæjaríbúðum en flestir þeirra eru heimilislausir og hafast við í hreysum sem þeir hafa reist sér. Enska blaðið The Guardian greindi frá þessu í vikunni.

Innflutningur sígaunanna er orðinn svo mikið vandamál að mati stjórnvalda í Róm að borgarstjórinn Walter Veltroni hefur gripið til róttækra en jafnframt umdeildra aðgerða til að stemma stigu við innflutningi þeirra.

Borgarstjórinn fór til þriggja bæja í Rúmeníu, þaðan sem meirihluti sígaunanna kemur; Craoiva, Valarasi og Turnu Severin, í lok júní til að ræða við stjórnvöld þar um hvernig hægt væri að fá sígaunana til að flytja ekki úr landi. Auk þess skrifaði borgarstjórinn undir samkomulag við stjórnvöld í Rúmeníu um samstarf við að senda sígaunana aftur heim í sérstökum tilfellum. Borgarstjórinn hefur líka sagt að stjórnvöld í Róm hyggist byggja fjórar búðir í úthverfum borgarinnar til að hýsa innflytjendurna.

Á þriðjudaginn var stuðst við samkomulag Veltronis og stjórnvalda í Rúmeníu þegar fyrsti Rúmeninn var sendur aftur til síns heima, að sögn ítalska dagblaðsins Corriera della Sera. Um var að ræða fatlaðan mann að nafni Florín B. sem hafði búið á götum Rómaborgar og betlað sér til viðurværis. „Endurkoma Flóríns B. til Rúmeníu sýnir að samkomulagið sem við skrifuðum undir við yfirvöld í Búkarest mun skila árangri. Við getum nú boðið fólki sem á í miklum erfiðleikum eftir að hafa flutt til Rómar möguleikann á að aðstoða það við að fara aftur til síns heima, sérstaklega í tilfellum þar sem um er að ræða fatlaða eða bæklaða einstaklinga sem reyna að hafa í sig og á með betli og eiga í erfiðleikum með að draga fram lífið,“ sagði Walter Veltronis í samtali við Corriera della Sera á miðvikudaginn.

Borgarstjórinn telur að aðgerðir hans muni skila árangri en talsmaður Róma-sígaunanna segir það ólíklegt að margir þeirra muni vilja fara aftur til Rúmeníu þar sem launin sem þeir geti fengið þar séu á milli 1.600 og 3.300 krónur á viku. **ingifreyr@frettabladid.is**





Aukaferðir Herjólfs um verslunarmannahelgina

Herjólfur mun fara eftirtaldar næturferðir um verslunarmannahelgina:

Frá Vestmannaeyjum kl. 23.00 – frá Þorlákshöfn kl. 2.00 eftir miðnætti.

Miðvikudag 1. ágúst • Fimmtudag 2. ágúst • Föstudag 3. ágúst • Þriðjudag 7. ágúst • Miðvikudag 8. ágúst

Bókanir á www.herjolfur.is eða í síma 481 2800 og 525 7700.

EIMSKIP Básaskersbryggju 900 Vestmannaeyjar Sími 481 2800 Fax 481 2991 www.herjolfur.is HERJÓLFUR – milli lands og eyja







Mennirnir á bílnum sem hafnaði í Ljótapolli:

# Ók án ökuréttinda

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Hvolsvelli rannsakar enn slysið sem varð við Ljótapoll skammt frá Landmannalaugum á miðvikudagskvöld. Þar voru á ferð tveir menn með tvær litlar telpur. Bifreið þeirra fór fram af gígbarmi við Ljótapoll og hafnaði í vatninu. Ekki hefur verið skorið úr um hvor mannanna ók bílnum en þeir höfðu báðir verið sviptir ökuréttindum ævilangt.

Að sögn lögreglumanna um allt land er ekki óalgengt að ökumenn sem sviptir hafa verið ökuréttindum gerist sekir um að aka bíl. Við því liggja þungar sektir sem þyngjast enn frekar ef um ölvunarakstur er að ræða eins og grunur leikur á um í þessu tilviki.



**BIFREIÐIN Í LJÓTAPOLLI** Ekki er vitað hvor mannanna tveggja ók bílnum en hvorugur þeirra hefur ökuréttindi.

„Ævilöng svipting gildir eins og gefur að skilja ævilangt en menn geta þó sótt um að fá að þreyta ökuprófið á ný að fimm árum liðnum að því gefnu að þeir hafi ekki brotið af sér,“ segir Óli Ingi Ólason, lögfræðingur hjá lögreglustjóranum í Reykjavík. **- þo**

# AKIÐ VARLEGA

## SMÁRATORG 3
HÆSTA BYGGING LANDSINS

VEGNA FRAMKVÆMDA VIÐ BÍLASTÆÐABRÚ VILJUM VIÐ BIÐJA ÖKUMENN OG AÐRA VEGFARENDUR AÐ SÝNA AÐGÁT Í UMFERÐINNI Á FÍFUHVAMMSVEGI




**ÁÆTLAÐ ER AÐ FRAMKVÆMDUM LJÚKI Í OKTÓBER 2007**

Framkvæmdir við bílastæðabrú á milli Smáratorgs 3 og Smáralindar hefjast á næstu dögum. Við biðjumst velvirðingar á þeim óþægindum sem framkvæmdirnar kunna að valda. Við biðjum ökumenn og vegfarendur að sýna hvor öðrum og starfsmönnum verktaka þolinmæði og tillitsemi meðan á framkvæmdum stendur.

smi
Real Estate Group

Sundaborg 5 | 104 Reykjavík | sími 533 1081 | info@smi.is | www.smi.is



**VEL Í VEIÐI** Þýskir sjóstangveiðimenn voru við veiðar á Suðureyri við Súganda þegar ljósmyndara og blaðamann Fréttablaðsins bar að á dögunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Um 1.300 knattspyrnustrákar etja kappi á N1-mótinu á Akureyri:

# Keppendur hafa verið til fyrirmyndar

**ÍÞRÓTTIR** Þetta hefur gengið alveg frábærlega og strákarnir hafa verið til mikillar fyrirmyndar," segir Magnús Sigurólason, aðstoðarmaður mótstjóra N1-mótsins, sem haldið er á Akureyri þessa dagana. Þar mætast knattspyrnustjörnur framtíðarinnar, 11 og 12 ára strákar af öllu landinu.

Mótið hófst á miðvikudag og því lýkur í dag, laugardag. Fjöldi manns er í bænum vegna mótsins og á fjórða þúsund manns hafa fylgst með mótinu, bæði sem keppendur og aðstandendur. Strákarnir sem keppa á mótinu koma frá 34 félagsliðum og spilað er á 10 völlum í einu. Það er því handagangur í öskjunni en allt hefur gengið að óskum.

„Það hefur ekkert komið upp á. Það rigndi reyndar á fimmtudaginn en það var bara til þess að vökva vellina," segir Magnús. Hann segir að keppnin sé spennandi og strákarnir sýni mikið keppnisskap. „Þeir taka þessu mjög alvarlega og leggja sig alla fram, sama hvort þeir eru að spila um úrslitasæti eða 25. sæti," segir Magnús. **- þo**



**TEKIST Á** Þórsarar og Grindvíkingar slást um boltann. Keppnisskapið er mikið hjá strákunum sama um hvaða sæti er spilað.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS

Skýrsla Sameinuðu þjóðanna:

# Stúlkur fá mun minni menntun

**TÆLAND, AP** Stúlkur eru langt á eftir drengjum í heiminum hvað varðar grunnmenntun, samkvæmt skýrslu frá Sameinuðu þjóðunum.

Asískir sérfræðingar í menntamálum komu saman í Bangkok í vikunni og ræddu málefni stúlkna í grunnskólum. 115 milljón börn í heiminum gengu ekki í skóla árið 2006, þar af meirihlutinn stúlkur, eða 62 milljónir.

Af 781 milljón jarðarbúa sem eru ólæsir eru tveir þriðju konur. Viðurværi fólks byggist að miklu leyti á menntun sem það fékk í barnæsku, samkvæmt SÞ. **- sgj**

Óvenjumikið álag fyrir 7. júlí:

# Stappbókað í snyrtimeðferðir

**NEYTENDUR „Margir eru búnir að panta tíma mánuði fyrir þennan dag," segir Birna Ásgeirsdóttir hjá snyrti- og nuddstofunni Laugum Spa. Hún segir óvenjumikið búið að vera að gera í sumar og sérstaklega núna í vikunni fyrir 07.07. 2007. „Um daginn hringdi kona sem var að fara að gifta sig í september," segir Birna.**

**Á Nordica Spa er einnig mikið álag á starfsfólki fyrir 07.07. 2007 og ekki mikið um afpantanir fyrir stóra daginn eins og í sumum kirkjum landsins. „Það er allt stappbókað hjá okkur og allir biðlistar fullir. Andlitsböð, hand- og fótsnyrting og vax eru vinsæl," segir Agnes Sigurðardóttir, móttökustjóri á Nordica Spa.** **- lbb**

Stjórnvöld í N-Kóreu fá 50 þúsund tonn af hráolíu:

# Loka kjarnorkukljúfi

**SEÚL, AP** Stjórnvöld í Norður-Kóreu sögðu í gær að þau ætluðu að loka helsta kjarnorkukljúfi landsins, Yongbyon, í skiptum fyrir að fá send tíu prósent af þeim 50 þúsund tonnum af hráolíu sem þeim var lofað fyrir að loka honum. Þetta er í fyrsta skipti sem stjórnvöld í landinu segja hvenær þau ætli að loka kljúfinum.

Stjórnvöld í Suður-Kóreu sögðu í gær að þau ætluðu að senda rúm sex þúsund tonn af hráolíu til Norður-Kóreu þann 12. júlí.

Stjórnvöld í Norður-Kóreu skrifuðu undir afvopnunarsamning við Bandaríkin, Kína, Japan og Rússland í febrúar þar sem þau lofuðu að loka Yongbyon-kljúfinum í staðinn fyrir 50 þúsund tonn af hráolíu.

Stjórnvöld í Norður-Kóreu hafa dregið að standa við samninginn vegna þess að þau áttu í deilum við Bandaríkjastjórn eftir að fjárinnistæður þeirra á erlendum bankareikningum höfðu verið frystar. Sú deila var leyst að fullu í síðustu viku.



**KIM JONG IL**

Kim Jong Il, leiðtogi Norður-Kóreu, sagði á fundi við aðstoðarutanríkisráðherra Kína á þriðjudag – eftir að deilan við Bandaríkin hafði verið leyst – að hann ætlaði að standa við afvopnunarsamninginn. Þá tók hann hins vegar ekki fram hvenær hann ætlaði að gera það. **- ifv**



**HÓTEL SAGA** Maðurinn segist hafa verið samferða konunni á salernið en hún neitar því. Vitni var á staðnum sem varnaði manninum inngöngu á salernið í fyrstu.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Lögin skoðuð verði dómurinn staðfestur

**Réttargæslumaður fórnarlambs meintrar nauðgunar er ósammála forsendum og niðurstöðu héraðsdóms. Hún segir sérstakt að byggja á óáreiðanlegum framburði ákærða frekar en einkar trúverðugri stúlkunni.**

**DÓMSMÁL** Margrét Gunnlaugsdóttir, lögmaður og réttargæslumaður stúlkunnar sem kærði ungan mann fyrir nauðgun á Hótel Sögu í mars, er ósátt við sýknudóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá því í fyrradag. Hún segist ósammála mörgum forsendnanna sem dómurinn byggir niðurstöðuna á og telur að ef dómnum verður áfrýjað og Hæstiréttur staðfestir dóminn sé ástæða til að endurskoða löggjöfina um kynferðisbrot.

Tekið er fram í dómnum að framburður stúlkunnar sé talinn einkar trúverðugur en á framburði mannsins hafi hins vegar verið veilur. Margrét segir að í ljósi þess sé sérstakt að tillit hafi verið tekið til lýsingar mannsins á meintri nauðgun og aðdraganda hennar, fremur en framburðar stúlkunnar um sömu atvik.

Maðurinn bar því við að stúlkan hefði ekki streist á móti sér og hann hafi hætt um leið og hún hafi beðið hann um það. Hún segist hins vegar hafa þurft að biðja hann ítrekað. Þá fullyrðir hann að vel hafi farið á með þeim og segir Margrét undarlegt að dómurinn taki tillit til þess þvert á ólíkan framburð stúlkunnar. „Maðurinn er mjög óáreiðanlegur, það kemur fram í dómnum. Svo er þessi framburður hans notaður sem rökstuðningur fyrir niðurstöðunni."

Dómurinn telur ljóst að maðurinn hafi ýtt stúlkunni inn í bás á klósettinu, læst honum innan frá, dregið niður um hana, ýtt henni á salernið og síðan niður á gólf, áður en hann hafði við hana samræði, og fyrir liggi að það hafi verið gegn hennar vilja. Hins vegar segir hann þetta ekki geta talist ofbeldi í skilningi 194. greinar almennra hegningarlaga.

Þessu er Margrét ósammála. „Það að fremja verknað, sem í þessu tilfelli er óumdeildur, með því að yfirvinna viðnám – það er ofbeldi. Síðan er spurningin hvernig þetta viðnám er gefið til kynna. Eins og ég skil ákvæðið, og ef maður les greinargerðina með ákvæðinu, þá er þetta ofbeldi."



**MARGRÉT GUNNLAUGSDÓTTIR**

Fyrir liggur að stúlkan gaf aldrei samþykki fyrir samræðinu. „Það hefur komið til tals að breyta nauðgunarákvæðinu þannig að það segi að nauðgun sé samræði án samþykkis, eins og það er í Englandi og Bandaríkjunum og víðar. Þeim rökum var beitt gegn því að það væri alveg sambærilegt ákvæðinu okkar; að það að fara gegn samþykkisskortinum jafngilti ofbeldi. Ef þessi dómur mun standa óhaggaður þá er ljóst að það er alls ekki lagður sami skilningur í þetta tvennt," segir Margrét. Hún telur að áfrýja eigi dómnum og vonar að honum verði snúið. „Ef ekki þá þarf löggjafinn að hugsa sinn gang."

**stigur@frettabladid.is**









ÚTILEGUÚTSALA
Tjaldaútsalan okkar er hafin. Frábært úrval, frábært verð.
Um 30 gerðir af alvöru tjöldum á stórmarkaðsverði.
Merlin tveggja manna tjald
Fullt verð 12.895 – Útsöluverð aðeins 7.995
Merlin þriggja manna tjald
Fullt verð 13.895 – Útsöluverð aðeins 8.995
Merlin fjögurra manna tjald
Fullt verð 18.995 – Útsöluverð aðeins 11.395
Mallard sex manna tjald
Fullt verð 39.995 – Útsöluverð aðeins 24.995
Mallard fjögurra manna tjald
Fullt verð 27.995 – Útsöluverð aðeins 17.995
Mallard átta manna tjald
Fullt verð 51.895 – Útsöluverð aðeins 31.995
Shrike fjögurra manna tjald
Fullt verð 15.985 – Útsöluverð aðeins 9.995
Shrike fimm manna tjald
Fullt verð 18.995 – Útsöluverð aðeins 11.995
Ron Thompson nestisbakpoki í útileguna á aðeins 3.900 með hverju keyptu tjaldi
Prairie tveggja manna tjald
Fullt verð 9.595 – Útsöluverð aðeins 6.995
Prairie þriggja manna tjald
Fullt verð 11.595 – Útsöluverð aðeins 7.995
Prairie fjögurra manna tjald
Fullt verð 13.695 – Útsöluverð aðeins 9.995
Curlew 6 manna tjald
Fullt verð 34.995 – Útsöluverð aðeins 21.995
Curlew 8 manna tjald
Fullt verð 44.995 – Útsöluverð aðeins 29.995
Hawk fjögurra manna tjald
Fullt verð 45.995 – Útsöluverð aðeins 29.995
Hawk sex manna tjald
Fullt verð 52.495 – Útsöluverð aðeins 32.995
Hawk átta manna tjald
Fullt verð 59.995 – Útsöluverð aðeins 39.995
Eitt mesta úrval landsins af tjöldum í öllum stærðum og gerðum.
Frá einföldum tveggja manna göngutjöldum upp í stór, 8 manna fjölskyldutjöld.
Á tjaldaútsölunni gefum við 20% afslátt af öllum svefnpokum, bakpokum, útileguhúsgögnum, eldunaráhöldum og öðrum útilegubúnaði.
Útsalan er líka í netverslun Sportbúðarinnar – sportbudin.is
Við sendum samdægurs um allt land.
Munið vinsælu gjafabréfin okkar
SPORTBÚÐIN
Sportbúðin býður alla báta og búnað með vaxtalausum Visa og Euro raðgreiðslum til allt að 12 mánaða.
3% lántökugjald og færslugjald er innifalið í mánaðagreiðslum.
Krókhálsi 5 - 110 Reykjavík - Sími 517 8050 - Sportbudin.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ríkisstjórnin svarar prófspurningu.

## Rétt

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR:**

Sjávarútvegsráðherra hefur ákveðið heildarafla næsta fiskveiðiárs. Athugasemdir um þá ákvörðun geta í sjálfu sér falist í því eina orði sem gjarnan er ritað á villulausar prófúrlausnir: Rétt

Til viðbótar má segja þetta: Þjóðin hefur aldrei fyrr verið betur í stakk búin til þess að mæta áfalli í sjávarútveginum. Við slíkar aðstæður hefði verið fullkomið óráð að ganga á svig við ráðgjöf vísindamanna um hámarksveiði úr þorskstofninum. Ríkir framtíðarhagsmunir eru þar í húfi.

Íslenskir vísindamenn eru í hópi þeirra sem fremst standa í heiminum á þessu sviði. Þrátt fyrir mikla þekkingu á hafinu og lífríki þess er þó ekki ólíklegt að mannkynið viti meir um yfirborð tunglsins en fjölþætta leyndardóma undirdjúpanna. Það eru ekki rök fyrir því að sniðganga vísindalega þekkingu. Fremur má segja að það sé áskorun um að bæta hana.

Vitaskuld er það rétt að fjölmargir aðrir þættir hafa áhrif á vöxt og viðgang lífríkisins í sjónum en fiskveiðarnar. Vísindaleg þekking á þessum áhrifaþáttum er mismikil. Hitt er staðreynd sem ekki verður umflúin að eini þátturinn sem unnt er að stýra er veiðin.

Þar af leiðir að skyldur stjórnvalda á þessu sviði eru fyrst og fremst tvenns konar: Í fyrsta lagi að tryggja að vísindastarfið svari eðlilegu kalli tímans. Í annan stað að taka ákvarðanir um nýtingu á grundvelli bestu og víðtækustu vísindalegrar þekkingar sem kostur er á.

Svar ríkisstjórnarinnar við nýjum aðstæðum er í góðu samræmi við þessi grundvallarsjónarmið. Þrátt fyrir margs konar ágreining um aðferðir við fiskveiðistjórnun sýnist vera nokkuð breið pólitísk samstaða um að virða vísindin við heildaraflaákvörðun. Framsóknarflokkurinn skipar sér að vísu á bekk með Frjálslyndum að því er þetta varðar. Það er nýmæli og skýr vísbending um pólitíska tæringu.

Ákvörðun ríkisstjórnarinnar kemur efnahagslega niður með mestum þunga á landsbyggðinni. Yfirlýsing um mótvægisaðgerðir í því sambandi er því hvort tveggja í senn rökrétt og nauðsynleg. Eigi aðgerðir af þessu tagi að vera annað og meira en skammtíma linun þjáninga þurfa þær að virka rétt eins og bætt gróðurmold sem nýjabrum getur sprottið upp úr.

Að svo miklu leyti sem á þessu stigi er ljóst hvað ríkisstjórnin er með á prjónunum um þetta viðfangsefni sýnist það einmitt miða að þessu. Hjá því verður ekki komist að fresta þurfi framkvæmdum í þéttbýli þar sem efnahagsleg áhrif af niðurskurði þorskveiða eru óveruleg. Að óreyndu verður að ætla að því verði tekið af skilningi. Annað væri óábyrgt.

Með engu móti verður því andmælt að undirbúningur þessarar ákvörðunar hefur verið vandaður. Þegar löng reynsla af slíkum ákvörðunum er metin er eigi að síður unnt að færa rök fyrir því að umgjörð og farveg þessara ákvarðana megi bæta.

Á þessum vettvangi hefur til að mynda verið á það bent að koma megi á fót sjálfstæðu ráðgjafaráði sérfræðinga sem yrði eins konar tengiliður milli vísindamanna og ráðherrans. Slíkt ráð gæti metið vísindaleg gögn frá ólíkum rannsóknarstofnunum, annast ráðgjöf til ráðherra og hugsanlega haft takmarkað ákvörðunarvald.

Vísindamennirnir stæðu fjær pólitískum og hagsmunalegum árekstrum og hlutverk ráðherrans lyti meir að langtímastefnumörkun. Breytingar í þessa veru gætu styrkt þetta ákvörðunarferli í framtíðinni. Mikilvægið réttlætir aukið umfang.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson.

Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



ÁRBÆJARSAFN - GOTT HEIM AÐ SÆKJA

OPIÐ ALLA DAGA Í SUMAR FRÁ 10 - 17

*Nánari upplýsingar á vefslóðinni*
*www.minjasafnreykjavikur.is*

Minjasafn Reykjavíkur

ÁRBÆJARSAFN

*Kistuhyl • 110 Reykjavík • Sími 411 6300*

**www.minjasafnreykjavikur.is**

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Gott á Sigló

Þjóðlagahátíðin á Siglufirði fór vel af stað í ár eins og undanfarið. Eftir heldur kaldan fimmtudag birti yfir öllu á föstudag og tóku gestir því fagnandi og voru þó í góðu stuði fyrir. Hátíðin í ár ber heitið Ríma og er áhersla á kveðskap mikill. Því skal engan undra að formaður Kvæðamannafélags Íslands, Steindór Andersen, sé á meðal gesta. Steindór gerir gott betur og er kennari á námskeiði um rímnakveðskap.



### Kvæðabræður

Fleiri kunnir kvæðamenn eru á hátíðinni. Bræðurnir Sigursveinn Magnússon og Örn Magnússon komu í gærkvöld fram í Siglufjarðarkirkju og kváðu tvísöng. Þeir hafa undanfarin ár kynnt sér þjóðlagaarfinn til hlítar og miðlað honum á tónleikum. Margir þekkja Sigursvein betur í hlutverki skólastjóra Tónlistarskóla Sigursveins D. Kristinssonar. Þeir bræður eru ættaðir frá Ólafsfirði og því nálægt sínum æskuslóðum á þjóðlagahátíðinni.

### Samgönguvandi

Bæjarstjórinn skeleggi, Grímur Atlason, velti í gær vöngum yfir samgönguvanda höfuðborgarbúa á blogginu sínu. Ekki er langt síðan Grímur var sjálfur einn borgarbúa, en hann tók við embætti bæjarstjóra Bolungarvíkur á síðasta ári. Eins og hefur mátt ráða af fréttaflutningi síðustu vikur myndast oft miklar teppur í nágrenni borgarinnar mestu ferðahelgar sumarsins. Grímur bendir á að vandinn sé að miklu leyti ógurlegu fellihýsa- og bílasukki síðustu ára að kenna. Bæjarstjórinn veltir fyrir sér hvort ekki mætti nota skattlagningu til að hafa hemil á neyslunni og greiða þannig göturnar. Ekki er víst að samflokksmenn hans í Samfylkingunni taki undir þær hugmyndir þó að hans gömlu flokkssystkin í VG séu þeim örugglega sammála.



sigridur@frettabladid.is

# Að halda sér vakandi



ELLERT B. SCHRAM

**Í DAG** | Á þingi Evrópuráðs

*Í skýrslunni eru nefnd dæmi um blásaklaust fólk, sem hefur þurft að þola þennan ómannúðlega yfirgang, ýmist fyrir rangar sakir eða grunsemdir um sök og sumir jafnvel að því einu að vera af tilteknu þjóðerni!*

Það þarf þrekmenni til að sitja ráðstefnur. Sérstaklega ef þær eru stórar og langvarandi. Ég var nærri búinn að gleyma þessari lífsreynslu minni, þangað til að ég var sendur sem fulltrúi Alþingis á þing Evrópuráðsins í Strasbourg ásamt með alþingismönnunum Guðfinnu Bjarnadóttur og Steingrími J. Sigfússyni. Þau voru bæði gott kompaní og hagvön að heiman. En þarna áttu sæti rúmlega þrjú hundruð aðrir virðulegir þingmenn frá öllum Evrópulöndum, fólk sem tekur sig alvarlega og hefur það fyrir atvinnu að tala úr ræðustólum. Og það liggur einmitt hundurinn grafinn þegar ég er að tala um þrekið. Látum vera það sem þarf af úthaldi til að flytja sjálfar ræðurnar en hitt að sitja undir þeim! Drottinn minn dýri.

Við vorum, Íslendingarnir, samviskusöm að mæta og hlusta og sitja til að koma okkur inn í málin og þetta þing stóð í heila fimm daga og ef menn halda að það sé alltaf skemmtilegt í útlöndum, þá þurfa þeir sömu að hafa bæði yfirnáttúrulegt langlundargeð og ankannalega ánægju af þeirri sjálfspíningu að þykjast vera áhugasamur um öll þau heimsins vandamál, sem hlaðast inn á dagskrána.

### Gamalkunnug rödd

Það verður sem sé ekki af Evrópuráðinu skafið að það lætur sér fátt óviðkomandi þegar alvaran er annarsvegar, einkum og sér í lagi ef það er alþjóðleg alvara. Meðal mála var að finna réttarhöldin yfir meintum sökudólgum í fyrrum Júgóslavíu, misnotkun og niðurlægingu kvenna í auglýsingum og ofsóknir á hendur gyðingum. Ég held að það hafi verið undir tíundu ræðunni um gyðingana, sem ég gafst upp fyrir Óla lokbrá og hrökk ekki upp fyrr en ég heyrði allt í einu gamalkunnuga rödd að heiman og þar var þá kominn með hátalarann, sjálfur Steingrímur joð þar sem hann lét móðan mása um kvenfyrirlitninguna sem auglýsingabransinn og alþjóðafyrirtækin temdu sér. Þar þekkti ég minn mann og það get ég upplýst að hann var hvergi verri á enskunni heldur en í íslenskunni, þegar hann sagði þeim til syndanna. Og ég glaðvaknaði á samri stundu.

### Mannréttindi fótum troðin

Merkilegasta málið sem tekið var fyrir á þessu þingi Evrópuráðsins var þó skýrsla laga og mannréttindanefndar ráðsins (sem ég á nota bene sæti í) um þátttöku nokkurra Evrópuríkja og Atlantshafsbandalagsins í leynilegum aðgerðum Bandaríkjamanna um flutning, meðferð og fangelsun meintra hryðjuverkamanna. Þessi skýrsla er reyfara líkust. Með vitund og vilja NATO var lagt á ráðin um flug og fangabúðir, bandaríska leyniþjónustan, CIA, gerir samninga við Evrópulönd (Rúmenía og Pólland eru sérstaklega tilgreind) um aðstoð og aðstöðu og flug og flutningar á þessum mönnum (svokölluðum hryðjuverkamönnum) er skipulagt framhjá öllu venjulegu flugeftirliti. Fangarnir eru pyntaðir, sveltir og einangraðir og látnir dúsa svo mánuðum og árum skiptir án dóms og laga, án yfirheyrslu, án réttargæslu, án nokkurrar virðingar fyrir mannréttindum eða lögum. Í skýrslunni eru nefnd dæmi um blásaklaust fólk, sem hefur þurft að þola þennan ómannúðlega yfirgang, ýmist fyrir rangar sakir eða grunsemdir um sök og sumir jafnvel að því einu að vera af tilteknu þjóðerni!

Þetta er óhugnanleg lesning. Skýrslan er vel unnin, greinargóð og sannverðug og verður ekki véfengd. Hún er harður dómur yfir því gerræði, þeirri tvöfeldni að segjast í öðru orðinu berjast fyrir frelsi og mannréttindum og í hinu að hafa að engu lög og rétt og virðingu fyrir lífi annarra. Það er smánarblettur á Atlantshafsbandalaginu að taka þátt í slíku leynimakki, það er mikill undirlægjuháttur að ljá máls á að veita bandarísku leyniþjónustunni aðgang að landi sínu til slíkra óhæfuverka og það er auðvitað Bandaríkjamönnum til ævarandi skammar að beita slíku valdi og yfirgangi.

Auðvitað verður að beita hörðu gagnvart hryðjuverkamönnum og skipulögðum samtökum þeirra en slíkt fólk á að draga fyrir dómstóla, láta það standa frammi fyrir gerðum sínum og fá refsingu í samræmi við sekt sína og glæpi. Það er kjarni mannréttinda, það er sú virðing sem við sýnum hvert öðru, jafnvel þótt hryðjuverkamenn séu annarsvegar.

Enda þótt hin mesta þrekmenni eigi það til að dotta undir heimsins alvöru, meðal annars ég, þá dró enginn ýsur, þegar þessi skýrsla var á dagskrá. Hún var sönnun þess og vitnisburður að sameiginlegar málstofur lýðræðisafla og lýðkjörinna fulltrúa eiga stundum rétt á sér. Meðan maður heldur sér vakandi.

# Fjárfestingar Orkuveitunnar

**UMRÆÐAN**

Hitaveita Suðurnesja



ILLUGI GUNNARSSON

Aðdragandi þess að nokkur sveitarfélög á Suðurnesjum ákváðu að nýta forkaupsrétt sinn á hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja er óheppilegur. Ríkisvaldið hafði ákveðið að selja hlut sinn og við söluna voru þau skilyrði sett að orkufyrirtæki í eigu hins opinbera mættu ekki gera tilboð í hlutinn. Þetta skilyrði var sett til þess að koma í veg fyrir að eignarhald á orkufyrirtækjum yrði þrengra en var þegar salan var ákveðin. Forkaupsrétturinn tryggði að ef sveitarfélögin vildu halda hlut sínum gætu þau gengið inn í samninga.

Nú virðist það vera að Orkuveita Reykjavíkur hafi gert samkomulag við tvö af þessum sveitarfélögum um kaup á hlut þeirra. Þessi ákvörðun Orkuveitunnar er í algeru ósamræmi við þá stefnu sem ríkisstjórnin setti. Reyndar hefur Orkuveitan áður vakið athygli manna fyrir fjárfestingarstefnu sína. Á sama tíma og ríkisvaldið dró sig út af fjarskiptamarkaði með sölu Símans fjárfesti Orkuveitan undir forystu R-listans í fjarskiptakerfum og var það rökstutt sem eðlilegur hluti af starfsemi fyrirtækisins.

Fyrirtækið Geysir Green bauð langhæst í hlut ríkisins í hitaveitunni. Forsvarsmenn Geysis Green hafa sagt í fjölmiðlum að fyrirtækið stefni á útrás og vöxt erlendis. Kaup þeirra í Hitaveitu Suðurnesja falla að þeirri stefnu og væntanlega endurspeglast það verð sem fyrirtækið var tilbúið að greiða í þeim áætlunum. Útsvarsgreiðendur, í Reykjavík og í sveitarfélögunum á Suðurnesjum, hljóta að spyrja sig þeirrar spurningar hvort forsvarsmenn þeirra hafi á prjónunum viðskiptaáætlanir sem standi undir því verði sem þeir hyggjast greiða fyrir þann hlut sem nú er sýslað með.

*Höfundur er alþingismaður.*

# Miðborgin til spari

**UMRÆÐAN**
Miðborgin



CARMEN JÓHANNSDÓTTIR

Á dögunum fór fram málþing um framtíð miðborgarinnar sem af einhverjum ástæðum var ekkert sérstaklega vel auglýst, allavega fór það framhjá mörgum verslunareigendum rétt einsog nýju opnunartímarnir sem þessi svokölluðu samtök sem bera heitið Fólkið í bænum auglýstu á sínum tíma. Mér finnst það ótrúleg tilviljun að stofnendur þessara samtaka skuli vinna hjá henni Svövu okkar Johansen sem af einhverjum ástæðum sat við pallborðið á málþinginu. Þá umræðu sem sett hefur verið af stað vegna byggingar á nýrri verslunarmiðstöð í miðborginni ætti alfarið að kæfa í fæðingu.

Einsog fram kom í könnun Capacent voru helstu ástæður fyrir minni umferð í miðborginni fjarlægð frá heimilum margra og skortur á bílastæðum. Síðast þegar ég gáði stóðu hvorki meira né minna en fimm bílastæðahús í nánd við Laugaveginn, ég hefði mun frekar haldið að aðalástæðan væri óútreiknanlegt veðurfar á Íslandi.

Ég skil það mæta vel að meðal Íslendingurinn sem vinnur níu til fimm kjósi frekar að fara í Kringluna þar sem opnunartímarnir eru lengri og hvert sem þú snýrð þér er þjónusta og frí bílastæði. Ekki færi ég að verja þeim tíma sem ég fengi frá 17- 18 á þönum um miðborgina þegar ég veit að ég get tekið því rólega í Kringlunni.

Með öflugu markaðsstarfi og lengri opnunartímum og þá í samráði við alla – ekki aðeins útvalda – væri hins vegar strax hægt að auka umferð um miðborgina. Fólk gæti þess vegna gert sér dag úr bæjarferðinni; ekki bara dundað sér við að versla heldur líka notið þeirra frábæru veitinga- og kaffihúsa sem miðborgin hefur upp á að bjóða. Með umferð á ég þó fyrst og fremst við gangandi vegfarendur, ekki reykspúandi bíla sem silast niður Laugaveginn.

Þó að ekkert sé ánægjulegra á góðum sólardegi en að rölta niður Laugaveginn skil ég að nýbakaðar mæður vilji ekki bjóða börnum sínum upp á mengað loft. Afhverju ekki að breyta Laugaveginum í göngugötu á sumrin? Á að setja verslunarmiðstöð inn í verslunarmiðstöð? Hver er lógíkin í því? Þetta er allt það sama. Það á að varðveita þessi gömlu hús sem setja mark sitt á miðborgina, án þeirra væri engin miðborg.

Og hvað um ferðamennina sem halda viðskiptunum uppi í miðborginni? Mér finnst það ólíklegt að þeir velji verslunarmiðstöð fram yfir sögulegar minjar miðborgarinnar. Ég spyr þig Svava, sem ábyggilega telur þig vera heimsborgara, hvert ferð þú þegar þú ert erlendis? Ferðu í gotneska hverfið í Barcelona, fyrsta hverfið í París, Strikið í Kaupmannahöfn eða velurðu Mall of America? En í Reykjavík? Ferðu frekar á Stjörnutorg í Kringlunni en vinalegan stað í miðborginni?

Á Laugaveginum hefur rekstur aldrei þótt jafn dapurlegur og nú. Jú, við getum kennt verslunarmiðstöðvunum um það enda líka ansi þægilegt að benda á aðra í staðinn fyrir að horfast í augu við vandamálið. Laugavegurinn getur alveg nýtt sömu markaðsaðferðir og gert er í verslunarmiðstöðvunum, því þegar öllu er á botninn hvolft virkar þetta allt eins.

Laugavegurinn er miðstöð sjálfstæðra verslunareigenda og það er mikilvægt að hann verði það áfram. Ég bið ykkur sem stundið viðskipti á Laugaveginum að vera samkvæm sjálfum ykkur, hugsa sjálfstætt og taka ykkur saman um að auka velgengni og huga að viðskiptalífi miðborgarinnar á jákvæðum nótum. Í staðinn fyrir endalaus fjárútlát, rífa niður og byggja nýtt þá eigum við að vinna úr því sem við höfum.

Manneskja, sem mér er afar kær, sagði mér að ef við hefðu alltaf fallega bollastellið til spari gætum við á endanum séð eftir að hafa ekki notað það oftar. Við gætum líka séð eftir því að fara bara í miðbæinn á sparidögum. Mér verður hugsað til Menningarnætur, sem er einn af stærstu viðburðum miðborgarinnar. Hvort viljum við að hún sé haldin í verslunarmiðstöð eða miðborginni?

*Höfundur er ritstýra GetRvk.com*

# Á harða, harða spretti...

**UMRÆÐAN**
Slys á hestbaki



RAGNHEIÐUR DAVÍÐSDÓTTIR

Á nýafstaðinni alþjóðlegri ráðstefnu um mænuskaða sem haldin var hér á landi kom í ljós að alvarlegum slysum í hestamennsku fer fjölgandi hér. Algengasta ástæða hestaslysa er fall af baki þar sem höfuð, háls og bak verða oft fyrir miklum áverkum. Þessi auknu slys vekja nokkurn ugg og jafnframt spurningar um hvernig sporna megi við þessari þróun.

Þótt hjálmanotkun sé mikil í hestamennsku á Íslandi, kemur hjálmurinn þó ekki í veg fyrir annars konar áverka, eins og beinbrot og hálsáverka. „Fall af hestbaki“ er tilgreint sem helsta ástæða hestaslysa. Hestar eru óútreiknanlegar skepnur. Þeir eru flóttadýr og taka því á rás ef þeir óttast eitthvað í umhverfinu. Ef hestur fælist geta viðbrögð knapans skipt sköpum um hvort slys verður eða ekki. Óreyndur hestamaður getur fallið illa af baki. Þá er það því miður algengt að of viljugir og/eða viðkvæmir hestar séu settir undir byrjendur og lítt vana knapa. Fólk ofmetur getu sína og telur sig geta riðið hvaða hesti sem er. Eigandi hestsins tekur það því miður trúanlegt – oft með skelfilegum afleiðingum.

Nú eru hestaferðir í algleymi og því ríður á að menn fari að öllu með gát í þessum efnum. Góð regla er að setja fyrst rólegan og alþægan hest undir þann óvana til þess að athuga getu hans og fikra sig svo uppá við. Hestur sem blindrýkur er eins og stjórnlaust ökutæki og knapinn því í stórhættu.

Það er líka mikilvægt að reiðtygi séu rétt stillt og hæfi þeim sem notar þau. Ístöð eiga helst að vera opin þannig að knapinn dragist ekki með hestinum ef hann fellur af baki. Þá er aldrei of oft minnst á nauðsyn þess að þau séu rétt stillt miðað við fótleggjalengd knapans.

Við skulum þó alltaf minnast þess að hesturinn er lifandi skepna sem getur hnotið eða dottið og þá er fátt til ráða annað en að hafa öryggisbúnaðinn á hreinu, þ.e. opin ístöð, ístaðsólar með öryggisfestingu og góðan reiðhjálm. Þá er vert að ítreka þá staðreynd að áfengi og hestamennska fer illa saman og er oft ástæða alvarlegra slysa.

*Höfundur er forvarnafulltrúi VÍS.*




TAKTU OKKUR MEÐ Í FRÍIÐ!

Þegar þú kaupir gjaldeyri fyrir meira en 20 þúsund krónur eða færð þér MasterCard kreditkort færðu stórt og fallegt **Latabæjarhandklæði** í kaupbæti. Þú getur líka valið að fá þægilegt **kælibox** til að hafa með á ströndina.

**Farðu í fríið með fjármálin á þurru:**

KREDITKORT
- þægilegasti og öruggasti greiðslumátinn í útlöndum

NETBANKINN
- yfirsýn og helstu bankaaðgerðir hvar sem er í heiminum

REGLULEGUR SPARNAÐUR
- leggðu drög að næsta fríi

GREIÐSLUÞJÓNUSTA
- láttu okkur um að borga reikningana

GLITNIR

Opið 10-21




GRÍSALUNDIR
MEÐ SUMARFYLLINGU
2.198 kr. kg
Þú sparar 500 kr. kg




GRÍSAHNAKKI
Í BEIKONMARINERINGU
1.398 kr. kg
Þú sparar 190 kr. kg




TÚNFISKSSTEIK
2.498 kr. kg
Þú sparar 500 kr. kg



VSOP LAMBAFILLET
KONÍAKSMARINERAÐ
2.689 kr. kg
23% afsláttur



Fiorucci Parma skinka
- hreint lostæti!




STÓRLÚÐA
Í SNEIÐUM
1.698 kr. kg
Þú sparar 300 kr. kg

Burger hrökkbrauð!




20% afsláttur




KARTÖFLU-
SALAT
149 kr. pk.

Ótrúlegt verð!




PEPSI MAX
2 LTR
99 kr. 2l

Sýrður rjómi
5 tegundir!




10% afsláttur

NÓATÚN
Bestir í kjöti

# Tilboð
## á lambalæri!



**Grísaspjót Rhodos**
1.198 kr. kg



Úr Kjötborði Nóatúns

Þú sparar 400 kr. kg

NÓATÚNS LAMBALÆRI MEÐ FERSKUM KRYDDJURTUM
1.498 kr. kg.

*Bestir í kjöti, ferskir í fiski og eigum allt á grillið fyrir þig!*



UNGNAUTASIRLOIN
1.798 kr. kg
34% afsláttur



HREINDÝRAFRAMPARTS-SNEIÐAR KRYDDLEGNAR
2.289 kr. kg
15% afsláttur

**Gæða ís á góðu verði!**




20% afsláttur

**Ferskir og ljúffengir ávextir á grænmetistorginu!**

5 á dag ...í allt sumar!



*Verði ykkur að góðu!*

# LOKSINS !

BÚSTAÐURINN SEM ÞÚ BEIÐST EFTIR
VERÐUR TIL SÝNIS OG SÖLU
N.K.SUNNUDAG KL:14 TIL 19

Bústaðurinn er staðs. í landi Leynis að Böðmóðstöðum mitt á milli Laugarvatns og syðri Reykja. Bústaðurinn selst fullkláraður með 100m2 sólpalli ásamt 52 stúta nuddpotti, vandaðri eldhúsinnréttingu, eldavél og ísskáp.Rafmagn, kalt og heitt vatn frágengið

**Nánari upplýsingar í síma 861-6811**



## Viltu skjól á veröndina?

Eigum við ekki að hætta þessari þrjósku.



www.markisur.com
Veðrið verður ekkert vandamál.



Hrein Fjárfesting ehf

REX

Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

## Tjáðu þig!

Stærsta bloggsamfélagið!
Yfir 150.000 notendur!




Viltu sýn'eikkað?

**Ný útlit · Myndaalbúm · Símablogg**

BlogCentral.is
Stæsta bloggsamfélagið á Íslandi




MAÐUR VIKUNNAR

# Besti dagurinn þegar Valur vann

Lífið er ekki bara saltfiskur, sagði Grímur Atlason, bæjarstjóri í Bolungarvík, þegar hann brást við því sem kalla mætti bölmóð um atvinnuástandið á Vestfjörðum í kjölfar áfalla sem sjávarútvegurinn hefur orðið fyrir. Bjartsýnistónninn og baráttuandinn kemur þeim sem þekkja Grím lítið á óvart.

Grímur hefur alltaf haft mörg járn í eldinum, segja þeir sem þekkja hann vel, en allir eru þó sammála um að Grímur sé mikill fjölskyldumaður. „Fyrir utan vinnuna er hann númer eitt, tvö og þrjú fjölskyldumaður,“ segir samstarfsmaður úr tónlistarlífinu.

Hann var í Menntaskólanum við Hamrahlíð á sama tíma og verðandi eiginkona hans, Helga Vala Helgadóttir, leikkona, fjölmiðlakona og lögfræðinemi. Þau kynntust þó ekki í skólanum, heldur kvöldstund eina nokkru síðar, árið 1999 þegar Grímur var nýkominn heim frá störfum í Danmörku. Vinir segja Grím hafa tekið fjölskyldulífið með trompi. Fyrir áttu hann og Helga Vala eina dóttur hvort, og saman eignuðust þau tvö börn til viðbótar og giftu sig árið 2000.

Grímur á sér marga hatta í lífinu. Hann er menntaður þroskaþjálfi, spilar á bassa, hefur verið í ýmsum hljómsveitum og flutt inn tónlistarmenn til tónleikahalds. Hann á sér einnig pólitíska hlið, tók þátt í starfi Vinstri grænna og gekk síðar til liðs við Samfylkinguna.

„Grímur er óvenju skarpur, og óvenju kraftmikill maður. Hann er hiklaus, óhræddur og skemmtilegur maður. Ég segi hiklaus en einhver annar gæti sagt fljótfær, það er hin hliðin á því. Hann er mjög óhræddur við lífið, breytingar og nýjar áskoranir,“ segir vinur og samstarfsmaður.

„Hann er mikil tilfinningavera, hann er ekki þessi ískaldi viðskiptajöfur sem reiknar allt út og framkvæmir síðan, hann framkvæmir yfirleitt fyrst og reiknar svo,“ segir samstarfsmaður úr tónlistarbransanum.

Vinstri græn nutu starfskrafta Gríms um skeið, og sat hann meðal annars í stjórn Reykjavíkurfélags flokksins. Hann bauð sig fram í forvali VG haustið 2005 fyrir borgarstjórnarkosningarnar vorið 2006. Hann hlaut ekki það brautargengi sem hann vildi, lenti í fjórða sæti og færðist í það fimmta vegna kynjareglu. Grímur er ekki skaplaus maður, eins og félagi hans úr pólitík orðar það, og tók ekki sæti á listanum. Ekki leið langur tími eftir það þar til hann gekk til liðs við Samfylkinguna.

„Pólitískt er hann fyrst og fremst mjög krítískur á ríkjandi stefnur, hann er ekki mjög flokkspólitískur, en er róttækur félagshyggjusinni,“ segir fyrrum samstarfsmaður í borgarpólitíkinni í Reykjavík.

Hann segir það hafi ekki átt að koma neinum á óvart að Grímur hafi ákveðið að söðla algerlega um og sækja um og fá starf bæjarstjóra í Bolungarvík. „Ég hefði ekki verið hissa þótt hann hefði farið til Kuala Lumpur. Grímur er svona, það eru stórar sveiflur í hans lífi. Hann er 2,02 metrar á hæð og skrefin eru af þeirri stærðargráðu.“

Vinir fyrir sunnan segja það vissulega hafa komið á óvart að Grímur tæki við starfi bæjarstjóra í Bolungarvík, þótt það hafi ekki komið á óvart að hann hafi söðlað um í sínu lífi. „Hann var mikill 101 Reykjavík maður, svo þetta var ekkert sem blasti við, en hann er ánægður þarna,“ segir einn.

Grímur hefur gaman af því að horfa á fótbolta og spila með vinunum, sem fara auk þess reglulega á leiki Liverpool. „Hann segir gjarnan að besti dagur lífs hans hafi verið 1992 þegar Valur vann Skagann 5-1 á Akranesi þrátt fyrir að hafa verið manni undir. Það lýsir hans íþróttaáhuga ágætlega, hann er Valsari og Liverpoolmaður fram í fingurgóma,“ segir æskuvinur.

Tónlistin hefur líka spilað stórt hlutverk í lífi Gríms, hann spilar á bassa og er í hljómsveitinni Grjóthrun í Hólshreppi. Hann hefur auk þess flutt til landsins fjölda tónlistarmanna í gegnum fyrirtækið Austur-Þýskaland.

Einkenni tónlistarmannsins og tónleikahaldarans Gríms er fyrst og fremst að vera sáttasemjari. „Hann reynir að hugsa út í öll smáatriði, til dæmis reynir hann að gæta þess þegar hann stendur fyrir tónleikum að tónlistarmennirnir fari héðan með góðar minningar,“ segir samstarfsmaður.

## GRÍMUR ATLASON




## ÆVIÁGRIP

Grímur Atlason fæddist 6. desember 1970. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð og fór svo í Þroskaþjálfaskólann, þaðan sem hann útskrifaðist sem þroskaþjálfi árið 1996.

Að loknu námi starfaði Grímur hjá Styrktarfélagi vangefinna sem deildarstjóri, nemi og þroskaþjálfi á árunum 1991 til 1997. Hann starfaði sem forstöðumaður, þroskaþjálfi og ráðgjafi í Danmörku á árunum 1997-1999, og varð forstöðumaður hjá Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra á Reykjanesi frá 1999 til 2000. Grímur varð svo ráðgjafi hjá Félagsþjónustunni í Reykjavík frá 2000 til 2003, og kynningarstjóri hjá Zonet-útgáfunni frá 2003 til 2004. Árið 2001 stofnaði hann fyrirtækið Austur-Þýskaland, sem hefur sérhæft sig í umboðsmennsku og innflutningi tónlistarmanna.

Bæjarstjórn Bolungarvíkur réði Grím sem bæjarstjóra í júlí 2006 og tók hann við starfinu í ágúst það sama ár.

## VANN SÉR TIL FRÆGÐAR

Grímur hefur verið einn þeirra sem hefur haldið bjartsýninni á lofti á Vestfjörðum þrátt fyrir slæmt gengi fiskvinnslunnar og tal um niðurskurð fiskveiðikvóta. Meðfram starfi sínu sem bæjarstjóri hefur hann haldið áfram að flytja inn tónlistarmenn og stendur meðal annars fyrir komu Kim Larsen í nóvember.

## HVAÐ SEGIR HANN?

*„Við höfum enga þörf á bölsýni og barlóm – framtíðin er fyrir vestan!“*

**Af bloggsíðu Gríms, eyjan.is/grimuratlason**

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
8.546 **+0,31%**

**Fjöldi viðskipta:** 433
**Velta:** 4.658 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **ICELANDAIR** | 2,22% | **EIMSKIP** | 0,50% |
| **ÖSSUR** | 1,85% | **TEYMI** | 0,38% |
| **BAKKAVÖR** | 0,86% | **ATORKA** | 0,22% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 89,00 +0,00% ... Atorka 9,00 -0,22% ... Bakkavör 70,30 +0,86% ... Eimskipafélagið 39,70 -0,50% ... Exista 36,60 +0,83 ... FL Group 29,85 +0,17% ... Glitnir 28,80 +0,00% ... Icelandair Group 30,00 +2,22 ... Kaupþing 1.188 +0,25% ... Landsbankinn 38,90 +0,52% ... Mosaic Fashions 17,00 +0,00% ... Straumur-Burðarás 22,46 +0,45% ... Teymi 5,28 -0,38 ... Össur 110,00 -0,38%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Spá allt að 45 prósenta hækkun

Greiningardeildir Landsbankans og Glitnis spá því að Úrvalsvísitalan hækki um allt frá 37 til 45 prósenta á árinu öllu. Úrvalsvísitalan hefur verið á mikilli hraðferð síðustu daga, endaði í 8.546 stigum við lokun markaða í gær, en hún hefur hækkað um 33,32 prósent það sem af er árs.

Greiningardeild Glitnis segir í nýrri spá sinni um hlutabréfamarkaðinn, arðsemi fyrirtækja á markaði góða, rekstur stöðugan og væntingar stuðla að hækkun vísitölunnar. Þá muni greitt aðgengi að fjármagni hafa jákvæð áhrif. Greiningardeildin spáir almennt góðri afkomu hjá fjármála- og fjárfestingarfyrirtækjum og telur að þau styðji að stærstum hluta við hækkun hlutabréfaverðs til ársloka.

Greiningardeild Landsbankans spáir því að Úrvalsvísitalan endi í 8.750 stigum við lok árs. Hún bendir hins vegar á að gengi hlutabréfa hafi hækkað mikið það sem af er árs og telur líkur á að hækkanir á hlutabréfamarkaði verði minni á seinni hluta ársins.

Í báðum spám er mælt með kaupum á bréfum Kaupþings en gert er ráð fyrir að þau hækki mest á árinu. **- jab**



**AF SKJÁ VERÐBRÉFAMIÐLARA** Greiningardeildir Glitnis og Landsbankans spá því að Úrvalsvísitalan hækki um á bilinu 37 til 45 prósent á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**DÆLT Á BÍLINN Í BANDARÍKJUNUM** Mikil eftirspurn eftir eldsneyti vestanhafs í vikunni hefur valdið hækkun á heimsmarkaðsverði á hráolíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Olíuverð í hæstu hæðum

Árásir á olíuvinnslustöðvar við Nígerósa í Nígeríu og mikil eftirspurn eftir eldsneyti í Bandaríkjunum hefur keyrt upp heimsmarkaðsverð en Norðursjávarolía fór hæst í rúma 76 dali á tunnu í gær.

Sambærilegt verð á svartagullinu hefur ekki sést síðan í ágúst í fyrra en þá var það nýkomið niður úr 78,48 dölum á tunnu og hafði aldrei verið hærra.

Greinendur segja í samtali við breska blaðið Financial Times að eftirspurn eftir eldsneyti í Bandaríkjunum hafi náð hámarki í kringum þjóðhátíðardaginn 4. júlí og muni líklega draga úr henni eftir því sem líði á sumarið. **- jab**



**MIÐLARAR FYLGJAST MEÐ VÍSITÖLUNNI** Indverska Sensex-hlutabréfavísitalan sló nýtt met í gær og fór upp fyrir 15.000 stig. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## Sensex-vísitalan í methæðum

Sensex-vísitalan rauk í methæðir við lokun markaða á Indlandi í gær þegar hún rauf 15.000 stiga múrinn.

Vísitalan hefur hækkað um tæp níu prósent á árinu og þykir endurspegla bjartsýni fjárfesta um góðar horfur í indversku efnahagslífi og ágæta afkomu fyrirtækja þar í landi. Þar á ofan benda hagvísar til að verðbólga hafi hjaðnað auk þess sem litlar líkur eru á að stýrivextir muni hækka.

Vísitalan hækkaði um 50 prósent á síðasta ári. Reikna má með að hún hefði hækkað meira ef ekki hefði komið til snögg niðursveifla um mitt ár. **- jab**

## Nýr hjá Actavis

Thomas Heinemann hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Actavis í Þýskalandi en hann mun stýra markaðssókn lyfjafyrirtækisins þar í landi. Actavis gerir ráð fyrir miklum vexti í Þýskalandi á næstu árum.

Heinemann hefur mikla reynslu úr lyfjageiranum en hann hefur unnið hjá nokkrum lyfjafyrirtækjum þar í landi, nú síðast sem markaðs- og sölustjóri hjá þýska lyfjafyrirtækinu CT Arzneimittel í Berlín, að því er fram kemur í tilkynningu frá Actavis. **- jab**



# Undir tyrknesku tungli

Í Dagbók Þráins Bertelssonar er sagt frá mánaskinssiglingu, gestrisnum bræðrum, logandi rakstri, tyrknesku gufubaði og stefnumóti við magadansmær úti í hafsauga.



## KÆRA DAGBÓK

**Þráinn Bertelsson skrifar**

**MIÐVIKUDAGUR, 27. JÚNÍ.**

### Dugnaðarforkar

Við Össur frændi minn höfum báðir yndi af því að spjalla við fólk á förnum vegi og erum forvitnir um bæði lifnaðarháttu fólksins og skoðanir á landsins gagni og nauðsynjum. Það er ekki komið að tómum kofanum hjá Tyrkjum ef þeir hitta ferðamenn sem vilja ræða málin.

Vegna þessa spjalláhuga höfum við komist í kynni við skemmtilega bræður sem einnig eru svo miklir dugnaðarforkar að þeim fellur aldrei verk úr hendi. Samt gefa þeir sér ævinlega tíma til að taka á móti gestum, spjalla og kankast á við þá. Þetta eru Fidanbræðurnir. Þeir eru hingað komnir frá Austur-Tyrklandi og hafa víða ferðast. Alí bey sem fer fyrir þeim hefur meira að segja komið til Íslands.

Í kvöld buðu Alí og Mehmet okkur í ógleymanlega strandferð. Um hálftíma akstur norðan við Marmaris er lítil vík sem heitir Boncuk og þar er tjaldstæði. Fjölskyldur bræðranna eru þar í útilegu því að krökkunum þykir matur í því að fá að sofa í tjaldi á nóttunni og busla í sjónum á daginn. Báðir hafa bræðurnir sótt kvonfang til Finnlands og tóku konurnar Mina og Tina hinum norrænu gestum opnum örmum.

Gestrisnin í þessu tyrknesk-finnska boði var takmarkalaus. Okkur var tekið eins og nákomnum ættingjum og kræsingar bornar á borð.

Þetta var ógleymanlegt kvöld við öldugjálfur, tyrkneskan mána, stjörnuhimin, angan af gróðri og hafi. Í fjarska ljós á einhverri eyju.

Hitinn er 40 stig. Þetta gæti ekki verið notalegra.



**FÖSTUDAGUR, 29. JÚNÍ.**

### Logandi rakstur

Nú er hitinn kominn niður fyrir 40 gráður. Loftið hérna er þurrt og stöðugt nokkur gola af hafi. Ef maður hefur nóg vatn að drekka og getur haldið sig inni frá því að sól er í hádegisstað og til klukkan um þrjú síðdegis hefur maður ekki undan neinu að kvarta.

Jafn sjálfsagt og það er að fara í sundlaugar á Íslandi er að fara hér í tyrkneskt bað. Tyrkneskt bað er raunar gufubað eins og við þekkjum frá Íslandi, en baðsalur og bekkir eru úr marmara. Fyrst fórum við í venjulegt sánabað, síðan í tyrkneska vatnsgufubaðið. Þar inni var hlýtt en til að kæla sig voru þar koparkrúsir til að ausa sig köldu vatni.

Tyrkneskir baðverðir reka mann ekki úr sundfötunum eins og íslenskir stéttarbræður þeirra heldur grípa mann og leggja endilangan á marmaraborð og skrúbba og sápa frá toppi til táar.

Úr gufunni var farið í nuddpott með notalega svölu vatni. Þar hefði ég gjarna setið lengur en ég átti stefnumót við rakara á staðnum. Sá var mikill fagmaður og hrein unun að sjá hann handleika rakhnífinn. Skemmtilegast var þó í lokin en þá kveikti rakarinn á sprittblysi og rak það nokkrum sinnum í eyrun á mér og upp í nefið. Hann var svo snar í snúningum við þessar kúnstir að ég brenndi mig ekki, hins vegar gaus upp mikil sviðalykt. Hún var af þeim stríðu hárum sem taka að vaxa út úr eyrum og augnabrúnum karlmanna þegar hárvöxtur á hvirflinum er tekinn að minnka og leitar út á öðrum stöðum.

Í lokin voru baðgestir lagðir á nuddborð og andlit þeirra þakin með grænum leir sem ýmis lífgrös höfðu verið mulin út í. Leirinn var látinn harðna á andlitunum, síðan skolað burt og þá hófst nudd frá iljum til hvirfla.

Svona meðhöndlun mundi ég láta eftir mér daglega ef ég byggi í þessu lífsnautnalandi. Þetta kostaði 50 lírur fyrir frú Sólveigu en 60 lírur fyrir mig enda fór hún á mis við rakst-urinn. Innifalið var akstur fram og tilbaka á hótelið, samtals um 5.500 kr.

Sá tyrkneski matur sem við höfum fengið hérna er yfirleitt alveg prýðilegur. Nýjungagirnin rak okkur samt á indverskt veitingahús í kvöld. Þetta er fyrirtaks góður staður og heitir Taj Mahal hérna við aðalgötuna í Marmaris sem Íslendingar kalla Laugaveginn. Tvímælalaust eitt af betri veitingahúsum sem ég hef komið á og bjóða upp á indverskan mat; næstum eins gott og Austur-Indíafélagið við Hverfisgötuna. Mikill og góður matur og drykkur handa fjórum fullorðnum og fjórum börnum kostaði samtals 190 lírur. Það eru um 9.000 krónur.

**SUNNUDAGUR, 30. JÚNÍ.**

### Enn af gestrisni

Dagarnir í sumarfríinu eru fljótir að líða. Það er ekkert lát á gestrisni þeirra Fidan-bræðra og eiginkvenna þeirra. Í dag fórum aftur við til Boncuk. Útilegunni var að ljúka og okkur var boðið með til að synda í sjónum og sleikja sólina fram eftir degi. Það var gaman að sjá þennan fallega stað í björtu.

Þarna voru samankomnir gestgjafar okkur Mina og Ali Fidan með börnum sínum Ilhan og Melek og Mehmet Fidan bróðir Alís og kona hans Tina og strákarnir þeirra Adem og Mert, auk þess kom þarna Ahmet sem er elstur Fidan-bræðra. Ennfremur var þarna vinkona Minu og Tinu, Merit, sem er hjúkrunarkona og sömuleiðis af finnsku bergi brotin.

Þarna var buslað í sjónum og legið í sólbaði fram eftir degi og svo var grillað. Það tóku allir hraustlega til matar síns. Því miður var þarna stödd boðflenna nokkur, það var geitungur sem beit Ilhan litla í munnvikið. Hjúkrunarkonan Merit brá við skjótt og gaf honum cortisontöflur til að forða því að hann bólgnaði upp. Til alls öryggis fór Alí með Ihlan litla á slysavarðstofu og lét lækni skoða hann.

Læknirinn gaf Ilhan sprautu og svo sofnaði litli maðurinn og kenndi sér einskis meins þegar hann vaknaði.

**ÞRIÐJUDAGUR, 3. JÚLÍ.**

### Magadansmær úti í hafsauga



Á hæð hérna fyrir ofan okkur er sundlaug og garður með vatnsrennibrautum. Þangað skjögruðum við upp í morgunsólinni.

Börnin eru nýjungagjörn og vilja stöðugt vera að gera eitthvað nýtt. Ég er værukær íhaldsmaður, vil helst gera sem minnst eða þá eitthvað sem ég hef örugglega gert áður. Mér finnst eiginlega meira gaman að lesa ævintýri en taka þátt í þeim.

Næst vildu blessuð börnin fara í siglingu. Það varð úr að við fórum með þau í „tunglskinssiglingu“ til að komast hjá því að steikja þau í sólinni í dagslangri bátsferð. Þrátt fyrir magadansmær sem var öll af vilja gerð að skemmta gestum var þetta ferðalag mikil mistök. Ekki skal ég lasta magadansinn en einhvern veginn hefur mér alltaf fundist magadans álíka þokkafullur og íslensk glíma.

Í þessari siglingu voru leikin dægurlög í forneskjulegt hátalarakerfið og hávaðinn slíkur að brakaði í hverju tré í bátnum. Það eina sem var einhvers virði í ferðinni var hinn fagri tyrkneski máni sem skaust upp á himininn með ótrúlegum hraða – en hann hefðum við sosum getað skoðað af þurru landi.

**MIÐVIKUDAGUR, 4. JÚLÍ.**

### Sorg og samhugur

Hérna á hótelinu gerðist sá sorglegi atburður í dag að einn úr hópi Íslendinganna, maður á besta aldri, varð bráðkvaddur. Samlandar hans hér á gistihúsinu finna sárt til með fjölskyldu hans. Við svona aðstæður eru orð lítils megnug en samúðina má lesa hér úr hverju andliti.

**FIMMTUDAGUR, 5. JÚLÍ.**

### Ferðakvíði



Á morgun förum við heim. Leggjum af stað héðan klukkan átta annað kvöld og fljúgum heim frá Dalamanflugvelli á miðnætti. Ferðakvíðinn er kominn aftur. En þar í móti kemur tilhlökkun eftir að koma heim úr góðu fríi.





NÚ Á 2 STÖÐUM
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA & NJARÐARBRAUT
GARÐVÖRUR
7995
HÁÞRÝSTIDÆLA 60 BAR
8995
HÁÞRÝSTIDÆLA 100 BAR
BLACK & DECKER
2995
SLÁTTUORF 250W
BLACK & DECKER
8995
SLÁTTUORF 400W
19.990
SLÁTTUORF, BENSÍN
9990
LAUFSUGA
1995
ÚÐABRÚSI 5L
4990
HJÓLBÖRUR - VANDAÐAR
1999
STUNGUSKÓFLA
995
GARÐHRÍFA
1999
GAFFALL
695
STRÁKÚSTUR
12.990
KEÐJUSÖG, RAFMAGNS
TILBOÐ!
FLO
12.900
SLÁTTURVÉL, RAFMAGNS
199
GARÐHANSKAR
FRÁ: 99
VINNUHANSKAR
5995
HEKKKLIPPUR, RAFMAGNS
199
GARÐKLÓRA
199
GARÐSKÓFLA
19.990
KEÐJUSÖG, BENSÍN
690
GREINAKLIPPUR - 2 STK.
390
GREINAKLIPPUR
490
GRASKLIPPUR
1523
FJÖLTENGI, VATNSÞÉTT M/ 4 TENGLUM
SNÚRUKEFLI, RAKAÞOLIN ÝMSAR GERÐIR
790
SLÖNGUTENGJASETT - 4 HLUTIR
159
SLÖNGUTENGI
999
GARÐÚÐARI
9995
SLÖNGUKEFLI
1390
GARÐSLANGA MEÐ STÚT OG TENGJUM
Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.
SÍMI 585 2888
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ
RAFVÖRU MARKAÐURINN
Lágvöruverslun með rafmagnsvörur
OPIÐ ALLA DAGA
laugard. 10:00-17:00
sunnud. 12:00-16:00

# RISA-
# ÚTSÖ

## ENN MEIRI VERÐLÆKKUN



**50%** afsláttur

19.990
verð áður: ~~39.980~~

**PARIS** sólbekkur, ál/grár.



7.490
verð áður: ~~14.980~~

4.990
verð áður: ~~9.980~~

**PARIS** garðborð, hvítt/ál þvermál 70 cm.
**EIFEL** garðstóll, ál/svartur.

## VERÐDÆMI:



**40%** afsláttur

**TOSCANA** 3 sæta sófi, B215 x D93 x H49/83 cm. Fæst einnig 2 sæta, B155 x D93 x H49/83 cm, kr. **23.980** verð áður kr. ~~39.980~~ Ósamsettur.

29.980
verð áður: ~~49.980~~



**50%** afsláttur

LA-Z-BOY

**HARBOR TOWN** La-z-boy stóll, B85 x D85 x H45/100 cm.

29.990
verð áður: ~~59.980~~



**50%** afsláttur

LA-Z-BOY

**RIALTO** 3 sæta La-z-boy sófi, B205 x D95 x H49/102 cm.

79.980
verð áður: ~~159.980~~



**WALL STREET** sjónvarpsskápur, hvítur, B98 x D49 x H53,5 cm.

3.196
verð áður: ~~15.980~~

**80%** afsláttur

**OPIÐ ALLA DAGA** Laugardag 11-18 • Sunnudag 13-17


HÚSGAGNAHÖLLIN
ÚTSÖLULOK
50% afsláttur
22.490
verð áður: 44.980
PARIS garðborð, hvítt/ál L:180 B:90 H:72 cm
17.490
verð áður: 34.980
PARIS framreiðsluvagn, H:72 B:48 L:90 cm.
12.490
verð áður: 24.980
PARIS garðborð, hvítt/ál L:90 B:90 H:72 cm.
7.490
verð áður: 14.980
PARIS garðstóll, ál/grár.
VERÐDÆMI:
30% afsláttur
KENT fataskápur, fæst í beyki og kirsuber, B225 x H223 x D55/60 cm.
38.486
verð áður: 54.980
50% afsláttur
TUB stól, fæst í svörtu, brúnu og rauðu bycast leðri. Útlitsgallaðir.
19.990
verð áður: 39.980
36% afsláttur
SARATOGA svefnsófi m/tungu, fæst kakí og antrazit.
69.980
verð áður: 109.980
HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200



GUSTAV MAHLER TÓNSKÁLD FÆDDIST ÁRIÐ 1860

*„Sinfónía þarf að innihalda allt. Alveg eins og lífið sjálft.“*

***Mahler var mjög hjátrúarfullur og óttaðist goðsögnina um tónskáld sem látast við gerð níundu sinfóníu. Þess vegna nefndi hann sína níundu ekki neitt. Hann lést við gerð hinnar tíundu árið 1911.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST** 7. JÚLÍ 1941

## *Bandaríkjamenn hernema Ísland*

Í byrjun seinni heimstyrjaldarinnar á Íslandi, eða þann 10. maí árið 1941, hernámu Bretar Ísland. Ári síðar, þann 7. júlí árið 1941, tóku Bandaríkjamenn við hernáminu á Íslandi og voru hér til stríðsloka.

Bretarnir þóttu heimóttalegir og ekki mjög smart. Þegar Bandaríkjamenn komu þóttu þeir mun flottari. Þeir voru í fallegri búningum, snyrtilegri og voru mikil sjentilmenni. Eitthvað annað en íslenskir sveitadrengir. Viðveru heimasetumanna var misjafnlega tekið en flestir voru þó fegnir hersetu bandamanna, frekar en óvinahers Þjóðverja.

Atvinnuleysi í Reykjavík minnkaði til muna með komu hersins sem fékk fjölda Íslendinga í vinnu. Þar á meðal þvoðu húsmæður þvotta hersetuliða og elduðu mat. Mennirnir unnu við húsa- og vegaframkvæmdir, við flutninga á hergögnum og liði, ásamt lagerstörfum og við annað smálegt.

Hersetuliðar voru vinsamlegir í umgengi við heimamenn og gáfu börnum óspart súkkulaði,



kandís og tyggigúmmí sem var vart fáanlegt á íslenskum heimilum. Fallegar stúlkur fengu nælonsokka og jafnvel sígarettur og líkjör. Stúlkur sem lögðu lag sitt við hersetuliða voru þó oft litnar hornauga og yrðu þær ófrískar var talað um að þær væru komnar í ástandið.

Bandaríkjamenn voru á Íslandi til loka stríðsins árið 1945 og fóru síðustu hersetuliðar af landi brott í apríl 1947.

## MERKISATBURÐIR

**1637** Hornsteinn var lagður að Sívalaturni í Kaupmannahöfn.

**1915** Konur fögnuðu nýfengnum kosningarétti sínum með hátíðarfundi á Austurvelli. Sama dag stofnuðu þær Landspítalasjóð Íslands.

**1922** Lúðrasveit Reykjavíkur var stofnuð upp úr lúðrafélögunum Hörpu og Gígju og er hún elsta starfandi lúðrasveit á Íslandi.

**1978** Salómonseyjar fengu sjálfstæði frá Bretlandi.

**2005** Fjórar sjálfsmorðssprengjuárásir urðu 56 manns að bana í London.

**2006** Syd Barret, einn stofnanda Pink Floyd, lést.




*Hjartanlegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,*

**Kristjáns Péturssonar**

Dverghömrum 18, Reykjavík.

Sérstakar þakkir sendum við því starfsfólki Landspítalans sem hlúði að Kristjáni í veikindum hans og starfsfólki Hamraskóla fyrir alúð og hlýju í okkar garð.

**Auður Thorarensen**
**Sólrún Lísa Kristjánsdóttir** **Olaf Möller**
**Garðar Kristjánsson** **Kristín Snore**
**Magnús Arnar Sveinbjörnsson** **Jófríður Ósk Hilmarsdóttir**
**Axel Örn Kristjánsson**
**Kristján Örn Kristjánsson** **Steinunn Ýr Hjaltadóttir**
**og barnabörn.**



*Frændi okkar,*

**Ólafur Jóhannsson,**

Þangabakka 10, áður til heimilis að Leifsgötu 26,

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju mánudaginn 9. júlí kl. 13.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Erla Ólafsdóttir.**



*Ástkær faðir minn,*

**Ísak Georgsson,**

lést 19. júní sl. í Malmö og var jarðsunginn 1. júlí í Jerúsalem.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Georg Friðgeir Ísaksson.**



*Þökkum af alhug öllum þeim sem sýndu okkur samúð, hlýhug og sendu vinarkveðjur við andlát og útför hjartkærs bróður okkar, mágs og frænda,*

**Sveins Ágústs Haraldssonar,**

Álfholtsvegi 121, Kópavogi.

Sérstakar þakkir til hjúkrunarþjónsutu Karitas fyrir ómetanlega þjónustu, styrk og umhyggju.

**Ingibjörg Haraldsdóttir**
**Hulda Haraldsdóttir** **Þorgeir Ólafsson**
**Hrönn Haraldsdóttir** **Trausti L. Jónsson**
**systkinabörn og fjölskyldur.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5000.


SKÁTAR FAGNA UM ALLAN HEIM: AFMÆLISHÁTÍÐ Á ÚLFLJÓTSVATNI UM HELGINA

# Fyrsta útilegan fyrir öld

Afmælismót íslenskra skáta fer fram á Úlfljótsvatni um helgina. Mótið hófst 5. júlí og stendur til sunnudags 8. júlí. Mótið er liður í hátíðarhöldum skátahreyfingarinnar í tilefni af því að 100 ár eru liðin frá fyrstu skátaútilegunni sem fór fram á bresku eyjunni Brownsea. Þessi útilega markaði upphaf skátastarfs sem breiddist út til fjölmargra landa á fáeinum árum. Í dag telur skátahreyfingin um 38 milljónir félaga í öllum heiminum.

„Afmælishátíðin á Úlfljótsvatni er svona upphitun fyrir alheimsmót skáta sem fer fram fjórða hvert ár. Að þessu sinni á Englandi í lok júlí. Við erum um 430 skátar sem förum frá Íslandi og þetta er einn stærsti viðburður í heiminum þar sem ungt fólk á aldrinum 14-18 ára safnast saman,“ segir Jón Ingvar Bragason, fræðslustjóri Bandalags íslenskra skáta.

Um 400 skátar eru mættir á afmælismótið á Úlfljótsvatni og var það Margrét Tómasdóttir, skátahöfðingi, sem setti mótið. Jón Ingvar býst við að 600 manns muni láta sjá sig um helgina og segir alla hjartanlega velkomna.

Skátastarfið er í mikilli sókn á Íslandi og Jón Ingvar segir um 3.500 skáta á aldrinum 7-22 ára virka í skátastarfi á Íslandi. „Skátastarfið er hollur og góður félagsskapur sem og góður undirbúningur fyrir leiðtogastörf. Enda eru margir helstu leiðtogar landsins skátar,“ segir Jón Ingvar.

Skátarnir eru mikið í útivist og hjálparstarfi en eru líka duglegir við að hafa það gaman saman. „Skátastarfið er lærdómur sem nýtist út lífið. Skátar þurfa að takast á við ýmis verkefni í starfinu. Bæði líkamlegar áskoranir á ferðalögum og líka vitsmunalegar. Það að hjálpa öðrum og læra að vinna í hóp er gífurlega mikilvægt,“ segir Jón Ingvar.

Öllum sem vilja kynna sér starfsemi skátahreyfingarinnar er velkomið að mæta á Úlfljótsvatn og taka þátt í afmælisfögnuðinum. Að sögn Jóns Ingvars verða starfræktar sérstakar búðir fyrir fjölskyldur, eldri skáta og aðra sem hafa áhuga á að kynna sér starfsemina. www.skatar.is **rh@frettabladid.is**



**LITADÝRÐ** Skátar fögnuðu við setningu afmælishátíðarinnar á Úlfljótsvatni og var mörg hundruð litríkum blöðrum sleppt upp í loftið. MYND/ÁRMANN INGI SIGURÐSSON




## 40 ára afmæli

**Jóhannes Elíasson**

**hárskurðarmeistari**

**er fertugur í dag, 7. júlí.**
**Óska öllum landsmönnum til hamingju með daginn.**
**Er staddur erlendis á afmælisdaginn.**


AFMÆLI



**50 Cent** tónlistarmaður er 32 ára.



**Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir** leikkona er 57 ára.



**Patrekur Jóhannesson** handknattleiksmaður er 35 ára.



**Atli Örvarsson** tónskáld er 37 ára.




*Við þökkum einstakan hlýhug og samúð við andlát elskulegrar eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Elínar Sigurðardóttur,**

Fögrukinn 9, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir til hjúkrunarþjónustu Karitas og hjúkrunarfólks LSH, deild 13 G.

**Trausti Ó. Lárusson**
**Auður Traustadóttir** **Guðmundur Á. Tryggvason**
**Anna Kristín Traustadóttir**
**Sigrún Traustadóttir**
**Óskar Lárus Traustason** **Guðrún Pálsdóttir**
**Elín Ósk, Trausti, Svava Dís, Bjarni, Tryggvi, Páll Arnar og barnabarnabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigrún Sigtryggsdóttir Pretlove Hermaníusson,**

áður til heimilis að Oddeyrargötu 24, Akureyri,

sem lést 4. mars sl. í Perth í Vestur-Ástralíu, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju mánudaginn 9. júlí kl. 11. Jarðsett verður frá Illugastaðakirku í Fnjóskadal miðvikudaginn 11. júlí kl. 17. Þeir sem vilja minnast hennar eru hjartanlega velkomnir.

**Fyrir hönd annarra aðstandenda,**
**Brenda Pretlove.**

# Dregin verður út í póstlistanum í viku hverri til 1. september, matarkarfa að upphæð:

# 20.000 KR.

*Bónus býður betur*






## Kíktu á póstlistann –þar er allt að gerast!

# bonus.is

## Birgjum okkur upp í Bónus!

Sama verð um allt land

# Þakklátur fyrir að vera til

Árið 1995 var lítill pólskur drengur búinn að eiga heima í Súðavík í rúmt ár þegar snjóflóð féll á bæinn og hreif með sér 14 mannslíf. Eftir um sólarhrings leit í snjónum, þegar flestir höfðu gefið upp vonina um að fleiri fyndust á lífi, fannst þessi 10 ára gamli strákur, vafinn inn í vatnsrúm. Í dag er **Tomasz Þór Veruson** sæll og glaður 23 ára maður, nýútskrifaður sem viðskiptafræðingur úr Háskólanum í Reykjavík, og sagði ***Júlíu Margréti Alexandersdóttur*** að hann kynni að meta hvern lífsins dag.



**MIKILVÆGT AÐ HALDA ÁFRAM** „Ég hugsa þó alls ekki mikið um þessa lífsreynslu verð ég að segja. Þetta er eitthvað sem gerðist, hluti af minni fortíð, en það er mikilvægt að halda áfram og njóta þess að maður hefur lífið.“ FRÉTTALBAÐIÐ/GVA

Viltu lofa mér því að hafa þetta ekki of dramatískt?“ biður Tomasz blaðamann. Ekkert „martraðirnar leita mig enn uppi“ eða „get aldrei litið fjöllin sömu augum“ í æsifréttatón segir hann og brosir. Enda er Tomasz lítt gefinn fyrir að ræða lífsreynslu sína á dramatískum nótum. Neitaði meðal annars dagblaði hér í bæ viðtali fyrir um tveimur árum þegar fjallað var um snjóflóðin vegna þeirra 10 ára sem liðin voru frá flóðunum á Flateyri og Súðavík. Tomasz segir að blaðamaður þar á bæ hafi hellt sér yfir hann fyrir að vilja ekki koma í viðtal og hundskammað. Þótt hann hafi ekki verið til í að segja sögu sína þá er hann til í það í dag enda er hún ein af þeim litlu sögum sem enda vel.

> Þetta ár, 1995, með flóðinu fyrst í Súðavík og svo á Flateyri, var mjög erfitt og þetta hvílir enn hálfþungt á þjóðinni. Flestum þykir því gaman að heyra sögu mína um hvernig ég komst lífs af. Kærastan mín, hún til dæmis hafði heyrt um strákinn sem lifði flóðið af og var mjög hissa að heyra að það væri ég þegar við vorum að byrja saman.“

### Þakkar Súðvíkingum hve vel gekk að aðlagast

Þótt snjóflóðið marki djúp spor í ævisögu Tomaszar, endar ævi hans hvorki þar né hefst. Sagan byrjar nefnilega í pólskum bæ, Bialystok, alveg við landamæri Rússlands. „Þar sem við bjuggum svo nálægt landamærunum var bærinn undir talsverðum rússneskum áhrifum. Fyrstu 8 ár ævi minnar bjó ég þar með ömmu og mömmu og minnist þeirra með gleði. Pólskir vetur voru mjög kaldir svo hvað veðurfarið varðar voru viðbrigðin við að flytja til Íslands lítil. Helstu viðbrigðin voru þessi hrikalegu vestfirsku fjöll en ég hafði aldrei séð slík fjöll áður þar sem Pólland er nær eitt sléttlendi.“

Móðir Tomaszar flutti til Íslands ári áður en Tomasz kom til landsins og á meðan bjó hann hjá ömmu sinni í Póllandi. Í leit að betra lífi fann hún sig vel á Vestfjörðum og lét svo senda eftir Tomaszi sem kom um 9 ára gamall til landsins. „Ég flutti úr pólskri sveit í íslenska sveit, nema sú íslenska var mun smærri í sniðum. Auðvitað var þetta erfitt fyrst, að kunna ekki tungumálið en ég þakka dvölinni í Súðavík og fólkinu þar hversu vel mér gekk að aðlagast sem og hversu vel ég tala íslensku í dag.“ Enda má ekki heyra á Tomaszi að hann hafi einhvern tímann ekki kunnað íslensku. „Súðavík var eins og ein stór fjölskylda og allir voru opnir fyrir því að kynnast manni og tóku manni opnum örmum. Á þeim tíma var heldur ekkert um þá fordóma gegn Pólverjum sem eru mun meira áberandi í dag. Að minnsta kosti varð maður ekki fyrir slíku fyrr en seinna í lífinu. Fólkið fyrir vestan var alveg frábært.“

### Taldi sig vera að dreyma

Tomasz er jákvæður og glaðlyndur og smitar jákvæðum straumum frá sér. Hann segist í raun bara eiga góðar minningar frá Súðavík þrátt fyrir það sem gerðist árið 1995, þegar hann vaknaði morguninn 16. janúar í snjónum og hélt sig vera að dreyma, eða réttara sagt, staddur í afar langri, ruglingslegri martröð. Martröð björgunarmanna og allra landsmanna var aftur á móti sú, eftir 25 tíma leit, að enginn fyndist á lífi og er björgun Tomaszar því landsmönnum eftirminnileg. „Við mamma sváfum hvort í sínu herberginu en flóðið lenti þannig á hennar herbergi að hún gat sjálf bjargað sér úr flóðinu strax í byrjun. Næstu tímana varð hún því að bíða eftir því að ég fyndist. Flóðið hreif mig með sér langa vegalengd og lenti ég á vatnsrúmi úr næsta húsi og það vafðist einhvern veginn utan um mig. Ofan á mig fékk ég svo fataskápinn minn með öllum fötunum mínum.“ Þessi ótrúlegi vafningur virkaði sem hálfgert hreiður fyrir Tomasz, hélt á honum hita og bjargaði lífi hans. „Ég var mjög kalinn þegar ég fannst en hefði getað verið verri. Ég áttaði mig aldrei á því hvað hafði gerst á þessum 25 tímum. Meðvitundin datt út og inn og ég hélt að þetta væri mjög langur martraðarkenndur draumur. Mér fannst ég fljóta á einhverju, verða sjóveikur og var það auðvitað vatnsrúmið sem skapaði þá tilfinningu. Sem betur fer eiginlega áttaði ég mig ekki á því hvað gerst hafði meðan ég var fastur í snjónum.“

### Mikill áhugi fyrir sögu hans

Þegar Tomasz fannst var hann fluttur til Ísafjarðar þar sem móðir hans beið og dvaldi þar næstu tvær vikurnar. Hann flutti ekki aftur til Súðavíkur og kom þangað fyrst tveimur árum síðar. Hann segist sjálfur ekki hafa haft neinar martraðir á seinni árum, og hlakki alltaf til að fá snjó yfir jól og áramót. Aftur á móti hafi móðir hans skiljanlega alltaf áhyggjur þegar veður sé vont og óttist oft um hann. Þau misstu þó mikið af vinum og meðal þeirra 13 Súðvíkinga sem létust í flóðinu voru mæðgur sem þau Vera og Tomasz leigðu hjá og bjuggu í sama húsi. Stelpan var aðeins tveimur árum eldri en Tomasz. „Ég hugsa þó alls ekki mikið um þessa lífsreynslu verð ég að segja. Þetta er eitthvað sem gerðist, hluti af minni fortíð, en það er mikilvægt að halda áfram og njóta þess að maður hefur lífið. Ég er þó ekkert feiminn að segja frá reynslu minni sé ég spurður og það gerist oft að flóðið í Súðavík berst á tal þar sem ég er staddur án þess að fólk viti að ég lenti í því, það var bara síðast á sunnudaginn sem það var.“ Slíkt hefur líka gerst þar sem Tomasz er nærstaddur og þá sérstaklega verið rætt um „strákinn sem var fastur í flóðinu í 24 klukkustundir“. „Það er svolítið skrítið, jú, þegar maður lendir í því en þetta voru það miklar náttúruhamfarir að það er ekkert skrítið að þetta sitji svolítið þungt á þjóðarsálinni. Manni fannst ótrúlegt að sjá hvað þjóðin stóð sterk saman og breyttist þarna í samheldna fjölskyldu. Þetta ár, 1995, með flóðinu fyrst í Súðavík og svo á Flateyri, var mjög erfitt og þetta hvílir enn hálfþungt á þjóðinni. Flestum þykir því gaman að heyra sögu mína um hvernig ég komst lífs af. Kærastan mín, hún til dæmis hafði heyrt um strákinn sem lifði flóðið af og var mjög hissa að heyra að það væri ég þegar við vorum að byrja saman.“

### Vann BS-verkefnið með kærustunni

Leið Tomaszar og móður hans lá í Kópavoginn eftir flóðið og þar bjó hann næstu árin og gekk í grunnskóla og svo síðar Menntaskólann í Kópavogi. Það var talsvert erfiðara að aðlagast í svo miklu stærra bæjarfélagi og Tomasz segir að þau hafi átt fáa að, enda ekki með neina ættingja fyrir sunnan. Þau hafi þó komist í gegnum fyrstu árin og smám saman hafi lífið orðið auðveldara. „Á heimilinu var töluð pólska og við mamma tölum alltaf pólsku okkar á milli. Ég er Pólverji og með pólskan ríkisborgararétt en ég er búinn að búa hér meira en helming ævi minnar og lít því á mig sem nokkuð venjulegan íslenskan strák. Mér þykir mjög vænt um Pólland og er í miklu sambandi við ættingja mína þar en þar ytra eru litlir möguleikar. Þar væri ég líklega ekki staddur í því starfi sem ég er í dag eða með þá menntun sem ég fékk hér á Íslandi.“

Tomasz útskrifaðist sem viðskiptafræðingur frá Háskólanum í Reykjavík fyrr í sumar og fékk strax vinnu sem sérfræðingur á markaðssviði Spron. Hann segist vera kominn í draumastarfið og finnist fátt skemmtilegra en að vakna á morgnana og fara í vinnuna. Námið tók hann með kærustu sinni, Berglindi Svansdóttur, en þau urðu samferða í gegnum það frá byrjun og útskrifuðust því bæði sem viðskiptafræðingar í júní. „Við Berglind erum búin að vera saman síðan við kynntust í sumarvinnu hjá Frumherja þegar við vorum 18 ára gömul og við erum trúlofuð í dag. Það var frábært að fara í gegnum þetta saman og svo slógum við tvær flugur í einu höggi og unnum BS-verkefnið okkar saman.“

### Miklir fordómar gegn Pólverjum á Íslandi

Lokaverkefni Tomaszar og Berglindar fjallaði einmitt um aðlögun Pólverja hér á landi og kom þar margt forvitnilegt í ljós. „Við tókum viðtöl við marga Pólverja sem búsettir eru hér á landi og þar kom meðal annars í ljós, að líkt og reynsla mín er, gekk þeim Pólverjum sem fluttust í sveit mun betur að aðlagast en þeim sem fluttu beint í þéttbýlið. Í minni bæjun-

## Frétt um björgun Tomaszar úr Morgunblaðinu, 18. janúar 1995



Tíu ára drengur fannst á lífi 23 tímum eftir snjóflóðið vafinn í sæng í rúmi sínu sem lenti úti í garði. „Hann vissi ekki hvað hafði gerst og spurði hvar hann væri. Ég sagði honum eins og var, að hann væri niðri í garði," segir Rafn Pálsson, 24 ára björgunarmaður tíu ára drengs, Tomasz Lupinski, sem fannst á lífi í rústum hússins að Túngötu 7 á Súðavík í gærmorgun, þegar 23 klukkustundir voru liðnar frá því að snjóflóðið féll. Tomasz er frá Póllandi, en hefur búið í Súðavík í rúmt ár, ásamt móður sinni. Hún komst af eigin rammleik út úr húsinu eftir að flóðið féll. Rafn fór til björgunarstarfa frá Ísafirði eftir hádegi á mánudag. „Ég var búinn að fara einu sinni til leitar og var þá í þrjá tíma," segir hann. „Svo fór ég að aðstoða við að reyna að koma rafmagninu á aftur, eftir að seinna flóðið féll á mánudagskvöld. Önnur leit mín hófst svo á þriðjudagsmorgun. Ég var nýkominn á vakt og þeir sem höfðu verið að moka við Túngötu 7 voru búnir að moka ofan af millivegg, sem lá í hallanum fyrir neðan grunn hússins. Ég mokaði undan horni veggjarins og kallaði á strákana að hjálpa mér að lyfta honum. Þegar við hnikuðum veggnum til heyrðist óp undan honum og þar lá Tomasz. Snjóflóðið hafði farið í gegnum húsið, svo aðeins tveir útveggir standa eftir, og sópað öllu sem í húsinu var út úr því."

**Vafinn í sæng í rúminu**

Rafn segir að Tomasz hafi legið í rúmi sínu, vafinn inn í sæng, um 30 sentimetrum fyrir neðan millivegginn. „Flóðið virðist hafa sópað milliveggnum úr húsinu og veggurinn og ýmislegt lauslegt drasl lagst ofan á rúm stráksins. Hann var vafinn inn í sæng og virtist hinn hressasti." Rafn segir að Tomasz hafi talað við björgunarmennina þann tíma sem það tók þá að ryðja ofan af honum. „Hann var greinilega búinn að heyra í okkur lengi, enda höfðu margir gengið yfir vegginn. Hann spurði margs og vissi greinilega ekkert hvar hann var eða hvað hefði gerst. Þegar hann spurði hvar hann væri ákvað ég að segja honum eins og er, að hann væri úti í garði, því þangað hafði flóðið borið hann í rúminu."

**Hleypti nýjum krafti í björgunarmenn**

Rafn segir að það hafi verið ótrúleg tilfinning að finna Tomasz. „Hann var illa marinn í andliti og kaldur á fótum, en virtist annars vel heitur. Í fyrstu ætlaði enginn að trúa því að einhver hefði fundist á lífi eftir allan þennan tíma. Þetta hleypti nýjum krafti í alla björgunarmenn og var eins og vítamínsprauta."

Tomasz Lupinski var fluttur á Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði og er líðan hans eftir atvikum.

um og sveitinni urðu Pólverjarnir strax hluti af fólkinu sem fyrir var og það varð þeim eins og fjölskylda, hjálpaði þeim með tungumálið og að aðlagast. Í borginni gekk Pólverjunum vel að pluma sig á vinnustað, sinntu vinnu sinni vel og gekk vel að blanda geði við Íslendinga. Þegar vinnutíma lauk voru Pólverjarnir hins vegar frekar týndir því þá slitnaði upp úr samskiptunum, Íslendingarnir fóru heim til sín og Pólverjarnir til sinna dvalarstaða. Þeir einangruðust því frekar og lærðu ekki tungumálið."

Tomasz segir að honum finnist fordómar gegn Pólverjum vera að aukast mikið í samfélaginu og það sé sorgleg þróun. Erlent vinnuafl sé duglegt, komi hingað til lands til að skila sinni vinnu og sé einfaldlega að leita sér betra lífs. „Sjálfur verð ég ekki fyrir barðinu á fordómum í dag enda mjög líkur Íslendingi og ég ber það ekki með mér að vera af erlendu bergi brotinn. Í verkefninu okkar kom í ljós að það er þónokkuð af Pólverjum sem orðið hafa fyrir fordómum og maður er alltaf að heyra einhverjar fréttir af Pólverjum sem verið er að hlunnfara eða brjóta á – síðast las ég frétt um það á Vísi, þar sem vinnuveitandinn var að níðast á pólskum starfskröftum sínum. Einnig vantar sárlega upplýsingar til Pólverja hvað varðar réttindi þeirra á vinnustað og slíkt. Ég veit að það er verið að vinna í því en það mætti gerast hraðar því þessi hópur stækkar sífellt og í dag eru um 5 prósent íbúa landsins pólskir. Mamma starfar sem túlkur og hún lendir í því að fara í jafnvel fimm útköll á dag, að túlka á læknastofum og öðrum stöðum. Án þess að geta farið nánar út í það þá eru oft hrikaleg atvik að koma upp."

**Dauðinn ekki óvinur**

En er lífspeki manns sem hefur verið nær dauðanum en flestir ekkert öðruvísi en okkar hinna? „Ég veit það nú ekki. En jú, kannski að því leyti að ég veit að það munaði mjög litlu að ég væri ekki hér, í sambúð með kærustunni minni eða á þessum stað í lífinu. Ég reyni því að njóta mín, velja réttu hlutina, vil vinna skemmtilega vinnu sem gefur mér eitthvað og gera skemmtilega hluti. Við kærastan mín ferðumst mikið um landið, erum mikil náttúrubörn og ég er oftast með ljósmyndavélina mína með í för en það er vinna númer tvö – að taka ljósmyndir," segir Tomasz glaðlega en hann rekur ljósmyndastúdíó ásamt nokkrum félögum sínum úti á Granda og fæst þar við alls kyns verkefni en hann tekur þó skýrt fram að hann sé áhugaljósmyndari. „Og það er annað, sem kannski er asnalegt að segja frá, en ég er ekki hræddur við dauðann.

Hann kemur þegar hann kemur og átti sem betur fer ekki að koma þarna um árið. Þangað til að það gerist ætla ég bara að njóta þess að vera til."


www.ellingsen.is

FLEETWOOD



# Njóttu frelsis
# í Fleetwood Santa Fe

10 fet




## Staðalbúnaður

- Saumlaust Fílon®-þak með sambyggðum Rack Track-teinum, engar berar þéttingar
- Vatnsþolnar eldhúsplötur með saumlausum köntum
- Rafhemlar
- Fjórir stuðningsfætur
- Sveif lyftikerfis þægilega sett í mittishæð
- Grjótþolnar TPO-plötur að aftan og framan
- Stálgrind úr holum bitum
- E-Z Lube Axle™-öxull og öflugar Slipper-blaðfjaðrir
- Álfelgur með krómuðum róm og krómaðri miðju
- Gólf og rúmbotnar úr heilum Structurwood-plötum
- Áfastir rúmfætur
- Þykkir állistar umhverfis vagn eða rúm
- „Posi-Lock"-lyftikerfi úr ryðfríu stáli
- Hurð með álramma í einu lagi
- Undirstöður sæta með máluðum málmramma
- Hurðarþrep með innbyggðu geymslurými
- Öryggiskeðjur með pósitífri læsingu
- Nefhjól sem leggst upp
- Varadekk, festing, felgulykill og vínylhlíf fyrir varadekk
- Skiptur Sunbrella® 302 tjalddúkur með gluggaflipum
- Gagnsæir vínylgluggar
- Efri eldhússkápar velta ekki en sveiflast með fullri geymslugetu
- Djúpur postulínsvaskur
- 3 gashellur
- 9 kg LP-gaskútur og vínylhlíf fyrir gasgeymi
- 80 l vatnsgeymir undir gólfi
- Þétt svampdýna með áklæði
- 53 l gasískápur
- 25 ampera straumbreytir með hleðslutæki
- 12 V rafknúin vatnsdæla
- Útiljós
- Vatnsþolið matborð með saumlausum köntum
- Fóðruð tjöld fyrir gluggum og rúmum
- Skrautkappi allan hringinn
- Truma®-gashitari

## Útilegukortið



Kaupauki! Útilegukortið fylgir öllum Fleetwood-fellihýsum

Takmarkalausir gistimöguleikar um allt land!

## Aðrar upplýsingar

| | |
|---|---|
| Árgerð | 2007 |
| Rafgeymir | 12 V 115 amp |
| Heildarlengd | 508 cm (10 fet) |
| Heildarbreidd | 226 cm |
| Hæð að innan | 203 cm |
| Eigin þyngd | 805 kg |
| Heildarþyngd | 1356 kg |

## Verðdæmi

| | |
|---|---|
| Verð | 1.390.000 kr. |
| Útborgun | 200.000 kr. |

**Mánaðargreiðsla**

**16.919 kr.***

*miðast við 84 mánuði

Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is
Opið mánudaga–föstudaga 8–18,
laugardaga 10–16 og sunnudaga 12–16

Ellingsen
– fullt hús ævintýra




**LAGIÐ SLÓ ÓVÆNT Í GEGN** Strákarnir í Sprengjuhöllinni eru hressir en þeir eiga sumarsmellinn „Verum í sambandi“ sem er að gera allt vitlaust.

# Viljum vera vinsælir

**Sprengjuhöllin** er vinsælasta hljómsveit Íslands um þessar mundir. Sumarsmellurinn „Verum í sambandi“ hefur trónað á toppi Tónlistans vikum saman. *Hanna Björk Valsdóttir* kynnti sér galdurinn á bak við bandið á hljómsveitaræfingu eitt sólbjart sumarkvöld.

Atli Bollason hringir og spyr hvort ég geti komið núna. Samt er korter þangað til æfingin á að byrja. Ég sem hélt að allar hljómsveitaræfingar byrjuðu seint og um síðir. En þetta er víst popphljómsveit en ekki rokkhljómsveit. Strákarnir pikka mig upp á rauðum jeppa og eru mjög herramannslegir. Bergur Ebbi kvartar yfir þreytu alla leiðina í æfingarhúsnæðið. „Ég er geðveikt búinn að vera að reyna að koma mér í stuð. Ég ætla nefnilega að eiga besta kvótið í viðtalinu.“

Þegar við komum í húsnæðið setjast Bergur Ebbi, Snorri, Atli, Georg og Siggi í sófann tilbúnir að láta allt flakka. „Það er miklu meira IQ í þessari hljómsveit en flestum öðrum,“ segir Bergur Ebbi strax en dregur það aðeins tilbaka þegar kemur í ljós að enginn af þeim hefur farið í greindarpróf. „Ég hef aldrei viljað taka svona próf. Ef ég mældist kannski undir meðallagi greindur, væri bara einhver Forrest Gump, það væri hræðilegt.“

Strákarnir eru allir úr Menntaskólanum við Hamrahlíð. Tveir þeirra útskrifuðust úr Háskólanum í vor. En hver skyldi þá vera klárastur? „Við vinnum saman sem ein heild. Við erum allir sérhæfðir. Siggi er til dæmis núverandi Íslandsmeistari í mjólkurkaffilist, í „latte-list“. En hann færir fórnir fyrir hljómsveitina. Fer ekki út til Belgíu að keppa eins og hann átti að gera,“ segir Georg. „Mig langar ekki að fara,“ heyrist í Sigga og það er um það bil allt sem hann hefur að segja.

### Á leið í stúdíó

Efni í plötu er langt komið. Bara eftir fíniseringar og textabrot. Þeir mæta á hverjum degi í æfingarhúsnæðið til að undirbúa plötuna. Það þarf að fylgja hittaranum eftir og nota „hæpið“ Bergur Ebbi og Snorri semja flest lögin og Bergur flesta textana. „Ég ætla að vera með eitt lag á hverri plötu. Svona eins og George Harrison,“ segir Atli. „Ég og Georg erum heimsku gæjarnir,“ grínast Siggi. „Við erum ryþmaparið,“ leiðréttir Georg. „Við erum allir mjög duglegir við að útsetja saman. Við vorum til dæmis búnir að rembast við vinsælasta lagið okkar, „Verum í sambandi“ í marga mánuði. Það virkaði aldrei.“

Og Snorri tekur undir það. „Það þarf eiginlega að koma fram að Birgir Ísleifur Gunnarsson hjálpaði okkur mikið við útsetninguna.“

„Verum í sambandi“ sló óvart í gegn. Þó að strákarnir setji takmarkið alltaf hátt þá höfðu þeir enga rosa trú á því að þetta lag myndi verða sprengja. Þetta var bara sætt lag.

„Þetta er svona „touchy“ og tilfinningaríkur texti. Annaðhvort hefði fólk gripið þetta eða ekki,“ útskýrir Snorri sem samdi lagið. „Það sama gildir eiginlega um hljómsveitina.“

### Ekkert grín

Hljómsveitin varð til fyrir rúmu ári. Fólk var ekki með það á hreinu í byrjun hvort þetta væri einhver einkahúmor eða grín. En strákarnir þvertaka fyrir það.

„Ég og Bergur höfum oft setið á kvöldin og talað um hversu frægir við ætlum að verða,“ segir Georg og Bergur hlær mjög hátt og bætir við, „þetta er bara eins og lífið. Auðvitað er grín í raunveruleikanum.“

Og allt sem þeir gera er útpælt. „Á fyrstu tónleikunum vorum við ótrúlega æstir og rifum fólk með okkur. Fólk vissi ekkert hvernig það átti að haga sér,“ lýsir Georg. „En það smitaði útfrá sér.“

„Það eru ekki alltaf nein rosaleg gæði á flutningi hjá okkur,“ viðurkennir Bergur Ebbi. „Gæðin koma bara annars staðar frá, einhver frumkraftur, lífskraftur sem keyrir okkur áfram,“ segir Atli ákafur. Og í því mætir ljósmyndarinn …

### Myndataka og rúllukragabolir

„Ég get ekki látið taka mynd af mér,“ segir Georg. „Er myndataka?“ spyr Snorri. „Hvað, mættirðu í tweed-jakkanum þínum bara að gamni?“ spyr Bergur Ebbi og Snorri hlær, meðan Georg segist vera ógeð og spyr hvort hann geti verið í svörtum plastpoka. „En ef ég tek bara nokkrar magaæfingar, þá er þetta kannski í lagi?“ segir Georg og nær sér í flíspeysu. „Þetta er ekki flíspeysa, þetta er high-tech peysa.“

Ég spyr hvort þeir séu ekki með samræmt „dress-code“. „Sko,“ svarar Bergur Ebbi. „Við erum rosalega mikið fyrir þessa hljómsveitapælingu. Gullaldartími hljómsveita var sixtís og að mörgu leyti var það gullaldartími popptónlistar. Þessi fjögurra-pís tónlist: trommur, bassi, gítar og söngur. Harmonía. Þannig að við höfum alltaf litið til sixtís. Til dæmis vorum við ógeðslega mikið að spá í búninga. Ekki endilega til að vera eins og frá þessum tíma heldur var pælingin að vera allir eins.“

Georg tekur við: „Sú hugmyndavinna endaði þannig að ég og Bergur vorum sendir í Kringluna með ógeðslega lítinn pening og við enduðum í 17 að kaupa einhverja rúllukragaboli.“

„Við ætluðum að taka klassíska Bítla-rúllukragalúkkið,“ útskýrir Bergur Ebbi.

> Ef þetta væri ástarsamband þá værum við komnir yfir þriggja mánaða daðurtímann þegar allt er voða spennandi.

„Þannig að við keyptum fimm stykki af rúllukragabolum og skikkuðum alla til að eiga svartar, þröngar gallabuxur við. En þetta passaði ekkert á okkur alla. Ég er alveg númmer 33 meðan Bergur notar 12 þannig að við enduðum í Gyllta kettinum daginn fyrir tónleika og ég ætlaði í þessar svörtu buxur. Það þurfti að leggja mig í gólfið á meðan Bergur og ein búðarkonan og vinkona hennar náðu að hysja upp um mig buxurnar. Svo náðum við að loka þeim og þá vorum við bara góð,“ segir Georg hlæjandi.

En spiluðu þið í rúllukragabolunum?

„Já, kannski fimm sinnum, fólk fílaði þetta alveg en svo kom upp rosalegur ágreiningur um þetta mál og Snorri sagði bara: „Ég ætla að vera í skyrtu.“

Snorri útskýrir. „Þetta byrjaði sko þannig að minn bolur skrapp eitthvað saman.“ „Iii, bara þinn bolur“ skýtur Atli og hinir hlæja. „Þannig að það var bara bumban út og eitthvað fáránlegt,“ segir Snorri. „Þá ákváðum við að þrír myndu vera í bolunum og tveir í hvítum skyrtum með bindi. En síðan gekk það ekkert upp. Á næstu tónleika mætti Snorri bara í gulri skyrtu,“ segir Georg. „Hann vildi meiri futuristic búninga,“ heyrist í Berg Ebba.

### Sjálfskipaðir poppfræðingar

„Við erum allir sjálfskipaðir poppfræðingar. Við kunnum poppfræðin upp á 10,“ segir Bergur Ebbi eftir mikla umræðu um sölupælingar.

Og hver er þá yfirlýst tónlistarstefna ykkar?

„Popptónlist“ segja þeir allir í einu.

„Ég hef pælt rosalega mikið í þessu og eina sem gerir popptónlist að poppi er að það sé vinsælt. Það er bara

**Reiki**
Heilunar- og sjálfsstyrkingarnámskeið RVK
FYRIR BÆTTA LÍÐAN OG BETRI STJÓRN Á LÍFI ÞÍNU
Kvöld- og helgarnámskeið í boði, næstu námskeið eru:
I. stig kvöldnámskeið 9. – 11. júlí
II. stig kvöldnámskeið 17. – 19. júlí
pantanir óskast staðfestar



Guðrún Óladóttir
reikimeistari og hómópati
Þeir sem hafa áhuga á framhaldsnámskeiði í sjálfsstyrkingu hafi samband.
Pantanir í síma 553 3934, milli kl. 10 og 13 virka daga.



**Vinnuvélaeigendur!**
Veljið réttu dekkin undir vélarnar
GALAXY
Þrautreynd vinnuvéladekk fyrir flestar gerðir vinnuvéla.
“TRAUST vara á góðu verði“
Iðnaðarmynstur fyrir Traktorsgröfur og Skotbómulyftara
Afturdekk - felgustærðir 24 - 28 tommur.
Framdekk - felgustærðir 18 og 20 tommur



Flestar stærðir til á lager!
Krókhálsi 16, Reykjavík - Gleráreyrum 2, Akureyri - Sími 588 2600 - www.velaver.is VÉLAVER



vísir www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR




Hinn þýski BMW M6 er í miklu uppáhaldi hjá Brynjari Smára Þorgeirssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Bílarnir eru einkadella

***Brynjar Smári Þorgeirsson kvartmílukappi er með meðfædda mótordellu og veit ekki lengur bíla sinna tal.***

„Bíladellan er algjörlega meðfædd. Ég man ekki eftir mér öðruvísi en með áhuga á mótorhjólum og bílum. Ég byrjaði snemma að fást við skellinöðrur sem síðan urðu að mótorhjólum og alltof mörgum bílum,“ segir Brynjar Smári Þorgeirsson, bílasmiður og kvartmílukappi.

Brynjar hefur stundað kvartmílusportið af krafti síðastliðin þrjú ár og er bara rétt að byrja. Sportið er að eigin sögn bara áhugamál og hann segir fæsta vera í atvinnumennsku á Íslandi.

Hinn þýski BMW M6 er einn af uppáhaldsbílum Brynjars. Hann er árgerð 2006 og er í daglegri notkun og auk þess hampaði Brynjar Íslandsmeistaratitli í drifti á honum í fyrra.

Markmiðið að sögn Brynjars er ekki endilega að komast sem hraðast, heldur bara hafa gaman af. Í bílskúrnum á hann óteljandi bíla og hjól en segir Mustang árgerð 2006 vera í mestu uppáhaldi þessa dagana.

Stefnan er tekin á sjö mót í ár á vegum Kvartmíluklúbbsins og á döfinni er einnig ferð til Þýskalands til að keyra.

Brynjar er menntaður bílasmiður og -málari og rekur fyrirtækið Kópsson. Þar er hann á kafi í bílum og mótor upp fyrir haus og fær fullan stuðning heima við. „Þetta er svona mín einkadella heima, en litli bróðir er nú samt á kafi í þessu líka. Við fæddumst víst báðir með delluna,“ segir Brynjar hlæjandi. Nánari upplýsingar um kvartmílu er að finna á síðunni: www.kvartmila.is

*rh@frettabladid.is*










Selena
NÝ SENDING AF SUNDFÖTUM
frá Lepel og Panache
Bikinísett - Tankinísett - Sundbolir
Skálastærðir 32 - 38 A/B, C/D, DD/E, F/FF
Buxur - Boxer st. 38 - 44
Verð frá 6.400 - 11.000 kr.
Selena Síðumúla 3, sími 553 7355
Sumaropnun: 10-18 virka daga, 11-15 laugardaga

*Glæsilegt úrval af undirfatnaði við öll tækifæri*




**Grænland** er spennandi land sem fáir hafa sótt heim. Hópferðamiðstöðin Trex stendur fyrir gönguferð á norrænar slóðir, þ.e. á Grænlandi dagana 20. til 27. júlí. www.trex.is



Ferðamannabólusetningar og ráðgjöf
tímapantanir í síma: 535-7700
ferðavernd
Læknasetrið Mjódd, www.ferdavernd.is
Þönglabakka 1 ferdavernd@ferdavernd.is



Veiðikortið 2007
veidikortid.is


Nú enn fleiri vatnasvæði!
29 vatnasvæði
fyrir aðeins 5000 krónur!
Handbók með ítarlegum upplýsingum, kortum o.fl. fylgir!
Fæst á N1 í veiðivöruverslunum og á www.veidikortid.is



Mallorca
í júlí
Sértilboð - Club Cala D'or Park
frá aðeins kr. 39.990
Aðeins örfáar íbúðir!


Bjóðum nú síðustu sætin til Mallorca í júlí á frábæru tilboði.
Bjóðum einstök kjör á gistingu á Club Cala D´or Park íbúðahótelinu á Cala D´or, 13., 20 og 27. júlí. Fjölskylduvænt íbúðahótel sem býður upp á góða gistingu og notalega stemmningu. Njóttu lífsins á þessum vinsæla áfangastað.
Verð kr. 39.990
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn saman í íbúð m/1 svefnherbergi í viku. Aukavika kr. 14.000.
Verð kr. 49.990
Netverð á mann , m.v. 2 fullorðna saman í íbúð m/1 svefnherbergi í viku. Aukavika kr. 14.000.
Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is


# Hálendisgæsla í allt sumar

***Björgunarsveitir Slysavarnafélagsins Landsbjargar verða tiltækar á hálendinu í sumar.***

Ólöf Snæhólm Baldursdóttir, upplýsinga- og kynningarfulltrúi Slysavarnafélagsins Landsbjargar, segir umferð um hálendið hafa aukist mikið á síðustu árum, sem hafi aftur orðið til þess að útköllum hefur fjölgað. Félagsmenn brugðust við með því að koma á fót sérstakri hálendisgæslu og hefur starfið gengið vonum framar.

„Þetta er þríþætt verkefni," segir Ólöf. „Að fækka slysum, veita ferðamönnum aðstoð og upplýsingar og vera með viðbragðseiningar á hálendinu. Í sumar verða fimm björgunarsveitir tiltækar á hálendinu allan sólarhringinn yfir ferðamannatímann og er nóg að hringja í Neyðarlínuna, 112, til að óska eftir aðstoð."

Að sögn Ólafar var verkefninu hrundið af stað á síðasta ári vegna fjölgunar útkalla á sumrin, sem áður fyrr var næstum rólegur tími fyrir björgunarsveitir landsins. „Undanfarin ár hafa mörg alvarleg slys og nokkur banaslys átt sér stað upp á hálendinu," bendir hún á. „Það sýndi sig síðasta sumar að full þörf er á þjónustu af þessu tagi."

Hálendisgæslan er nýjasti liðurinn í starfsemi Slysavarnafélagsins Landsbjargar, sem hefur fyrir utan björgunarstörf unnið ötult fræðslustarf. Í því samhengi má nefna bækling um akstur á hálendinu, sem var settur í bílaleigubíla ferðamönnum til glöggvunar.

Hvað sem fræðslustarfinu líður eru björgunarsveitirnar enn að hjálpa illa útbúnum Íslendingum með ónóga þekkingu á hálendinu eða erlendum ferðamönnum sem lenda í ógöngum, til dæmis við að aka á litlum bílum yfir ár, að sögn Ólafar.


Ólöf segir það hafa sýnt sig að full þörf er á þjónustu eins og hálendisgæslunni.
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

„Maður getur víst aldrei tekið of oft fram hversu mikilvægt er að vera vel útbúinn og búa yfir góðri staðarþekkingu áður en lagt er af stað," segir Ólöf. „Fara á fleiri en einum bíl og helst með vönum aðila. Athuga veðurspá og fara eftir henni. Hafa ferðaáætlun og láta aðra vita af fyrirhugaðri ferð. Því þá veit alltaf einhver af ferðinni, skili maður sér ekki til byggða og þá er samstundis hægt að hefja eftirgrennslan. Því fyrr sem við vitum eitthvað og getum farið af stað, því meiri er árangurinn."

*roald@frettabladid.is*



PREVEN'S
PARIS
HREINSIKLÚTAR
í vasann og veskið!
Hreinsa og fríska augu vanr og andlit



Kvartmílukeppni í dag 07/07/07 klukkan 13.00 á kartmílubrautinni. Ný og öflug tæki. www.kvartmila.is





Fræðasetrið Geysisstofa í Haukadal er skemmtilegur viðkomustaður á ferð um Ísland.

# Upplifðu jarðskjálfta

***Geysisstofa í Haukadal er með lítið en spennandi fræðasafn þar sem er hægt að upplifa jarðskjálfta af eigin raun.***

Fræðasetrið Geysisstofa í Haukadal er skemmtilegur viðkomustaður á ferð um Ísland. Í setrinu er að finna fræðslu um eldgos, jarðskjálfta, jökla, hveri, fossa, vatnsbúskap og gróðurfar.

Einnig eru gestir leiddir í gegnum sögu lands og þjóðar með ýmsum miðlum. Bæði með máli, myndum og hljóði. Þar er einnig hægt að upplifa jarðskjálfta á 5,6 á Richter af eigin raun.

Geysisstofa er hönnuð af Guðmundi Jónssyni arkitekt, sem hefur hannað mörg svipuð verkefni tengd menningu og ferðaþjónustu.

*- rh*


**Hreinn bíll** kemur öllum í gott skap og hörkuform. Til hvers að fara á bílaþvottastöð? Alveg eins er hægt að skella sér út með moppu og sápuvatn og gera þetta sjálfur.


# Sprenging í hjólasportinu

***Karl Gunnlaugsson, eigandi Moto, segir gríðarlega söluaukningu hafa orðið á mótorhjólum að undanförnu.***

„Það hefur algjör sprenging orðið í sportinu, sem sést meðal annars á gríðarlegri söluaukningu á hjólum,“ segir Karl Gunnlaugsson, eigandi Moto, sérverslunar með mótorhjól og fylgibúnað, sem er til húsa að Rofabæ 7. „Til marks um það seldust í kringum fjörutíu mótorhjól árið 2001 þegar við opnuðum. Í dag seljast yfir 200 hjól á ári.“

Karl segir ýmsar ástæður fyrir auknum áhuga á mótorhjólum á Íslandi. Hann rekur hann meðal annars til þess að félög eins og Vélíþróttaklúbburinn, sem annast keppnishald, og Mótorhjóla- og sleðasamband Íslands, sérsamband sem var stofnað í fyrra innan Íþróttasambands Íslands, haldi úti öflugu starfi.

Karl segir ennfremur að bættum skilningi yfirvalda sé að þakka, þar sem þau hafi úthlutað Vélíþróttaklúbbnum sérstöku svæði við Litlu kaffistofuna fyrir þremur árum. Með því móti hafi félagsmeðlimir loks getað iðkað íþróttina á löglegu svæði en ekki utan vega, sem hefur sætt harðri gagnrýni.

„Svæðið og verslanir eins og Moto hafa átt sinn þátt í að gera íþróttina, búnaðinn og þekkinguna aðgengilegri og skemmtilegri fyrir almenning,“ útskýrir Karl. „Íþróttin hefur þar af leiðandi smám saman breyst úr einkaíþrótt ungra manna yfir í fjölskyldusport.“

Máli sínu til stuðnings bendir Karl á að kúnnahópur Moto hafi tekið snörpum breytingum á undanförnum árum. Til hans leiti sífellt fleiri konur, börn, ungmenni og fólk alveg upp í sjötugt. „Við höfum brugðist við breytingunni með auknu vöruúrvali. Til dæmis með því að taka inn sérstakan hlífðarbúnað. Eins stærri ferðahjól og búnaðinn sem þeim fylgir, svo sem töskur og GPS-tæki. Enda allt gert til að kúnninn fari héðan ánægður.“

*roald@frettabladid.is*




Karl Gunnlaugsson fyrir framan verslunina Moto sem hefur verið flutt yfir í Rofabæ 7. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


JCB TRACKMAKERS Slitsterk og endingargóð

Eigum til á lager GÚMMÍBELTI undir flestar gerðir mini- beltavéla.




VÉLAVER HF

Krókhálsi 16, Reykjavík - Gleráreyrum 2, Akureyri - Sími 588 2600 - www.velaver.is

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki






Stærð 240x122
Verð: 119.396



Stærð 123 x 100 x 45cm
Verð: 60.875



Stærð 140 x 92 x 32cm
Verð: 49.669



Stærð á burðafleti 370 x 150cm
Verð: 185.505



Stærð á burðafleti 370 x 150cm
Verð: 148.155



Stærð á burðarfleti 280 x 155cm
Verð: 98.998



Stærð 230 x 122 x 40cm
Verð: 78.998



Stærð: 370 cm x 150 cm
Verð: 239.000kr

Allar þessar kerrur eiga það sameiginlegt að fást hjá okkur og miklu meira til.

topdrive.is Smiðjuvellir 3 Keflavík Sími: 422-7722

Topdrive.is


Dodge Stratus '03. Ek. 40 þús mílur, 2,4 L, breitt púst og k/n loftsía og dvd með innbyggðu setnav og nýjar 17" krómfelgur og vetrardekk á 16" álfelgum allt nýtt í bremsum að framann. Verð 1900 þús. skipti á dýrari en helst bein sala en skoða allt. Uppl. í s. 866 6622.


Dosge Ram 2500 Larami árg. 2006 ekinn 90 þ. Leður, topplúga. Góður bíll. Verð 4360. S.898 2811 www.plusgallery.is


Dodge Ram 1500 Sport 5,7 Hemi árg. 2006 ekinn 46 þ. km. Verð 3490. www.plusgallery.is. s. 898 2811.


Ford F350 Lariat 6,0 Diesel árg. 2005. Leður 6 manna ofl. ofl. Gott verð með VSK. www.plusgallery.is s. 898 2811.


J.Wrangler árg.'89 38" breyttur, gormar, ný heilmálaður, gott stgr. verð. Uppl. í s. 867 1058 & 896 6615.


Til sölu R-Kangoo árg.'98 Ek. 160 þús. Ný heddpakkning, bíll í góðu standi, gott stgr. verð. Uppl. í s. 867 1058 & 896 6615.


Til sölu Honda Civic 1500, finn bíll, árg. 98. Ekinn 136 þús., 17" krómfelgur, bsk., ásett verð 399 þús. Uppl. í síma. 849 5299.


Subaru Legacy '00 Outback, 17" felgur. Mjög góður bíll, allur ný yfir farinn. V. 850+ lán. 200 þús út. S. 660 0108.


Mercedes Bens 400E til sölu, árg.'93 Keyrður 215 þús. Uppl í s. 866 5137 & 869 2900


Til sölu Toyota Avensis Dísel árg. 09'06 Leðursæti, 17" Álf, dr.krókur. Tilbúin fyrir Hreyfilstölvu. Uppl. í s. 857 8888.


Til sölu Dodge Stratus árg. 12'01 Verð 880 þús. Áhv. 820 þús. Ek. 61 þús. míl. Ssk. 2,4 bensín og dökkar rúður. Uppl. í s. 659 4236.


Nissan Micra GX '99, ný skodadur, í toppstandi. Ekinn 93 þús. Verð 350 þús. Uppl. í s. 862 1513.


**Orlofshús á Akureyri**
Til leigu orlofshús, 4 km frá Akureyri. Sólarhringurinn 17.500kr. & vikan á 90.000kr. leo79@internet.is - S. 897 5300, Leó. www.vadlaborgir.is

**Orlofsíbúð á Akureyri**
13.500,- kr. nóttin. Uppl. í s. 897 5300, netfang leo79@internet.is Leó.

## Útilegubúnaður



Vorum að taka upp nýjar vörur fyrir hjólhýsi og húsbíla. Skoðaðu úrvalið hjá okkur. Markísur, sóltjöld, sólarsellur, grill, borð og stóla, borðabúnað og mfl. Hobbyhúsið Dugguvogi 12 S: 517 7040 www.hobbyhusid.is

## Fyrir veiðimenn



**Lax-Bleikja-Gæs**
Til sölu veiðileyfi í Hjaltadalsá og Kolku í Skagafirði. Holl laus dagana 10-12júl. & 12-15 júl. Einnig kornakur í gæs í haust. Uppl. á www.svfr.is og í s. 868 4043.

## Ýmislegt

**DANSARAR - DANSKENNARAR**
**Leitum að dönsurum/danskennurum til þess að kenna hjá okkur í hlutastarfi í vetur. Okkur vantar kennara til þess að kenna magadans, freestyle, break, hip hop o.fl.**
**Ef þú hefur áhuga og metnað hafðu þá samband. Frekari upplýsingar í síma 8603995 eða á raggidans@hotmail.com**
**- Ragnar**

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

2 ja herbergja rúmgóð íbúð til leigu í Hafnarfirði, frábær staðsetning, sér inngangur, stutt í alla þjónustu og skóla, leiga 120.000 þús + bankaábyrgð. Laus strax, Hundaeigendur velkomnir upplýsingar í síma 6951676 eða jarlinn@hotmail.com

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu 4 herb. íbúð í 109 m/húsgögnum frá 1. ágúst til 1. nóvember. S. 847 7380.

Til sölu er 118 fm iðnaðarhúsnæði í Hafnarfirði. Þar af er innréttuð 34 fm íbúð. Verð 17,5. Skoða öll skipti. Einnig kemur útleiga til greina. Uppl. í s. 844 5222.

2ja herb. íbúð í Hraunbæ til leigu. 85 þ. á mán. m. hússj. 2 mán fyrirfr. Langtímaleiga og góð umgengni skilyrði. Uppl. í s. 869 2242.

3 herb.íbúð í Hafnarfirði til leigu frá 17.Júlí. Bankatrygging og meðmæli skilyrði. 130 þús/mán. Sjá: http://supersonic.eloadsheet.net/ibudir. Uppl. í síma 893 1787.

Til leigu í 3 mánuði 2herb. rúmgóð og björt íbúð á besta stað í miðbænum. Uppl. í s. 893 3985.

## Húsnæði óskast

Stór fjölskylad óskar eftir 7 + íbúð í langtímaleigu. Uppl. gefur Guðbjörg í síma 820 8408 & 517 8401 eða senda á gb@fjolskyldan.org.

Óska eftir 2ja herb íbúð, þarf að vera laus 1. ágúst. Uppl í s. 849 7610

Háskólastúlkur óska eftir 4 herbergja íbúð í 101 reglusamar með meðmæli. S. 866 6084.

Mæðgin óska eftir 3 herb. íbúð á höfuðborgarsv. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. S. 691 4091, Dísa, e. kl. 12.30.

Óska eftir ódýri einstaklings íbúð á Höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í s. 693 7387.

Er ekki einhver góður aðili sem getur lánað mér gott veð í t.d fasteign, í einhvern smá tíma, gegn mánaðarlegri greiðslu. Algjörlega öruggt mál, 100% traust og ábyrgð, ekki með neitt rugl í gangi. Nánari upplýsingar bíða frekari samskipta í netfang rzet777@hotmail.com

Óska eftir 3-4 herbergja íbúð á svæði 101, 103, 105 eða 108 frá og með 1. ágúst nk. Traustur leigutaki. Vinsamlegast sendið tilboð á netfangið svava.fridgeirsdottir@kaupthing.com

Herbergi óskast á stór Reykjavíkur svæðinu. En allt kemur til greina. Uppl. í s. 692 8091.

## Húsnæði til sölu



Til sölu Bjálkahús á frábærum stað í Hvalfirði aðeins 35 mín. keyrsla frá bænum í sveitasæluna. Uppl. í s. 899 4009.

## Sumarbústaðir



Til sölu 30 fm. sumarbúðstaður, fullbúinn að utan. S. 868 5550.



Til sölu 46 fm sumarbústaður í Hraunborgum Grímsnesi ásamt 6 fm aukahúsi, kalt vatn og rafmagn, heittvatn við lóðarmörk 5000 fm leigulóð með miklum gróðri golfvöllur og sundlaug á svæðinu. Uppl. hjá fasteignasölunni Kjöreign og í s. 899 5294.

Til sölu glæsilegar sumarbústaðalóðir í landi Miðengis Grímsnesi. Uppl. í s. 894 0105.

Óska eftir að taka á leigu sumarhús í ca. mánuð. Helst með heitum potti. Góðri umgeingni heitið. Uppl. í s. 896 2991.

Tvær lóðir, samliggjandi, í Miðengi v. Kerið Grímsnesi, 1,08 og 1,17 hektarar til sölu, hvor fyrir sig eða saman. Stærri lóðin liggur að skógræktarlandi. Seljandi getur smíðað hús á lóðunum. Skipti á íbúð koma til greina. Uppl. í s. 824 6703.

### Sumarbústaður óskast k

Óska eftir ódýrum sumarbústað má þarnast staðsettningar ekki leingra en 100 km frá Rvk. Uppl. í s. 690 0442.

## Atvinnuhúsnæði

Get haft til leigu 30-60 fm iðnaðarpláss. 20 mín. sunnan Hafnafjarðar. Uppl. í s. 894 0431.

Til sölu er 118 fm iðnaðarhúsnæði í Hafnarfirði. Þar af er innréttuð 34 fm íbúð. Verð 17,5. Skoða öll skipti. Einnig kemur útleiga til greina. Uppl. í s. 844 5222.

## Gisting

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben. Ódýr og góð gisting www.gistiheimilid.dk 0045 2460 9552.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**starf.is**
Nú er rétti tíminn til að breyta til.

**Employment agency seeks:**

Carpenters, general workers, electricians, ironbinders, plummers, masons, heavy duty drivers, paintors and more for the construction area.
- Proventus -

Call Joao, tlf. 864-9873

**Verktakafyrirtæki í byggingariðnaði**
Óskar eftir að ráða góðan smið eða húsasmíðameistara sem verkstjór. Verður að hafa góða stjórnunarhæfileika
Uppl. í s. 820 7060 & 820 7062.

THORVALDSEN BISTRO - BAR - GRILL

**Thorvaldsen Bar, Bistro og Grill**
Leitar að jákvæðum og metnaðarfullum vaktstjóra í eldhús.
Þeir sem hafa áhuga hafa samband við Ara í síma 866 7366.

**Borgargrill**
Óskar eftir fólki í vinnu. Mikil vinna fyrir duglega einstaklinga. Kvöld og helgarvinna. íslenskukunnátta og 18 ára aldurstakmark.
Upplýsingar í síma 695 6869, Viðir, Borgargrill við Miklubraut.

TEITUR Hópferðabílar

**Bifreiðastjórar**
Vegna aukinna verkefna vantar okkur nokkra bifreiðastjóra til starfa sem fyrst. Um er að ræða bæði 100% störf og hlutastörf sem henta bæði konum og körlum.
Nánari upplýsingar gefa Ágúst og Jónas í síma 515-2700 á skrifstofutíma.

TEITUR Hópferðabílar

**Bifvélavirkjar/Vélvirkjar**
Vegna aukinna verkefna vantar okkur nokkra Bifvélavirkja /Vélvirkja / Verkstæðismenn til starfa sem fyrst.
Nánari upplýsingar gefa Ágúst og Jónas í síma 515-2700 á skrifstofutíma.

THORVALDSEN BISTRO - BAR - GRILL

**Thorvaldsen Bar, Bistro og Grill**
Leitar að jákvæðum og metnaðarfullum vaktstjóra í eldhús.
Þeir sem hafa áhuga hafa samband við Ara í síma 866 7366.

THORVALDSEN BISTRO - BAR - GRILL

**Thorvaldsen Bar, Bistro og Grill**
Óskar eftir vönum barþjónum og starfsfólki í sal. Þarf að hafa náð 18 ára aldri. Um er að ræða kvöld, helgarvinnu og einnig 100% starf . Góð laun í boði fyrir rétta aðila.
Þeir sem hafa áhuga hafa samband við Samúel í síma 697-9004. eða á sammi@thorvaldsen.is

## TILKYNNINGAR

FISKISTOFA

**Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2006/2007**

Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa fyrir eftirtalin byggðalög:

**Vesturbyggð**
**Húnaþing vestra**
**Langanesbyggð**

Um úthlutunarreglur í ofangreindum byggðalögum vísast til reglugerðar nr. 439, 15. maí 2007, með síðari breytingum, auk sérstakra úthlutunarreglna í hlutaðeigandi byggðalögum sbr. auglýsingu nr. 603/2007 í Stjórnartíðindum. Þessar reglur er einnig að finna á heimasíðu Fiskistofu, www.fiskistofa.is Umsóknum skal skilað til Fiskistofu á eyðublaði sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar. Umsóknarfrestur er til og með 22. júlí 2007.

Fiskistofa, 5. júlí 2007.

Hafnargötu 20 • 230 Keflavík
Sími 421 1700 • es.is

**Eignamiðlun Suðurnesja**
Sigurður V. Ragnarsson, löggiltur fasteignasali

## Sumarbústaður Grímsnesi





Frum

Til sölu nýr fullgerður 60 fm bústaður á eignarlandi í landi Miðengis Grímsnesi. Bústaðurinn er fullgerður með vönduðum innréttingum og tækjum, sólpallur ca. 150 fm með heitum potti. Bústaðnum fylgir 25 fermetra gestahús og geymsla. **Til afhendingar nú þegar.**

*Nánari upplýsingar hjá Eignamiðlun Suðurnesja sími 421 1700.*

## Sumarbústaðalóðir

**Til sölu tvær sumarbústaðalóðir á besta stað í landi Miðengis Grímsnesi.** Önnur lóðin er 8.200 fm og hin 8.500 fm. **Lóðirnar eru byggingarhæfar og til afhendingar strax.**

*Nánari upplýsingar hjá Eignamiðlun Suðurnesja sími 421 1700.*

## Opið hús að Háuhlíð 4

### í landi Vatnsholts í Grímsnesi laugardag og sunnudag milli kl 14:00 og 16:00



Frum

Glæsilegt og fullbúið nýtt 86 fm sumarhús sem stendur á 5000 fm eignarlandi með fallegu útsýni. 3 herbergi, stofa, eldhús, baðherbergi, forstofa auk svefnlofts. Eikarparket og flísar eru á gólfum. Vandaðar innréttingar eru í eldhúsi og á baði. Bústaðurinn er mjög vel staðsettur, stutt í veiði og aðra afþreyingu. **Verð 20,9 millj.**

***Guðmundur eigandi sími 896 5468 tekur á móti áhugasömum.***

FASTEIGNASALAN ÁRBORGIR
Austurvegi 38
Sími 482 4800
www.arborgir.is

Guðjón Ægir Sigurjónsson hrl. - löggiltur fasteignasali

## Klapparstígur 12

101 Reykjavík
3 íbúðir og 3 stór sér herbergi

**Stærð: 307 fm**
**Fjöldi herbergja: 9**
**Byggingarár: 1920**
**Brunabótamat: 35.540.000**
**Bílskúr: Nei**

RE/MAX Lind



**Framtíðar fjárfesting** **Verð: 79.000.000**





REMAX LIND kynnir til sölu í Skuggahverfi 101 Rvk. Um er að ræða alla húseignina að Klapparstíg 12 fyrir neðan Lindargötu alls 307 fm. Húsið stendur á eignarlóð (ófriðað). Í húsinu eru 3 íbúðir. Íbúðirnar á 1. og 2. hæð eru 63 fm. hvor fyrir sig en þriðja íbúðin er í risi og er 54 fm. Í húsinu eru einnig 3 íbúðarherbergi, eitt í kjallara, eitt á 1. hæð og eitt á 2. hæð sem hvert er um 19 fm. Vinnuherbergi er aftan við húsið með sér inngangi 20 fm (óeinangrað). Þar ofan á eru 20 fm. svalir (möguleiki á yfirbyggingu). Þetta er eign sem er tilvalin til útleigu sem gistiheimili. Góð framtíðar fjárfesting.



Árni Ól. Lárusson
Sölufulltrúi
**893 4416**
arnilar@remax.is



Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is**

rex

Óskum eftir vönum barþjónum, (keyrslu), þjónum í sal og glasatínum. Einnig vantar vana dyraverði. Einungis reglusamt og snyrtilegt fólk kemur til greina, eldri en 18 ára. Umsóknir sendist á rex@rex.is. með öllum helstu upplýsingum.

### Ert þú sjálfstæður og öflugur sölumaður?

Tímaritaútgáfan Birtíngur auglýsir eftir duglegu og kraftmiklu fólki í sölustarf á kvöldin. Frábærir tekjumöguleikar, vinnutími frá kl 18-22, 2-4 kvöld í viku. Nánari upplýsingar fást hjá Ingu Huld, starfsmannastjóra í síma 515 5500 eða í tölvupósti ingahuld@birtingur.is

Philipseyjar. Okkur vantar fólk með tengsl til eyjanna. Opnum stórt fyrirtæki þar í ágúst. mikið í boði. lr-einar@internet.is s. 662 5599.

### Verkfag ehf.

Poszukuje ludzi do napraw w mieszkaniach.Najlepiejz doswiadczeniem i znajomoscia jezyka islandzkiego lub angielskiego informacje pod numerem. Yórei 690 9855.

Annan Stýrimann og matsveinn vantar á tæplega 200 tonna neta og dragnotabát sem gerður er út frá Suðurnesjum. Uppl. í s. 853 2999 & 845 3480.

Smiður óskast í 25 fm þak á sólskála. Tilboð. Uppl. í s. 566 7136 & 846 1865.

Verkamenn, lærlingur, smiður. Lítið verktakafyrirtæki óskar eftir verkam.-lærling eða smiði. Mjög fjölbreytileg vinna. Uppl. í s. 698 2261.

Vantar duglegan starfskraft í fullt starf á Þorrasel dagdeild aldraðra Þorragötu 3, frá 23. júlí til ágústloka eða eftir nánara samkomulagi. Vinnutími 8.00 til 16.00 virka daga. Nánari upplýsingar gefur Droplaug Guðnadóttir 411 2700 droplaug.gudnadottir@reykjavik.is og Guðbjörg Ögmundsdóttir 561 2828 gudbjorg.ogmundsdottir@reykjavik.is

Vantar menn í málningarvinnu, næg vinna framundan. Upplýsingar í síma 898 0527.

Vanur meiraprófsbílstjóri vantar mann á vörubíl sem first þarf að vera íselnskumælandi sjálfstæður og hafa ökuritunarkort. Uppl. í s. 867 8438 eftir kl.14.

Óska eftir laghentum manni í vinnu. Uppl. í s. 849 8640.

### Tilboð óskast

Tilboð óskast í múrun á húsi (steinunn). Uppl. í s. 848 6904.

Meiraprófsbílstjóri. Framsækið fyrirtæki óskar eftir meiraprófsbílstjóra, akstur á Rvk-svæðinu. Mikil vinna framundan. Uppl. í s. 694 7785.

Óska eftir matsvein á rækjubát. Uppl. í s. 852 3988.

## Atvinna óskast

**Útvegum starfsfólk frá Póllandi og Portúgal**
**í eftirtalin störf : Smiði, Múrara, Pípara, Rafvirkja, Vélvirkja, Meiraprófsbílstjóra, Tækjastjórnendur, Verkamenn, Hjúkrunarfólk og önnur störf samkvæmt óskum atvinnurekanda.**
**SAS Starfsmannaleigan. Uppl. gefur Sverrir í s:661-7000**




Get tekið að mér bókhald fyrir fyrirtæki. Frekari upplýsingar á is.bokhald@gmail.com

Starfsfolk fra Lettlandi: smidir, verkamenn, rafvirkjar, raestingafolk o.fl. S.8457158

Tek að mér járnabindingar. Uppl. í s. 849 3003.




# TILKYNNINGAR

## Fundir

**Vaðnes.**

**34. Aðalfundur Félags landeigenda Vaðnesi. Haldinn í Borg í Grímsnesi sunnudaginn 15. júlí 2007. Fundurinn hefst kl. 13.00. Kaffiveitingar að loknum fundi. Stjórnin**

## Tilkynningar




TélyThailænding á Íslandi Rauðikrossinn. Ef einhver vantar að losna við allt ýmistlegt td. frá fötum til bíla eða bara til aðstoða þá með vinnu eða peningum endilega hafið samband í síma 893 8886 eða Engihjalli 8. Einnig er ýmislegt til sölu þar frá hernum td.

## Einkamál

### 18plús.is.

XXX samfélag íslendinga á netinu. Sýndu þig, sjáðu aðra. Vertu velkomin/n. www.18plús.is.

### Celebrity.is

Núna 12.000+ myndir af fræga fólkinu á flottum vef. Nýjar myndir daglega.

Karlmaður á besta aldri óskar eftir að kynnast góðri konu með nánari kynni í huga. Svör sendist fréttablaðinu merkt GKJ fyrir 14 júlí.



> Það er oft sagt að það sem lifir lengst, verður sígilt og eitthvað meira en bara afþreying, er það sem nær að höfða bæði til hárra hvata og lágra hvata og getur sameinað hámenningu og lágmenningu.

grundvallarhugtak að popp sé vinsælt,“ segir Bergur.

„Ekki rétt. Hvað með lélega popptónlist sem allir hata?“ spyr Snorri. Og þá fór önnur umræða um popptónlist í gang þar sem reynt var að komast að sannleikanum um hvað væri popp. Þeir búnir að pæla í öllu.

„Við pælum alveg ógeðslega mikið í því sem við erum að gera,“ segir Snorri.

„Við liggjum mjög oft yfir útsetningum og smáatriðum í texta,“ segir Atli.

„Það er örugglega það minnsta. Við erum alltaf að pæla í einhverju allt öðru,“ segir Snorri.

**Herjað á miðjuna**

Yfirlýst markmið Sprengjuhallarinnar er að vera vinsæl hljómsveit og þeir kvarta yfir því að það sé rosalega mikið af fínum böndum á Íslandi sem vilja ekki vera vinsæl.

„Þetta Brian Jonestone Massacre-syndrom. Að vilja bara ekki „success“ og það eru líka rosalega margir sem eru þannig í lífinu. Það fær bara grænar bólur yfir velgengni,“ segir Bergur.

„Við viljum finna bilið milli Birgittu Haukdal og einhverra geðveikt listrænna hljómsveita sem segja ekki neitt allan tímann á sviðinu og sjá ekki neitt fyrir hárinu,“ segir Georg.

Bergur Ebbi kemur með útskýringuna: „Það er oft sagt að það sem lifir lengst, verður sígilt og eitthvað meira en bara afþreying, er það sem nær að höfða bæði til hárra hvata og lágra hvata og getur sameinað hámenningu og lágmenningu. Við erum með ballmenningu hérna sem er rosalega stór og fullt af ballhljómsveitum sem selja 2.500 manna böll þar sem allir kaupa miða fyrir 3.000 kall og fá allt sponsið og gefa út plötur sem seljast fullt, en fara aldrei til útlanda af því að þetta er of mikil lókal tónlist. Svo erum við með einhverja hljómsveit sem fær fimm stjörnur í Mogganum en myndi aldrei vilja spila vinsældir og ballhljómsveitir. Þeir myndu aldrei vilja vera í Reiðhöllinni hjá Gusti að trylla 3.000 æsta hestamenn. Við viljum vera á miðjunni, við viljum hafa hestamennina á þriðja bjór og þá kannski bara 800 og helst að fá svona 300 stykki 101 plebba, smá bankalið og blanda því saman.“

„Við viljum líka selja 5.000 plötur og fá fjórar stjörnur í Mogganum,“ bætir Atli við. „Við viljum eiga kökuna og borða hana. Og við skulum segja að þetta sé ekki kaka heldur terta,“ klárar Bergur Ebbi og er nokkuð ánægður með kenninguna.

**Sprengjuhallarsían**

„En bara svo það sé á hreinu þá gerum við tónlistina okkar með fullri sannfæringu um að það sem við erum að gera sé gott. Við erum ekki með eitthvert excel-skjal um hvernig við ætlum að slá í gegn,“ segir Snorri.

„Það sleppur ekki allt í gegnum síuna hjá Sprengjuhöllinni. Við myndum aldrei gefa út eitthvert lélegt lag af því að það gæti orðið vinsælt,“ útskýrir Atli. „Það er ágætis mælikvarði að þegar okkur öllum finnst eitthvert lag gott, þegar við erum allir búnir að setja eitthvað í lagið og erum allir ánægðir með það þá þýðir það að ótrúlega margir þarna úti séu ánægðir með það,“ útskýrir Georg.

„Við erum smá þverskurður, við hlustum allir á mismunandi tónlist.“

**Langtímasamband**

Líftími hljómsveita er oft ekki langur en Sprengjuhöllin er komin til að vera. „Sprengjuhöllin er langtímasamband. Við erum búnir að færa fórnir og fella nokkur tár. Við settum þá línu að við værum ekki í þessu fyrir eitthvert nokkurra laga grín,“ segir Georg og heyrist í Bergi: „Nákvæmlega það sem þú segir við allar stelpur sem þú hefur kynnst,“ og strákarnir springa úr hlátri. Það er alltaf stutt í grínið.

„Ef þetta væri ástarsamband þá værum við komnir yfir þriggja mánaða daðurtímann þegar allt er voða spennandi,“ úskýra þeir allir í kór nema Bergur sem spyr: „Hvaða Vogue-drullu voruð þið að lesa? Þetta er ótrúlega góð líking samt. Við erum komnir út í það að það væri vandræðalegt að gera tónlist með einhverjum öðrum.“

Og líklegast hafa þeir fundið þessa poppmiðju með „Verum í sambandi“ sem er eitt mest spilaða lag sumarsins hingað til. Og samt eru þeir ekki komnir með plötu. Það má búast við sprengju frá Sprengjuhöllinni þegar platan loksins kemur í verslanir.

## STAÐREYNDIR UM SPRENGJUHÖLLINA

- Sprengjuhöllin eru Bergur Ebbi Benediksson, söngvari og gítarleikari, Snorri Helgason, söngvari og gítarleikari, Sigurður Tómas Guðmundsson trommuleikari, Atli Bollason hljómborðsleikari og Georg Kári Hilmarsson bassaleikari.
- Þeir eru á aldrinum 22 til 25 ára
- Þeir voru allir í Menntaskólanum við Hamrahlíð
- Sprengjuhöllin er popphljómsveit sem er að taka upp sína fyrstu plötu
- Allt sem þeir gera er útpælt
- Takmarkið var alltaf að verða vinsælir og herja á miðjuna
- Þeir kunna poppfræðina upp á 10
- Trommarinn er Íslandsmeistari í mjólkurkaffilist
- Annar söngvarinn er lögfræðingur
- Hinn söngvarinn á pabba sem var í Ríó Tríó
- Mesti ágreiningur sem hefur orðið innan hljómsveitarinnar var vegna fatastíls
- Þeir syngja á íslensku vegna þess að þeir hafa eitthvað að segja
- Þeir hafa komið 4 lögum í spilun á útvarpsstöðvum án þess að gefa út
- Sprengjuhöllin spilar á Þjóðhátíð í Eyjum í sumar og taka svo Airwaves
- „Verum í sambandi“ er eitt vinsælasta lag sumarsins
- Þeir eru komnir of langt til að hætta saman
- myspace.com/sprengjuhollin










## Grill-lambalæri Hagkaupa

*að hætti landsliðs matreiðslumeistara*

Til að ná fram besta bragði sem völ er á notum við ferskar kryddjurtir, hvítlauk, sítrónusafa og sítrónubörk. Til að toppa marineringuna notum við ferskan chilipipar og gourmet olíu.



## New Orleans BBQ svínarif

New Orleans BBQ svínarif eru forelduð og tilbúin beint á grillið. Þarf aðeins rétt að hita í gegn



**Berjabomba**
makkarónum og súkkulaði



**Portobellosveppir**
m/fyllingu



**Epli**
m/kanil og rúsínum



**Kókosbollur**
m/ferskum ávöxtum

## Spennandi nýjungar

*beint á grillið*



**Svartir tómatar**
fylltir með gráðosti, grillaðir 2-3 mín.



**Zucchini**
skorið í sneiðar, penslaðar með pestó, grillaðar í 2-3 mín. á hvorri hlið



**Eggaldin**
skorið til helminga, penslað með ólífuolíu, kryddað með salti og pipar, grillað 4-5 mín. á hvorri hlið



**Íslenskar grillkartöflur**
grillaðar í 40 mín. eða þar til mjúkar í gegn



### Ramiro paprika

Grillið í 3-6 mín. í heilu lagi, látið standa í 1 mín. og hýðið tekið af.



### Tómatar

Skerið til helminga. Penslið með olíu og kryddið með basil, hvítlauk, timian, salti og pipar. Grillið við mikinn hita í 1-2 mín. á hvorri hlið.



### Maís

Takið hýðið af maísnum og setjið hann í álpappír ásamt salti og smjörklípu. Grillið í 8-10 mínútur.



### Kastaníusveppir

Raðið upp á grilltein og penslið með olíu. Kryddið með salvíu, salti og pipar. Grillið við mikinn hita í 3-4 mín.



### Sætar kartöflur

Skerið kartöflurnar í skífur og penslið með olíu. Kryddið með hvítlauk, timjan og salti. Grillið þar til þær eru eldaðar í gegn.



### Hvítlaukur

Penslið með olíu, kryddið með timian, salti og pipar. Pakkið inn í álpappír og grillið á milliheitu grilli í 30 mín., snúið öðru hverju.



### Salatlaukur

Ýmist skorinn í sneiðar og penslaður með olíu og grillaður, eða skorinn í stóra bita og settur á grillpinna.



### Steinseljurót

Ýmist bökuð í álpappír líkt og kartöflur eða skorin í sneiðar og sett á grillpinna.

Gildir á meðan birgðir endast.


Grillum saman
Jói Fel
Jói Fel plankasteik
Jói Fel svínalund
Jói Fel grillsósur
Landsins mesta vörúrval!
Lax
beint úr kjötborði
Jóa Fel svínakótilettur
kryddlegnar
Fylltar svínalundir
beint úr kjötborði
Siggi sterki hamborgarar 175 g
ungnautahamborgarar
Kryddlegnar framhryggjasn.
að hætti Hagkaupa
Ungnauta ribbeye
beint úr kjötborði
Bláberjalegin lambasirloin
beint úr kjötborði
Kjúklingabringur
koníakskryddlegnar
Lambalærissneiðar
að hætti Hagkaupa
Ungnauta piparsteik
beint úr kjötborði
Rifseberjalegið lambafille
beint úr kjötborði
Grillpinnar, naut eða lamb
beint úr kjötborði
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# 07.07.07 Kíkt við í kapellunni

Vítt og breitt um landið eru slör nú dregin eftir kirkjugólfum, hvítar nokkurra hæða marsipantertur standa á stöllum í veislusölum og brúnkusprautunarklefar og hárgreiðslustofur skála í kampó fyrir góðri tíð í kassanum. Því er ekki úr vegi, á ofurrómantískum degi sem þessum, að slást í för með ***Júlíu Margréti Alexandersdóttur*** og líta við í nokkrum af rómantískustu brúðkaupum fyrr og síðar.

## Grace Kelly og Rainier prins

Heimsbyggðin stóð á öndinni yfir einu mesta ævintýrabrúðkaupi fyrr og síðar – brúðkaupi kvikmyndastjörnunnar Grace Kelly og Rainier fursta af Mónakó í apríl 1954. Bestu brúðkaupin eru annaðhvort úr konunglegu deildinni eða Hollywood-ættuð en þarna mættust þeir tveir heimar og úr varð prinsessu-blúndu-ofurstjörnu brúðkaup. Kjóllinn var hannaður af Helen Rose sem hannaði ófáa Hollywood-kvikmyndakjólana en hún var yfirhönnnuður MGM kvikmyndaversins. Brúðarkjóllinn sjálfur átti svo eftir að lifa lengi í ótal eftirlíkingum en fáir kjólar hafa haft svo mikil áhrif á brúðarkjólatískuna sem og kjóll Grace Kelly. Kjóllinn var afar íburðarmikill, úr svokallaðri Valenciablúndu – langerma og upp í háls. Pilsið var blöðrulaga og undir það voru notuð þrjú undirpils úr tjulli og silki. Slörið var fest í litla perluhúfu en kjóllinn sjálfur var með eitt þúsund ásaumuðum perlum. Lýðurinn trylltist endanlega þegar furstinn skar brúðartertuna með sverði sínu – sem var hluti af einkennisbúningi hans – en með vígslunni sjálfri fylgdist fólk í beinni útsendingu sem send var út í níu löndum.







## Jacqueline og John F. Kennedy

Brúðkaup þeirra hjóna var á sínum tíma talið það veglegasta sem bandaríska þjóðin hafði séð. Gestir í kirkjunni þennan haustdag árið 1953 voru rúmlega 700 en í veisluna mættu svo 1.200 manns. JFK og Jackie hittust þremur árum áður á blindu stefnumóti en þegar John leiddi spúsu sína upp að altarinu var hún orðin 24 ára og hann 36. Jackie var í fílabeinshvítum silkikjól með stóru pilsi sem haldið var uppi með krínolíni. Hann var hannaður af Ann Lowe en hún sá um að hanna kjóla á ýmsar fyrirkonur, svo sem Vanderbilts, Rockefellers, Roosevelts og Bouviers en frægust varð hún þó fyrir kjól Jackie en það tók hana tvo mánuði að sauma hann. Brúðarslörið var úr kistli ömmu hennar og var fest við hár Jackie með appelsínugulum blómum og blúnduspöng. Á handlegg bar hún svo demantsarmband sem John gaf henni kvöldið áður sem og demantsnælu sem tengdaforeldrar hennar gáfu henni. Á eftir forsetafrúnni trítluðu svo tíu brúðarmeyjar í bleikum silkikjólum.

## Donald Trump og Melanie Knauss

Nýjasta brúðkaup Donalds Trump varð að sannkölluðum fjölmiðlasirkus þegar hann gekk að eiga hina slóvensku Melanie Knauss. Til veislunnar mættu módel og leikarar – Bill og Hilary Clinton og fyrrum borgarstjóri New York-borgar, Rudolph Giuliani. Kjóllinn sjálfur var þó senuþjófurinn enda vó hann hvorki meira né minna en 20 kíló og skartaði Melanie honum á forsíðu Vogue.






## Felipe Juan Pablo Alfonso og Letizia Ortiz Rocasolano

Felipe prins sá Letiziu fyrst í sjónvarpinu. Hún starfaði þá sem fréttakona og hreifst prinsinn samstundis af henni. Hinn 25. maí 2004 gengu þau í það heilaga í Madríd og 25 milljónir Spánverja fylgdust með vígslunni. Kjóllinn var hannaður af spænska hönnuðinum Manuel Perteg og þótti hinn fegursti en þrátt fyrir glæsilega innkomu hvað klæðaburð varðar var leiðin niður á við eftir brúðkaupið og var prinsessan nýlega gagnrýnd fyrir hörmulegan fatasmekk.



## Elizabet Taylor og Richard Burton

Elizabeth og Burton giftu sig á Ritz-Carlton hótelinu í Montreal í Kanada árið 1964 – nokkrum dögum eftir að Elizabeth fékk lögskilnað við fyrri eiginmann sinn en Burton skildi nokkrum árum áður. Ástarsaga þeirra hafði þó hafist nokkrum árum áður og við tökur Kleópötru átti leikstjórinn í mestu vandræðum með að stöðva þau í að leika ástarsenur. Þau Elizabeth og Burton giftu sig aftur síðar á ævinni þótt bæði hjónaböndin hafi endað með skilnaði.



## Díana Spencer og Karl Bretaprins

Eitt íburðarmesta konunglega brúðkaup seinni tíma má klárlega telja brúðkaup Díönu heitinnar og Karls Bretaprins. Hinn 29. júlí 1981 stóð hin tvítuga og taugaóstyrka Díana við altarið, í fílabeinshvítum silkikjól og heillaði þjóðina með því að sótroðna og rugla nöfnum Karls. Kjóllinn var hannaður af bresku hönnunarhjónunum David og Elizabeth Emanuel og var púfferma og í honum mætti 9. áratugurinn með miklum ermum og púðum og viktoríski stíllinn með blúndum og klassísku yfirbragði. Á eftir gengu brúðarmeyjar með blóm í körfum en talið er að um ein milljarður manns hafi fylgst með brúðkaupinu. Þrátt fyrir hörmulegt hjónaband sagði Díana að dagurinn hefði verið einn mesti hamingjudagur lífs síns.



LENGRI HELGI
Á LAUGAVEGI
NÚ ER OPIÐ
FRÁ 10 TIL 18 LAUGARDAG
OG FRÁ 13 TIL 17 SUNNUDAG
ÚTSÖLUR HAFNAR VÍÐA
HVERGI Á LANDINU ERU FLEIRI
VERSLANIR OG VEITINGASTAÐIR EN
VIÐ LAUGAVEG
FÓLKIÐ Í BÆNUM
HAGSMUNASAMTÖK VERSLUNAR OG ÞJÓNUSTU VIÐ LAUGAVEG
WWW.LAUGAV.IS LAUGAV@LAUGAV.IS
66° NORÐUR
BANKASTRÆTI 5
GALLERÍHÚSIÐ
LAUGAVEGI 91
[Tískuhús á tveimur hæðum]
EVA
LAUGAVEGI 89
[Tískuvöruverslun]
L'OCCITANE
LAUGAVEGI 76
[Snyrti- og heilsuvörur]
KISAN
LAUGAVEGI 7
[Smávöruverslun]
NAKTI APINN
BANKASTRÆTI 14
[Tískuvöruverslun]
VINNUFATABÚÐIN
LAUGAVEGI 76
[Gott verð, gæði, og persónuleg þjónusta.]
RÁÐHÚSBLÓM
BANKASTRÆTI 4
[Blómabúð]
FRIIS-COMPANY
LAUGAVEGI 55
[Fylgihlutir]
BASK
LAUGAVEGI 95
[Tískuverslun]
G-STAR
LAUGAVEGI 86-94
[Tískuverslun]
GK REYKJAVÍK
LAUGAVEGI 92
[Tískuverslun með eigin hönnun]
VÍNBERIÐ
LAUGAVEGI 43
REYKJAVÍK
PIZZA COMPANY
LAUGAVEGI 81
[Veitingastaður]
SIA
LAUGAVEGI 86-94
[Húsbúnaður]
MONA
LAUGAVEGI 66
[Tískuverslun]
SIGURBOGINN
LAUGAVEGI 80
[Snyrtivörur]
Lokað sunnud.
COUTURE
LAUGAVEGI 86-94
[Tískuverslun]
MAÏA
LAUGAVEGI 86-94
[Tískuverslun]
LIGGALÁ
LAUGAVEGI 67
[Barnavörur]
DÚN OG FIÐUR
LAUGAVEGI 87
[Svefnherbergisvörur ]
PLAZA MEXICO
LAUGAVEGI 70
[Smávöru- og gjafavöruverslun]
WWW.LAUGAV.IS // LAUGAV@LAUGAV.IS
VISA
Landsbankinn
Visa og Landsbankinn eru bakhjarlar Fólksins í bænum.
RADAR

# Snýr öllu á hvolf en stefnir áfram

**Bertel Haarder, menntamálaráðherra Danmerkur, hefur á tveimur árum gert umtalsverðar breytingar á dönsku menntakerfi. Þær miða að því að gera kerfið einstaklingsmiðað og auka þannig gæðin með auknu frjálsræði. Forysta Kennarasambandsins í Danmörku hefur mótmælt nær öllum breytingum sem Haarder hefur boðað, en á tveimur árum hefur hann keyrt í gegn yfir 40 lagabreytingar af um 190 sem stefnt er að. *Magnús Halldórsson* spjallaði við Haarder á skrifstofu hans við Frederiksholm Kanal í Kaupmannahöfn.**

Bertel Haarder hefur staðið í ströngu á undanförnum tveimur árum sem menntamálaráðherra Danmerkur. Hann vinnur að miklum breytingum á dönsku menntakerfi sem miða að því að auka svigrúm skóla til þess að nýta þekkingu kennaraliðsins og auka gæði skólastarfsins. Ekki eru allir sammála um að Haarder sé á réttri leið. Forysta Kennarasambandsins í Danmörku hefur mótmælt harðlega nær öllum skrefum sem Haarder hefur stigið í átt til breytinga. „Við höfum snúið næstum öllu á hvolf í ráðuneytinu eftir að línurnar voru lagðar á fundum á vegum forsætisráðherra þar sem 25 manns, þar af fimm ráðherrar, ræddu um hvernig mætti koma breytingum til leiðar á dönsku menntakerfi. Niðurstaðan varð sú, eftir 24 daga fundarhöld, að ráðast í róttækar breytingar,“ segir Haarder. Samtals lagði ríkisstjórnin til 350 sértæk atriði, lagabreytingar, sem gættu bætt danskt menntakerfi. „Af þeim heyrðu 190 undir mitt ráðuneyti en hin voru tengd endurskipulagningu rannsóknar- og vísindastarfs sem fellur undir ýmis önnur ráðuneyti. Við vinnum því eftir strangri áætlun um eins konar endurgerð stoða menntakerfisins. Á þeim tveimur árum sem unnið hefur verið eftir áætluninni hefur 41 eitt atriði af þessum 190 náðst í gegn. Við höfum því náð tuttugu atriðum í gegn á ári, sem er nokkuð gott.“



BERTEL HAARDER Haarder er byrjaður að umbreyta dönsku menntakerfi. Hann hefur keyrt í gegn rúmlega 40 lagabreytingar sem breyta umhverfi menntamála í landinu en í róttækri áætlun ríkisstjórnarinnar er stefnt á að gera það með um 350 lagabreytingum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

### Umdeildar breytingar

Stjórnmálamenn verða óvinsælir í Danmörku ef þeir boða breytingar á því sem kalla má dönsku samkenndina. Hún einkennist af sterkri samábyrgð og öryggisneti fyrir fólkið í landinu. Haarder hefur staðið í ströngu við að koma tillögum sínum í gegn. Þær hreyfa við dönsku samkenndinni og skemma stoðir menntakerfisins, segja andstæðingar hans, en samkvæmt stefnu hans miða þær að því að auka gæði kennslu og hæfi nemenda, með einstaklingsmiðuðum áherslum. „Grunnskólakennarar hafa ekki verið sáttir við þann mikla hraða sem einkennt hefur okkar starf og hafa mótmælt öllum breytingum. Það hefur verið erfitt að glíma við kennarasambandið hér eins og víðast hvar annars staðar í heiminum. Það er afar íhaldssamt og það er erfitt að koma breytingum í gegn með þeirra samþykki,“ segir Haarder. Nær öllum breytingum á menntakerfinu, sem flestar eiga að boða meira svigrúm skólastjórnenda til þess að nýta þekkingu og hæfileika kennaraliðsins, hefur verið mótmælt harðlega. „Það hefur verið erfitt að standa í rökræðum við forystu sambandsins þar sem hún hefur verið ósammála öllum þeim breytingum sem við höfum boðað. Það gerir okkur erfitt fyrir en við höfum skoðað málið vel og ætlum að halda áfram samkvæmt okkar áætlunum, af því að við trúum því að breytingarnar verði til hins betra fyrir danskt menntakerfi. Hins vegar er ég alltaf tilbúinn til þess að ræða málin til hlítar, enda hef ég þá trú að rökræður leiði aðeins af sér góða hluti.“

### Upplifir sömu hlutina – vandi sem þarf að leysa

Haarder var fyrst menntamálaráðherra fyrir 25 árum og deildi þá eins og nú við forystu kennarasambandsins. Hann var þá að taka við menntamálaráðuneytinu og boðaði miklar breytingar. Það hreyfði við forystu kennarasambandsins sem mótmælti næstum öllum breytingum og sýndi lítinn samstarfsvilja, sem er eins og spegilmynd af því sem gerst hefur á síðustu tveimur árum. „Þegar ég var ráðherra á níunda áratugnum voru sífelldar deilur við sambandið. Ef þetta heldur svona áfram, en það er að sambandið standi endalaust í deilum við ráðuneytið, þá verður það einfaldlega að vera þannig. Við spjörum okkur án sambandsins,“ segir Haarder en leggur jafnframt áherslu á að góðu sambandi ráðuneytisins við kennarastéttina verði viðhaldið. „Það er nauðsynlegt að gera greinarmun á kennurunum sjálfum, sem eru um 65 þúsund í Danmörku, og forystu sambandsins. Það er okkur að sjálfsögðu mikið kappsmál að búa vel að kennurum og eiga við þá góð samskipti, á faglegum forsendum.“

Haarder segir kennara vilja ráða því næstum alfarið hvernig málum sé háttað. Það telur hann vera óraunhæft með öllu.

„Forysta kennarasambandsins talar fyrir því að ríkisstjórnin eigi að láta kennarana ráða. Það getum við ekki. Einn vandinn sem við viljum gefa meiri gaum en hingað til, er að bæta skólana og taka á innbyggðum vandamálum í stöðnuðu kerfi. Sautján prósent allra þeirra sem ljúka námi í grunnskólum geta ekki lesið nægilega vel til þess að halda áfram í námi, og vinna þannig betur úr hæfileikum sínum. Um það bil helmingur innflytjenda sem lýkur námi á við lestrarvanda að stríða. Þessi hlutföll eru alltof há og alls ekki viðunandi. Markmiðið, til framtíðar litið, er að gera 95 prósent fólks það mögulegt að mennta sig eins og það vill. Það næst ekki ef við reynum ekki að endurskoða hlutina og gera ráðstafanir. Það er margt til fyrirmyndar í dönskum skólum, og á heimsmælikvarða, en þegar horft er á heildarmyndina þá þarf að gera betur. Ég held að sömu sögu sé hægt að segja um fleiri norræn lönd, Ísland, Noreg, Færeyjar og Svíþjóð. Finnar eru hins vegar sér á báti hvað þetta varðar. Þeir hafa náð betri árangri en aðrar Norðurlandaþjóðir og við þurfum að horfa meira á hvernig þeir hafa haldið á spilunum.“

### Háskólarnir nútímavæðast

Innra starf háskóla í Danmörku hefur tekið breytingum á undanförnum árum. Skólarnir hafa nútímavæðst, segir Haarder, sem gerir þeim kleift að takast á við verkefni framtíðarinnar. „Danskir háskólar eru á góðri leið og eru sífellt að verða betri. Þeir hafa á sér gott orð og með skipulagsbreytingum sem komist hafa til framkvæmda á síðustu árum eru þeir á góðri leið,“ segir Haarder.

Sérstaklega eru það breytingar á stjórnskipan háskólanna sem Haarder telur til hins betra. Samkvæmt þeim eru það stjórnir háskólanna sem ráða rektor í stað kosninga, eins og lengi hafa tíðkast í Háskóla Íslands. „Rektorar, víðast hvar, eru ekki lengur skipaðir með kosningum heldur af stjórn viðkomandi háskóla sem hefur vísindalega hagsmuni skólans að leiðarljósi þegar hún ræður rektor. Þetta held ég að sé heppilegasta formið fyrir háskóla að vinna eftir. Þetta færir þá upp úr of mikilli formfestu og gefur þeim meira rými til þess að þróast til betri vegar. Þetta hefur þegar skilað miklum árangri og það eru ekki síst nemendurnir sem finna fyrir honum.“

### Ábyrgðin má ekki dreifast of mikið

„Við stjórnun háskóla hafa menn oft horft til einhvers sem kallað er samstjórn [collective leadership]. Hún virkar ekki, að mínu mati, við stjórnun háskóla. Þegar virkni hennar er beitt þá dreifist ábyrgð full mikið. Of margir eiga það til að fría sig ábyrgð og þá geta komið upp vandræði, sem bitna á framþróun skólastarfsins. Þegar stjórnin hefur það á sinni könnu að ráða rektor, sem er ábyrgðarmaður skólastarfsins fyrir hönd stjórnarinnar, líkt og hjá mörgum fyrirtækjum, þá verður stjórnunin skilvirkari. Ég held að þetta sé það form sem henti stjórnun skólastarfs vel og betur en samstjórnin. Þegar ég var menntamálaráðherra fyrir mörgum árum [1982 til 1993], þegar gömu lögin um háskólana voru í gildi, fékk ég stundum heimsóknir frá nemendum sem voru að kvarta yfir ýmsu í skólastarfinu. Þá fannst mér erfitt að gera eitthvað í málunum, meðal annars út af því stjórnunarkerfi sem var við lýði, því enginn virtist almennilega hafa það á hreinu hvað heyrði undir hvern og ábyrgð á tilteknum verkefnum var á reiki. Þetta hefur breyst til hins betra.“

### Norræn samvinna – þekkingarflæði

„Norræna samvinnan innan menningar- og menntamála er í góðu horfi,“ segir Haarder. Hann telur skiptinámið á háskólastiginu vera einn af hornsteinum samvinnunnar auk þess sem samstarf þjóða innan Evrópusambandsins hafi hjálpað til við þekkingarflæði milli þjóða. „Nú eru þrjú landanna [á Norðurlöndunum] hluti af Evrópusambandinu sem gerir samvinnuna jafnvel auðveldari. En þegar kemur að stefnu í menntamálum og útfærslu hennar, þá er hún misjöfn eftir löndum og áherslumunurinn töluverður. Háskólarnir eru allir með svipaða uppbyggingu, eins og reyndar víðs vegar um heiminn. Danmörk, Noregur og Ísland hafa svipaða hefð sem byggir á líkum grunni, á meðan hinar norrænu þjóðirnar hafa aðeins önnur gildi í forgrunni.“

Haarder segir fræðimenn á Norðurlöndunum gegna mikilvægu hlutverki við að deila þekkingu sinni með öðrum. Nefnir hann sem dæmi að innlegg forstöðumanns Námsmatsstofnunar á Íslandi hafi haft áhrif á það hvernig menn ákváðu að haga málum í Danmörku.

„Við eigum í góðu sambandi við Íslendinga og einn af ykkar ágætu fræðimönnum [Júlíus K. Björnsson], hefur skrifað og flutt erindi um menntamál sem mér finnst afar áhugaverð. Hann hefur fjallað um danska menntun af fræðilegri skarpskyggni í bland við ágætan húmor. Atriðin sem hann kom fram með hafa reynst mínu ráðuneyti vel við okkar vinnu og í raun gegnt veigamiklu hlutverki við breytingarferli sem við höfum innleitt.“

Júlíus K. Björnsson, forstöðumaður Námsmatsstofnunar, hefur flutt erindi um árangur samræmdra prófa og í því samhengi fjallað um hvernig Danir hafa hagað sínum málum, en í gegnum árin hefur lítið verið um samræmd próf í Danmörku. Sagt hefur verið í gamni að tvennt megi alls ekki gera við dönsk börn; berja þau og prófa þau. Haarder hefur komið á samræmdum prófum sem forysta kennarasambandsins hefur mótmælt af miklum þrótti. Nú er svo komið að rafrænum samræmdum prófum hefur verið komið á, þar sem hæfni um 700 þúsund barna er prófuð í tólf fögum árlega. Vonast er til þess að prófin hjálpi til við eftirlit með því sem má betur fara í dönskum skólum. Prófin eru umdeild meðal kennara, pólitískra andstæðinga og einnig innanflokksmanna í Venstre. „Það er ekki hægt að vera sammála um alla hluti en þetta er sú leið sem við ákváðum að fara og höfum trú á.“

### Verða að huga að inngöngu

„Það væri best að hafa sem flest lönd í Evrópusambandinu,“ segir Haarder. Hann undrast það að Íslendingar og Norðmenn séu ekki komnir í sambandið því það sé mikilvægur vettangur aukinnar þekkingar á hinum ýmsu sviðum, ekki síst á sviði menntamála. „Það er óneitanlega svolítið skrítið að Eistland, Lettland og Litháen séu komin inn í Evrópusambandið á undan ríkjum eins og Íslandi og Noregi, sem geta náð enn betri árangri sem þjóðir með inngöngu. Ég reikna með því að Íslendingar, líkt og Norðmenn, komist ekki hjá því að skoða inngöngu í Evrópusambandið alvarlega á næstu árum í ljósi þess hvernig það er að þróast.“

### BERTEL HAARDER

→ **Bertel Geismar Haarder er fæddur 7. september 1944. Hann hefur verið virkur í stjórnmálastarfi frá því hann var nemi í stjórnmálafræði við háskólann í Árhus. Hann lauk meistaranámi í stjórnmálafræði frá skólanum árið 1971.**

→ **Hann hefur gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum fyrir Venstre frá því hann var kosinn formaður ungra Venstre-manna árið 1972.**

→ **Hann hefur verið þingmaður síðan 1977, var menntamálaráðherra frá 1982 til 1993, átti sæti á Evrópuþingi frá 1994 til 2001 og var varaformaður þess frá 1997 til 1999. Er nú varaformaður Venstre og hefur verið menntamálaráðherra frá því 18. febrúar 2005.**




# Stórtónleikar í Smáranum

Við bjóðum ykkur velkomin á eina stærstu útitónleika sumarsins sem haldnir verða í kvöld í Smáranum kl. 20.30. Tónleikarnir eru hluti af menningardagskrá Kópavogsbæjar á Landsmóti UMFÍ. Nokkrar af vinsælustu hljómsveitum landsins koma fram en þar má nefna **Bubba** ásamt hljómsveitinni **Stríð og friður, Björgvin Halldórsson** með hljómsveitinni **Brimkló** og **Svitabandið** sem er ein vinsælasta hljómsveit landsins þetta sumarið. Stelpudúettinn **Hara systur** úr X-Factor halda uppi fjörinu, auk hinnar frábæru **Lay Low** sem syngur nokkur af sínum bestu lögum.

## - enginn aðgangseyrir!

Kynntu þér dagskrána á heimasíðu okkar http://landsmot.kopavogur.is

**Landsmót UMFÍ – frábær fjölskylduhátíð fyrir alla!**

UMSK RÚMFATA LAGERINN BÓNUS BYKO Coca-Cola SPK TOYOTA

2007
LANDSMÓTUMFÍ
KÓPAVOGI 5.–8.JÚLÍ

kaktus



## HLJÓÐFÆRI HUGANS
### Njörður P. Njarðvík skrifar um íslenskt mál

**Óskin**

Ég ætti að búa fjarri öllum mönnum. Mennirnir trufla mig. Hið ókunna hvíslar aldrei að mér, nema þegar ég er einn. Það hrökkva skærastir neistar af steinunum, þegar þeim er slegið saman í myrkri. Einveran er myrkrið mitt. Hvað skiptir það vinnufólkið, að ég vaki? Ég hef orðið þess var, að það hatar mig. Það er vegna þess, að ég læt mér ekki nægja jafn smásálarlegar óskir eins og það. Mínar óskir eru voldugar og takmarkalausar. Og í upphafi var óskin. Óskirnar eru sálir mannanna.

*Jóhann Sigurjónsson: Galdra-Loftur*

**Íbúð á ferð**

Birna Karlsdóttir benti mér á fasteignaauglýsingu þar sem segir: „Íbúðin er **stödd** á vinsælum stað í miðborg Reykjavíkur.“ Nú hef ég að vísu heyrt um sumarhús sem seld eru tilbúin til flutnings, en að íbúð sé stödd einhvers staðar, það þykir mér nokkur nýlunda. Það minnir mig á orðatiltæki sem ég lærði í Svíþjóð, að ýmislegt fái maður að heyra áður en eyrun detta af manni.

**Numu land?**

Í Vestfjarðablaði sem fylgdi Mbl. 15. júní, segir í fyrirsögn: „Þuríður sundafyllir og sonur hennar Völu-Steinn **numu** land í Bolungarvík.“ Þessi sögn beygist **nema-nam-námum-numið**, og því skal segja: **námu** land. Þetta má sjá í **Stafsetningarorðabókinni** nýju, þar sem kennimyndir sagna eru tilgreindar.

**Hrynjandi**

Í sama blaði segir einnig: „finndu **hrynjanda** hafsins“ – og er rangt. **Hrynjandi** er í rauninni tvö orð. Annars vegar karlkynsorð í merkingunni fall, hrun, en hins vegar kvenkynsorð, eins í öllum föllum, og merkir þá hreimur, hljóðfall, kveðandi – og þannig er orðið í þessu dæmi. Því skal segja: Finndu **hrynjandi** hafsins.

**Von**

Birgir Guðjónsson skrifar og kvartar undan misnotkun orðsins **von**: „Það er nú notað í tíma og ótíma, og jafnvel þar sem síst skyldi. Þannig eiga menn **von** á stórviðrum og gengisfellingum, svo að eitthvað sé nefnt. Enginn reiknar með einhverju, býst við, gerir ráð fyrir, telur líkur til einhvers o.s.frv.“ Vitnar hann í orð jarðfræðings í Mbl.: „Þar sem skriðan er utan alfaraleiða og er ekki á hættusvæði fyrir mannvirki eða fólk á ég ekki **von** á því að menn fari að taka út hættu á frekari berghlaupum á þessu svæði.“ Ekki þarf miklu við þetta að bæta, nema þá kannski að ekki þykir mér fallegt að **taka út hættu**.

Þetta minnir mig þó á það mikla uppistand sem varð þegar ég kvartaði undan því sem formaður útvarpsráðs endur fyrir löngu, að frétt af valdaráninu í Chile 1973 skyldi hefjast á orðunum: Það var ekki vonum seinna. Ég **vona** að menn átti sig á því að **von** merkir það sem maður þráir, óskar og væntir að verði. Þó má ekki gleyma þeirri merkingu sem felst í orðunum „það er **von** að þú segir það.“

**Braghenda**

*Hugarfar er fleyta innst*
*í förum mínum*
*og undir ljóðaseglum sínum*
*siglir beint að huga þínum.*



**VESTMANNAEYJAR** Búist er við miklum fjölda til Eyja um helgina í tilefni af goslokahátíð og fjölda brúðkaupa.

# Johnsen-ættin gerir sér glaðan dag

**Ættarmót njóta mikilla vinsælda meðal Íslendinga og á hverju sumri flykkjast hundruð landsmanna út á land til að hitta fjarskylda og nærskylda ættingja sína. Í Vestmannaeyjum kemur ein ætt saman um helgina sem er þekkt fyrir mikið stuð.**

„Það er alltaf mikið fjör þegar fjölskyldan kemur saman. Þú getur rétt ímyndað þér,“ segir þingmaðurinn Árni Johnsen en um helgina fer fram ættarmót hjá einum legg Johnsen-ættarinnar, þeim afkomendum sem tengdir eru Suðurgarði, en þar átti einmitt afi og nafni þingmannsins heima.

Eins og sönnu Johnsen-fólki sæmir verður mikið um dýrðir á ættarmótinu og er búist við að um 150 manns muni koma saman við tilefnið. Árni segir ættarmótin ávallt vera hina mestu skemmtun og er ekki ólíklegt að þingmaðurinn grípi í gítarinn og stjórni fjöldasöng þegar líða tekur á kvöldið. „Þetta er stór og lífsglöð ætt og verður eflaust stórskemmtilegt,“ segir Árni.

Mikið er um að vera í Eyjum um helgina en þá fer fram hin svokallaða goslokahátíð og er búist við talsverðum fjölda í bænum í tilefni hennar. Félag ungra sjálfstæðismanna hefur skipulagt hópferð til Eyja þar sem búast má við því að fólk skemmti sér fram eftir nóttu og þá eru sex stórbrúðkaup fyrirhuguð í bænum um helgina, með tilheyrandi gestafjölda og hátíðarhaldi.

Lögreglan í Eyjum er í viðbragðsstöðu vegna alls þessa fjölda fólks og verður aukamaður á vakt til vonar og vara. Lögreglan segist þó ekki eiga von á því að þurfa að skipta sér af ættarmótinu, enda sé Johnsen-fólkið ljúfmenni upp til hópa.

- vig



**ÁRNI JOHNSEN** Tekur ábyggilega lagið á ættarmótinu um helgina.

## HELGARKROSSGÁTAN









Lausn krossgátunnar er birt að viku liðinni á vefnum, www.gatur.net



25% afsláttur

**749** kr/kg. áður 999 kr/kg.
Humar 1 kg.




**3.799** kr/pk.
Humar 2 kg. í öskju



**999** kr/kg. áður 1.299 kr/kg.
Fjörfisks grill laxabitar mediterranian




29% afsláttur

**899** kr/kg. áður 1.266 kr/kg.
Goða BBQ grísarif



40% afsláttur

**1.354** kr/kg. áður 2.256 kr/kg.
Ísfugl kjúklingabringur án skinns



36% afsláttur

**899** kr/kg. áður 1.399 kr/kg.
Holta ferskur blandaður grillbakki



31% afsláttur

**249** kr/kg. áður 299 kr/kg.
Apríkósur, ferskjur, nektarínur og plómur

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda:5. júlí til 8. júlí eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

H:N markaðssamskipti / SIA Hönnun: Víkurfréttir




Vantar þig auka-pening?

Pósthúsið leitar að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana. Um er að ræða holla og hressandi útiveru, annars vegar á virkum dögum og hins vegar um helgar.

Njóttu þess að taka daginn snemma, hreyfðu þig og fáðu borgað fyrir það.

Allar nánari upplýsingar veitir dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330. Einnig er hægt að sækja um á www.posthusid.is

Pósthúsið er ungt og öflugt dreifingarfyrirtæki á sviði blaða- og vörudreifingar. Hjá Pósthúsinu starfa um sjöhundruð manns að uppbyggingu á fjölbreyttum og skemmtilegum vettvangi.

pósthúsið – ódýrari valkostur

Pósthúsið ehf | Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 585 8300 | posthusid.is




## STUÐ MILLI STRÍÐA Af geitum og erlendum sveitum

**SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR** ER HUNDELT AF ÍSLENDINGUM



Það er stundum alveg ótrúlega þægilegt að vera Íslendingur, og þá einna helst í útlöndum. Að tilheyra svona oggulítilli þjóð, með svona skemmtilega sérstakt tungumál, veitir ferðalöngum það frelsi að geta sagt nákvæmlega það sem þeim finnst um allt hið skringilega sem fyrir augu ber í utanlandsferðum. Ég get ekki annað en fundið til með þeim jarðarbúum sem tala alþjóðleg tungumál, bara vegna þessa.

Merkilegt nokk, þrátt fyrir smæðina og fjarlægðina og það allt saman, virðist Íslendingum og afurðum klakans samt oftar en ekki takast að hafa mig uppi á ferðalögum mínum. Fyrir mörgum árum síðan var ég til dæmis stödd í ponsulitlu fjallaþorpi á Ítalíu. Þar var ekkert að finna eða sjá nema íbúana sjálfa, sem voru af skornum skammti, einn veitingastað og sjoppu með skakka mynd af fjallinu sjálfu uppi á vegg. Þar sem ég er að fá mér fyrsta bitann af lasagnanu mínu – hvað heyri ég nema hið ástkæra, ylhýra! Og ekki nóg með það, heldur var þar fyrrum fjölskyldumeðlimur á ferð, sem hafði ekki hugmynd um að við værum einhvers staðar annars staðar en heima í stofu í austurhluta Reykjavíkur.

Í nýafstöðnu sumarfríi varð ég fyrir svipaðri upplifun þar sem ég sat á veitingastað í króatísku þorpi, sem að þessu sinni státaði af heilum fjórum sjoppum. Í þorpinu því heyrði ég mest í hundum, því næst geitum og loks innfæddum. Þar sem ég sötraði króatískan bjór á bryggjusporðinum barst mér hins vegar til eyrna ekta íslensk gæðatónlist frá umræddum veitingastað – Trabant á fullu blasti. Það var frekar súrrealísk upplifun.

Á leiðinni heim úr króatíska geitaþorpinu opnaði ég útlenskt tískublað á flugvelli allra Íslendinga, Kastrup. Og viti menn, hver starir þar í augu mér nema tískúgúrúinn og fyrrverandi samstarfsmaður minn, Ási of Iceland! Þrátt fyrir smæð og fæð virðist ekki vera þverfótandi fyrir okkur klaklendingum í útlöndum. Mér finnst það bara afspyrnu skemmtilegt.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** Eftir Kirkman/Scott



# BT

# NÝJASTA LÍNAN FRÁ TOSHIBA!




## TOSHIBA

PSPBGE-01900EN5
TOSHIBA SATELLITE P200-14T
Intel® Core 2 Duo T5500
- 1.66 GHz / 667 MHz / 2 MB
17" WXGA TruBrite skjár
- 1440 x 900 upplausn
nVidia GeForce Go 7600 128MB
2GB Vinnsluminni (1024x2-667)
200GB SATA Harður diskur
1.3MP netmyndavél og hljóðnemi
Dual Layer DVD skrifari
Innbyggt þráðlaust net
Lyklaborð með talnaborði (Full Size)
- með sex flýtihnöppum
Innbyggður 5 - 1 kortalesari
Harman Kardon hátalarar
4xUSB2 / FireWire / TV out
Aðeins 3.2kg á þyngd
Windows Vista™ Premium
2gja ára alþjóðleg ábyrgð

**169.999**

PASSAÐU GÖGNIN TAKTU AFRIT!



LACIE

FYLGIR
14.999

300968E
LaCie 320GB F.A. Porsche
útvær harður diskur fylgir!

VAR AÐ LENDA

**Intel Core 2 Duo**
Nýjasta fartölvutæknin frá Intel. Stóraukin afkasta-geta, lengri rafhlöðuending og aukið öryggi.

**nVidia GeForce Go 7600**
Aflmikið skjákort fyrir myndvinnslu og tölvuleiki. Gerðu kröfur um það besta.

**2GB Vinnsluminni**
Nauðsynlegt er að hafa gott vinnsluminni í tölvunni til að tryggja hraða vinnslu.

**200GB Harður diskur**
Þú getur geymt ógrynni af kvikmyndum, ljósmyndum og tónlist á 200GB hörðum disk.

**Innbyggð netmyndavél og mic**
Tölvan kemur útbúin netmyndavél og hljóðnema. Nú þarftu ekki að kaupa þetta aukalega.

BT LÁN™

| 16.850* | 9.207** | 6.660*** |
|---|---|---|
| 12 mánaða | 24 mánaða | 36 mánaða |

# APPLE IPOD FÆST Í BT!



Verð frá
**9.999**

**40x aðdráttur**
Carl Zeiss
Vario Tessar-linsa.

**30GB harður diskur**
Allt að 20 klst. upptaka á 30GB harðan disk.



ENGAR SPÓLUR ENGINN KOSTNAÐUR

**64.999**

## SONY

DCRSR32
800.000 HAD myndflaga
Allt að 20 klst. upptaka á 30 GB harðan disk
Carl Zeiss Vario-Tessar linsa
40x optical aðdráttur
2000x stafrænn aðdráttur
3G fallvörn á hörðum diski
2,5" LCD snertiskjár
Super SteadyShot - hristivörn
Super NighShot Plus - myndaðu í myrkri í lit
MemoryStick Duo - fyrir kyrrmyndir
USB 2.0
Tengistöð fylgir

**3G Fallvörn**
Ver harða diskinn fyrir falli og hnjaski.

BT LÁN™

| 6.566* | 3.630** | 2.652*** |
|---|---|---|
| 12 mánaða | 24 mánaða | 36 mánaða |

**!** **Í kvöld kl. 19**
*flytja Þórarinn Hjartarson og Ragnheiður Ólafsdóttir lög eftir ýmsa höfunda við ljóð Páls Ólafssonar á Gufunni. Þáttinn nefna þau Söng riddarans.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Slátur með tónleika í Aminu*

Í kvöld verða tónleikar í galleríinu Aminu í Ingólfsstræti. Þar er félagsskapurinn Slátur á ferð. Samtökin eru eldri en margan grunar en skammstöfunin stendur fyrir Samtök listrænt ágengra tónsmiða umhverfis Reykjavík. Tónleikarnir eru haldnir í tilefni veru tónskáldsins Klarenz Barlow á Íslandi. Flutt verða tvö nýleg verk eftir þennan merkilega og áhrifamikla tónsmið en annað verkanna er frumflutningur. Verkin byggja á afar sérstæðum hugmyndum höfundar sem tengjast eðli hljóðs og tilvitnunum í þekkt stef og hver veit nema lög eftir Prince skjóti upp kollinum í ófyrirsjánlegum tónvef. Klarenz tekur sér upp nýtt nafn í hverju landi sem hann kemur til og heitir á íslensku Klárus Bárður Albertsson þó sjálfur eigi hann rætur að rekja til Indlands. Hann hefur verið virkur tónsmiður í nær hálfa öld. Menntaður í Köln og Utrecht. Hann hefur víða kennt og er nú prófessor í Kaliforníuháskóla í Santa Barbara. Þar að auki verða flutt verk eftir Áka Ásgeirsson og Guðmund Stein Gunnarsson. Tíu flytjendur koma fram á tónleikunum sem hefjast kl. 20.


**TÓNLIST** Clarence Barlow leikur í Ingólfsstræti í kvöld.

**> Ekki missa af…**

Tónleikum Hanne Juul í Listagilinu á Akureyri kl. 16. Hanne Juul er ein atkvæðamesta vísnasöngkona Norðurlanda og mörgum áhugamönnum um tónlist hér landi vel kunn frá tíma sínum í Vísnavinum.

## Warhol í Skotlandi

Einn viðburða á Edinborgarhátíðinni í byrjun ágúst er gríðarstór yfirlitssýning á verkum Andy Warhol á Skoska Þjóðlistasafninu. Þar mun æja saman ólíklegustu verkum hans. Sýningar með verkum hans eru nær vikulegur viðburður árið um kring en þessi mun vera með stærri samantektum á ferli Warhol. Í ár eru tuttugu ár liðin frá andláti hans og nær fimmtíu ár frá því hann ákvað að verða listamaður en ekki auglýsingateiknari. Sýningin í Edinborg mun standa til 7. október. **- pbb**


**ANDY WARHOL**







**Sýningar á söguloftí**

**MR. SKALLAGRÍMSSON**

**Júlí:** 13. kl.20 uppselt,
14. kl.15 laus sæti
14. kl. 20 uppselt

**Ágúst:** 11. kl.20, laus sæti
12. kl.20, laus sæti
18. kl.20, laus sæti
19. kl.20, laus sæti
25. kl. 20 laus sæti
26. kl. 20
30. kl.20, laus sæti
31. kl.20 laus sæti

**Leikhústilboð í mat:**
Súpa, fiskréttur og kaffi kr. 2600
Súpa, kjötréttur og kaffi kr. 3200
Miða- og borðapantanir í síma 437 1600

Nánari upplýsingar
**www.landnamssetur.is**

LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS


# Þjóðlagahátíð brátt á enda

**Tveir dagar eru nú eftir af dagskrá Þjóðlagahátíðarinnar á Siglufirði. Henni lýkur á sunnudagskvöld. Hátíðin ber að þessu sinni heitið Ríma og eru kvæðamenn því áberandi í dagskránni. Í dag kl. 10 hefst langspilsþing á Kirkjuloftinu. Á sunnudag verða tvennir tónleikar.**


**TÓNLIST** Gunnsteinn Ólafsson frumkvöðull og stjórnandi Þjóðlagahátíðar á Siglufirði.

Það eru þau Örn Magnússon píanóleikari, Jerry Rockwell og Marit Steinsrud sem kynna þrjú forn en einföld strok- og sláttuhljóðfæri á þinginu: Langspil, dulsimer úr fjöllunum, og langleikinn norska. Marit verður síðar um daginn með tónleika og kynnir langleikinn frekar í Bræðslunni. Þá verður kammerkórinn Cappella Con Moto frá Þýskalandi með tónleika kl. 17 í Siglufjarðarkirkju. Um kvöldið er uppskeruhátíð í Bátahúsinu þar sem Narodna Musk leikur fyrir dansi.

Stærsti viðburður sunnudagsins eru tónleikar Sinfóníuhljómsveitar unga fólksins. Hún hefur undanfarnar vikur æft píanókonsert eftir armenska tónskáldið John Sarkissian. Konsertinn verður frumfluttur í kirkjunni á Siglufirði, sunnudaginn 8. júlí kl. 14.00 og í Neskirkju mánudaginn 9. júlí kl. 20.00. Einleikari með hljómsveitinni er landi tónskáldsins, Armen Babakhanian. Auk þess leikur hljómsveitin svíturnar tvær úr Pétri Gaut eftir Edvard Grieg í tilefni af 100 ára dánarártíð tónskáldsins. Stjórnandi og sögumaður á tónleikunum er Gunnsteinn Ólafsson.

Armen Babakhanian er armenskur píanóleikari. Hann leikur gjarnan með fremstu strengjakvartettum veraldar, á borð við ungverska Takács-kvartettinn, Lark-kvartettinn enska og bandaríska strengjakvartettinn. Flutningur hans með Takács-kvartettinum á kvintett eftir Schostakovich var kjörinn besti tónlistarflutningur ársins 1995.

John Sarkissian tónskáld býr og starfar í Berlín í Þýskalandi. Hann ólst upp meðal armenska minnihlutans í Íran en hefur lengst af búið í Bandaríkjunum. Hann hefur samið fjölda verka, þar á meðal sönglög, verk fyrir einleikshljóðfæri og tvo konserta fyrir píanó. Um þessar mundir vinnur hann að óperu.

Sinfóníuhljómsveit unga fólksins var stofnuð 7. nóvember 2004. Hljómsveitin er skipuð rúmlega 50 nemendum úr tónlistarskólum á höfuðborgarsvæðinu sem lengst eru komnir í námi. Hljómsveitin tekst að jafnaði á við þrjú verkefni á ári.

Fyrr um daginn kl. 11. er Duo Ríma með tónleika í Gránu. Þar flytja þær Erika Söderström víóluleikari og Gunnhildur Halla Guðmundsdóttir sellóleikari meðal annars nýtt verk eftir Hafdísi Bjarnadóttur.

Þjóðlagahátíðin er fyrir löngu tekin að setja mikinn svip á bæjarlífið þessa daga þá hún stendur. Henni var valinn staður sökum starfs séra Bjarna Þorsteinssonar klerks og framámanns á Siglufirði, en þaðan vann hann sína miklu söfnun á íslenskum þjóðlögum. Þar er nú komið á stað setur til rannsókna á íslenskum þjóðlagaarfi.

**pbb@frettabladid.is**

# Apókrýfa í Skálholti og fleira

Sumartónleikar í Skálholti halda áfram: stórviðburður helgarinnar er Íslandsfrumflutningur á nýju verki eftir Huga Guðmundsson, APOCRYPHA, sem jafnframt er lokaverkefni hans úr Sonologystofnuninni í Den Haag í Hollandi. Verkið er fyrir mezzósópran, barokkhljóðfæri og gagnvirk tölvuhljóð og fyllir heila tónleika. Þeir áttu að vera í dag kl. 15 en verða færðir til kl. 17. Þess í stað verða tónleikar Nordic Affect kl. 15. Að öðru leyti er dagskrá helgarinnar óbreytt.

Í dag verður haldinn fyrirlestur kl. 14.00 sem ber yfirskriftina „Hvað er Apocrypha?“. Verkið verður svo flutt tvívegis á Sumartónleikum, í dag og á morgun. Flytjendur eru barokksveitin Nordic Affect og Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir mezzósópran. Stjórnandi er Daníel Bjarnason. Um stjórn tölvunnar og aðra tæknilega stjórnun sér Hugi sjálfur. Verkið var frumflutt þann 29. júní sl. í Den Haag og hlaut frábærar viðtökur. Hugi Guðmundsson hefur vakið mikla athygli seinustu misseri fyrir tónsmíðar sínar. Eftir lokapróf frá tónfræðadeild Tónlistarskólans í Reykjavík vorið 2001 hélt Hugi til Kaupmannahafnar til áframhaldandi tónsmíðanáms við Konunglegu tónlistarakademíuna og lauk MMus gráðu þaðan vorið 2005. Nú í vor lauk hann svo mastersnámi í raf- og tölvutónlist frá Sonology-stofnuninni í Den Haag í Hollandi. Það var lokaverkefni hans verkið Apocrypha.


**HUGI GUÐMUNDSSON TÓNSKÁLD** Nýtt verk hans verður frumflutt í Skálholti í dag.

Verk Huga spanna allt frá einleiksverkum til hljómsveitarverka og eru verk hans leikin reglulega bæði hér heima og erlendis. Hann hefur starfað með mörgum af helstu tónlistarmönnum og –hópum landsins. Verkið Adoro te devote sem hann skrifaði fyrir Mótettukórinn og Raschér saxafónkvartettinn var tilnefnt til íslensku tónlistarverðlaunanna 2005. Hann var tilnefndur annað árið í röð til þeirra verðlauna árið 2006, þá fyrir verkið Eq. IV: Windbells en það verk hafði sama ár hlotið viðurkenningar í báðum verðlaunaflokkunum á alþjóðlega tónskáldaþinginu í París, Rostrum 2006. Eq. IV: Windbells, sem upphaflega var skrifað fyrir tónleika Caput-hópsins á heimssýningunni í Japan 2005, er nú eitt af mest leiknu verkum Huga og verður það til að mynda flutt þrisvar sinnum utan Íslands í ágúst. Reyndar vill það svo til að tveir flutninganna fara fram samtímis í Svíþjóð og Danmörku hvor á sinni tónlistarhátíðinni.

Barokksveitin Nordic Affect átti að setja endapunktinn á Sumartónleikana en mun nú leika á fyrri tónleikum dagsins. Þar verða flutt níu verk frá sautjándu og átjándu öld. Nordic Affect var stofnaður 2005 af Höllu Steinunni Stefánsdóttur barokkfiðluleikara og Karl Nyhlin lútuleikara. Í hópnum eru hljóðfæraleikarar frá Evrópu, Bandaríkjunum og Ástralíu. Þau eiga það sameiginlegt að vilja veita fólki innsýn í ríkidæmi tónlistar 17. og 18. aldar og koma að flutningi nútímatónlistar á upprunaleg hljóðfæri. Hljóðfæraleikararnir hafa komið víðs vegar fram á tónleikum og tónlistarhátíðum bæði austan hafs og vestan. Á þessum fyrstu starfsárum hefur NoA komið fram á Norðurlöndunum, þ.m.t. á Sumartónleikum í Skálholti og Renaissance Music Festival í Kaupmannahöfn. Nú í vor hrundu þau af stað tónleikaröð í Þjóðmenningarhúsinu, Reykjavík. Helstu verkefni sumarsins eru tónleikahald í Haag í Hollandi og á Sumartónleikum í Skálholti.

Ókeypis aðgangur er að öllum tónleikum og fyrirlestrum. Tónleikahátíðin hefur frá upphafi lagt áherslu á barrokk- og samtímatónlist, og er sú eina sinnar tegundar hér á landi. Umfang og starfsemi hátíðarinnar hefur vaxið frá ári til árs og laðar nú að sér erlenda tónlistarmenn og fjölda ferðamanna. Upplýsingar um dagskrá er að finna á www.sumartonleikar.is.

**pbb@frettabladid.is**







# BRÚÐKAUP FRAMUNDAN?

BRÚÐARGJAFALISTAR • GJAFABRÉF • KLASSÍSKAR BRÚÐARGJAFIR



Á kaffihúsinu sem Te og kaffi starfrækir í Saltfélaginu er ilmandi kaffi á boðstólum alla daga. Opið frá kl. 10-18 virka daga og 11-16 laugardaga.

ENNEMM / SÍA / NM28735

## > TÍSKUFRÉTTIR

**Laetitia Casta** er nýtt andlit Miu Miu en meðal annars hafa Lindsay Lohan, Camilla Belle, Kim Basinger, Selma Blair og Maggie Gyllenhaal gegnt því hlutverki áður.

**Fyrirsætan Jodie Kidd** hyggst hanna sína eigin fatalínu. Línan á að vera „casual“ og einföld. „Ég varð allt í einu mjög áhyggjufull yfir því að öllum myndi finnast stíllinn minn ömurlegur svo ég ákvað að hafa þetta einfalt. Allar flíkurnar eru eitthvað sem ég myndi klæðast,“ sagði Kidd en hönnun hennar verður framleidd undir tískumerkinu Oli.

**Daisy Lowe** mun taka við af Kate Moss sem andlit Agent Provacateur í ágúst. Stúlkan hefur áður verið andlit Whistles en hefur áður sagt að Kate hafi hrifsað Agent Provacateur-samninginn af henni þar sem henni hafði þá þegar boðist starfið.

# stíll

utlit@frettabladid.is

## OKKUR LANGAR Í ...



**Töffaralegt kolkrabbahálsmen** úr smíðju Alex&Chloé og fæst í Glamúr.



**Gul og gæjaleg sólgleraugu** frá hinum frábæra Henrik Vibskov. Fæst í Kronkron.



**Ótrúlegur „parisian chic“** hattur frá Isabel Marant. Fæst í Kisunni.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

Borghildur Gunnarsdóttir

# Mjónufordómar

Þegar tískuheiminn ber á góma er holdafar vinsælt umræðuefni. Kate Moss hefur verið kennt um átröskun breskra unglingsstúlkna og sífellt er talað um hve „hrikalega“ og „viðbjóðslega horaðar“ fyrirsæturnar eru. Ég er alls ekki hlynnt því sjálf að einu holdafari sé fagnað svo miklu meir en öðru en ég er algjörlega á móti því viðhorfi að allt grannt fólk sé talið veikt. Í vestræna heiminum virðist offita vera orðin svo algeng að það þykir ekki lengur eðlilegt að vera grannur. Það er sett samasemmerki á milli þess að vera grannur og að vera með anorexíu eða búlimíu.

Að mínu mati er þetta hættuleg þróun og fullt af grönnu fólki líður mjög illa vegna sífelldra athugasemda annars fólks um holdafar þess. Ég veit þetta vegna þess að ég er ein af því „óheppna“ fólki sem er grannt að eðlisfari og get ekki talið allar þær dónalegu athugasemdir sem ég hef fengið í gegnum árin. Það þykir mjög sjálfsagt að pota í grannt fólk og spyrja hvort það borði bara aldrei neitt á meðan enginn myndi dirfast að pota í þá þykku.

Í Blaðinu í gær var gerð úttekt á grönnum leikkonum. Fyrirsögnin var „Á fimmtugsaldri og þvengmjóar“. Ég efast um að efnahvörf mín breytist mikið á næstu áratugum þar sem þau hafa ekkert breyst allt mitt líf. Helst vil ég ekki að þegar ég verð á fimmtugsaldri og ennþá grönn verði ég kölluð „þvengmjó“. Leikkonurnar í greininni eru þær Calista Flockhart, Courtney Cox, Michelle Pfeiffer og fleiri. Ég man ekki eftir því að þessar leikkonur hafi einhvern tíma verið annað en grannar og finnst því algjör óþarfi að skrifa um það grein að þær „telji hvert einasta gramm sem á þær sest“. Eflaust er þetta þeim mjög náttúruleg þyngd. Calista Flockhart greyið fær sífellt anorexíustimpilinn og í greininni er bent á að hún mætti nú leyfa sér að bæta aðeins á diskinn sinn. Heldur greinarhöfundur virkilega að hún hafi aldrei reynt að bæta á sig eftir alla gagnrýnina sem hún hefur mátt þola? Og hvers vegna heldur fólk að það eina sem grannt fólk þurfi að gera til að þyngjast sé að borða meira?! Ég sjálf væri löngu búin að bæta á mig ef svo væri. Gaman verður að sjá hvort bráðlega birtist grein í Blaðinu um leikkonur sem setja OF MIKIÐ á diskinn sinn. Ég fylgist spennt með.

Annars vona ég að fólk fari að átta sig og hætta þessum mjónufordómum því öll erum við jú falleg eins og við vorum sköpuð. Og hana nú!



**GASPARD YURKIEVICH** Sumarlína hönnuðarins fyrir árið 2008 var stútfull af spennandi samsetningum og fallegum litum.



**PRJÓNAVESTI** Skærlitaðir sokkar við fína skó, hrikalega töff. Rokkabillí-greiðslan skemmir heldur ekki.



**SNYRTILEGUR EN TÖFF** Stuttermaskyrta og gulur bolur látinn gægjast niður úr ermunum. Snyrtilegheitin poppuð upp.



**STUTTBUXUR** Gráar og fínar frá Siv Støldal og fást í Kronkron.



**RÖNDÓTT** Fölgulur og ljósgrár eru dásamlegir saman. Peysa frá Rykiel Homme, herralínu Soniu Rykiel. Fæst í Kronkron.

Hvað er að frétta?

Fréttir af fólki_

www.visir.is



# Ungir og hressandi herrar

Það hefur mikið verið um að vera á herratískuvikunum undanfarna daga og síðasta sunnudag lauk tískuvikunni í París. Meðal þeirra sem sýndu þar var Gaspard Yurkievich en hann er hönnuður sem kannski ekki allir kannast við. Hann fékk nýlega viðurkenningu fyrir hönnun sína og á tískuvikunni sýndi hann unglega og hressilega línu. Þar var hann á meðal stórra nafna eins og Jean Paul Gaultier, Dries Van Noten og John Galliano en skein alveg jafn skært.

Bómullarbolir með áprentuðum bókstöfum, risastór sólder, skærlitaðir sokkar og glansandi fínir skór var meðal þess sem mátti sjá í línunni. Litir eins og mintugrænn, fölgulur, grár, svartur og hvítur voru áberandi og bolir í lit voru látnir gægjast niður úr ermum á fínlegum stuttermaskyrtum. Ótrúlega skemmtileg blanda af snyrtilega stílnum og þeim unglega og hressa.

- bor






**GARNAFLÆKJA** Flott grafík á hvítum bol frá Henrik Vibskov. Fæst í Kronkron.

**MORRISSEY** Þessi bolur eftir Marc Hundley frá aNYthing fæst í Belleville.



**FÍNIR** Þessir unaðslega fínu mintugrænu skór fást í Kronkron.





**KATE MOSS** Hún klæddist svörtu leggingsbuxunum sínum á Glastonbury-hátíðinni og var svaka fín í drullunni.

# Hermikrákan Victoria

Kate Moss er „trendsettari“ eins og flestir vita en fæstir vita það þó jafnvel og Victoria Beckham sem er alls ekki þekkt fyrir sjálfstæðar tískuákvarðanir. Fótboltaeiginkonan hefur verið ansi gjörn á að herma eftir Moss og má þá til dæmis nefna jakkafatavestin sem Kate var með þeim fyrstu til að sporta. Victoria var ekki sein að stela þeim stíl og þrammaði um allt í þröngum buxum og vesti en hún hefur aldrei farið leynt með aðdáun sína á Kate.

Aðdáunin hefur þó sjaldan verið eins augljós og þegar þær stöllur í Spice Girls kynntu endurkomu sína. Þetta var þann 28. júní en þá klæddist Victoria svörtu lífstykki og níðþröngum glansandi svörtum leggings úr gervileðri eða „pleather“. Það væri sosum ekki í frásögur færandi nema vegna þess að Kate Moss klæddist nákvæmlega sömu leggings nánast alla Glastonbury-hátíðina og var mynduð í þeim þann 23. júní. Það tók Victoriu aðeins fimm daga að stela stílnum og má því segja að hún sé orðinn atvinnumanneskja í greininni.

Buxurnar eru frá nýju tískumerki að nafni Les Chiffoniers og fást í Browns í Bretlandi. Eflaust seljast þær ágætlega þessa dagana. - bor



**VICTORIA BECKHAM** Það tók hana aðeins fimm daga að stela stílnum en hún hefur aldrei farið leynt með aðdáun sína á Kate.



**TÖFFARA-STÆLAR** Skræpóttar stuttbuxur, gular leggings og fínpússaðir skór við.



**MINTUGRÆNT** Hrikalega töffaralegt vesti frá Yuko Yoshitake. Fæst í Belleville.



**LJÓSGRÁAR** Flottar buxur í dásamlega töff sniði frá Raf by Raf Simons. Fást í Belleville.



**GLERAUGNA-MYNSTUR** Dökkblá bómullarpeysa með flottu gleraugnamynstri úr smiðju Yuko Yoshitake. Fæst í Belleville.




fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

# Stefnt á heimsmet í vatnsbyssubardaga

Útvarpsstöðin FM957 stendur fyrir heimsmetstilraun á Landsmóti UMFÍ á morgun sem felst í að ná að minnsta kosti 1.195 manns saman í vatnsbyssubardaga sem háður verður á stóru svæði vestan við Fífuna í Kópavogi. Núverandi met, 1.194 manns, var sett fyrir nokkrum árum í Bandaríkjunum.

„Ég var að fletta í gegnum heimsmetabók Guinness fyrir tilviljun fyrir nokkrum mánuðum og sá þetta met sem mér fannst heldur lítið til koma. Ég hugsaði strax að við hlytum að geta gert betur,“ útskýrir útvarpsmaðurinn Heiðar Austmann sem á heiðurinn að hugmyndinni. Búist er við miklu fjölmenni við Kópavogsvöll í tilefni Landsmótsins um helgina og skora



ENGIN MISKUNN Ljóst er að fólk mun blotna í vatnsbyssustríðinu í dag og telja má líklegt að starfsmenn FM verði helstu skotmörk þáttakenda. Hér fá útvarpsmennirnir Brynjar Már og Heiðar Austmann að finna fyrir því. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Heiðar og félagar á sem flesta að vera með. 2.000 vatnsbyssur og bolir verða afhentir þátttakendum á staðnum en sjálfsagt er að fólk mæti með eigin vatnsbyssur. Til að slá metið þarf tiltekinn fjöldi að sprauta úr vatnsbyssunum á sama tíma í ákveðinn tíma og til að geta staðfest metið mun gjörningurinn verða festur á myndband. „Draumurinn er að láta frá okkur allar vatnsbyssurnar og stórbæta heimsmetið,“ segir Heiðar.

Vatnsbyssubardaginn verður flautaður á um klukkan 15 en í kringum hann hefur verið smíðuð glæsilega skemmtidagskrá þar sem Jógvan, Viggi og Hreimur, söngvarinn Alan munu koma fram meðal annars. - vig

# McCartney og Mills verða nágrannar

Sir Paul McCartney og Heather Mills stefna að því að verða nágrannar. Þetta kom fram á erlendum slúðurvefjum í gær. Samkvæmt þeim hyggst Mills kaupa sér hús nærri villu Pauls í East Sussex. Samkvæmt vefsíðu Now tímaritsins langar Mills að búa í Rye en það er aðeins í nokkurra mínútna fjarlægð frá híbýlum bítilsins fyrrverandi. Þykir þetta til marks um að þíða sé komin í samskipti fyrrum hjónakornanna eftir hálfgert stríðsástand þegar þau skildu.

Daily Mirror hefur eftir heimildarmanni sínum að þetta hefði verið óhugsandi fyrir nokkrum mánuðum en nú sé öldin önnur. „Þau vilja veg dóttur sinnar, Beatrix, sem mestan og gera sér grein fyrir því að hún þarf á báðum foreldrum sínum að halda,“ hefur blaðið eftir heimildarmanni sínum.



MCCARTNEY OG MILLS Ætla ekki að láta eigin deilur bitna á dóttur sinni.

# *Hjónabandserjur*

Hjónaband Juliu Roberts og Danny Moder er í uppnámi þessa dagana. Álit Roberts á fjölskyldu eiginmannsins hefur aldrei verið hátt, en systir Danny, Jyl, hefur átt við áfengisvandamál að stríða í mörg ár. Leikkonan krafðist þess að Moder-fjölskyldan færi í sálfræðimeðferð þegar hún var ólétt að tvíburunum Phinnaeus og Hazel, sem eru nú á þriðja ári. Hún gerði sömu kröfu þegar von var á þriðja barna hjónanna, sem fæddist 18. júní síðastliðinn. Í þetta skiptið vildi Roberts fylgja fjölskyldunni til sálfræðingsins. Tengdafólk hennar var ekki hrifið af hugmyndinni og hætti í meðferð. Roberts er ekki hrifin af þeirri ákvörðun og hefur nú hótað tengdafólki sínu að það fái ekki að sjá nýfætt barnið fyrr en það fari aftur í meðferð.

Þessi afstaða Juliu er ekki til þess fallin að stuðla að hamingjusömu fjölskyldulífi, og samkvæmt National Enquirer er hjónabandið í hættu.



ÚRSLITAKOSTIR Julia Roberts hefur hótað tengdafólki sínu að það fái ekki að sjá nýfæddan son hennar nema það komi sér í sálfræðimeðferð.



GRAPEVINE TÓNLEIKAR Ultra Mega Technobandið Stefán er ein af fjórum hljómsveitum sem spila í Sirkusgarðinum í dag.

# Stuð á Sirkus

Tónleikaröð Reykjavík Grapevine, Take me down to Reykjavík City, heldur áfram í dag. Tónleikarnir fara fram í garðinum á Sirkus við Klapparstíg og verða í tvennu lagi að þessu sinni.

Fyrri tónleikarnir eru frá klukkan 16 til 18 og þá spila hljómsveitirnar Retro Stefson og Rafhans. Sirkusmarkaðurinn verður í fullum gangi þannig að fólk getur slegið tvær flugur í einu höggi, keypt sér eitthvað fallegt og hlustað á hressandi tónlist á meðan.

Í síðara hollinu sem stendur frá 21 til 23.30 spila svo hljómsveitirnar Reykjavík! og Ultra Mega Technobandið Stefán. Þá væri tilvalið að dansa trylltan dans í tilefni sumarsins, sólarinnar og bara af hvaða öðru tilefni sem er. Frítt er á tónleikana.



AFTUR SAMAN Vilhjálmur og Kate Middleton hafa tekið saman á ný eftir stutt hlé.

# Kate Middleton er framtíðardrottning Bretlands

**Bretar geta tekið gleði sína á ný því að framtíðarkonungsefni landsins er aftur komið á fast. Ekki er þó ný drottning komin í höllina því Vilhjálmur og Kate Middleton hafa tekið saman á ný.**

Breska blaðið The Sun tilkynnti um endurfundi Vilhjálms Bretaprins og Kate Middleton á forsíðu sinni í gær. Samband Kate og Vilhjálms lauk í vor þegar kóngurinn taldi sig þurfa að sletta aðeins úr klaufunum og njóta lífsins í hernum. Kate vildi hins vegar fá hring á fingur og stórt brúðkaup sem samræmdist vonum og væntingum bresku þjóðarinnar um nýtt „Díönu-og-Karls brúðkaup.“

Konungsefnið fór hins vegar fljótlega að sakna Kate og var hún meðal annars á góðgerðartónleikunum á Wembley sem haldnir voru til minningar um Díönu prinsessu. Þar héldu þau þó hæfilegri fjarlægð hvort frá öðru. Slúðurblöðin bresku voru hins vegar ekki lengi að birta vangaveltur um að eldurinn í hjörtum þeirra hefði kviknað að nýju og greindi News of the World meðal annars frá því í sunnudagsblaði sínu eftir tónleikana að þau hefðu átt næturgaman eftir tónleikana.

Og nú virðast þau vera komin úr felum með sambandið eftir að Vilhjálmur sannfærði Kate um að það væri þess virði að vera í sambandi við næsta kóng Bretlands. „Þau eru nánari en nokkru sinni fyrr,“ hefur The Sun eftir heimildarmanni sínum. „Þau tóku eitt skref aftur, veltu hlutunum aðeins fyrir sér og áttuðu sig á hvaða tilfinningar þau bera hvort til annars,“ bætir nafnlausi heimildarmaðurinn við.

Og ekki eru Bretar lengi að taka við sér, eru nú þegar byrjaðir að velta því fyrir sér hvenær kirkjuklukkurnar verði látnar hringja og boðað verði til brúðkaups í Buckingham.

Líklegt er hins vegar talið að ef sambandið gengur snurðulaust fyrir sig verði slíkt ekki að veruleika fyrr en árið 2009 þegar Vilhjálmur hefur lokið herþjónustu sinni.



Landsins mesta úrval af Tréleikföngum.
- Þríhjól, Fjórhjól, Rugguhestar, Hlaupahjól, Dúkkuvagnar ofl.
Sendum í póstkröfu
Velkomin á Völuskrín.is
Á Völuskrín.is getur þú skoðað og pantað mikið úrval af glæsilegum leikföngun, skemmtilegum spilum og fallegum gjöfum. Einnig bjóðum við þig velkomin að heimsækja okkur í verslunina að Laugavegi 116.
Leikföng - Púsluspil - Gestaþrautir - Fjölskyldu og fullorðinsspil - Hringlur yfir vagn og rúm - Mikið úrval af Hljóðfærum - Barna öryggisfestingar - Falleg tré Sjörnumerkin
Fatahengi - Dúkkuhús og fylgihlutir - Trélestar - Byggingasett - Kubbar - Rugguhestar - Bakpokar - Ýmislegt í herbergið - Sérvara fyrir leikskóla og grunnskóla ofl....
Ótrúlegt úrval af spilum!!!
- Frá 2ja, 3ja, 4ra, 5 og 6 ára til 99 ára
Gesta-þrautir
Völuskrín.is
Við erum reglulega með spennandi tilboð á völuskrín.is. Skráðu þig á póstlistann til að fá sendar fréttar þegar ný tilboð verða sett inn.
Völuskrín ehf | Laugavegi 116 | 101 Reykjavík | 552 7010

NÝTT Í BÍÓ!





| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | | |
|---|---|---|
| EVAN ALMIGHTY | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10 | |
| DIE HARD 4.0 | kl. 2 - 5 - 8 - 10.45 | 14 |
| DIE HARD 4.0 LÚXUS | kl. 2 - 5 - 8 - 10.45 | |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 1.30 - 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| HOSTEL 2 | kl. 8 - 10.10 | 18 |
| SPIDERMAN 3 | kl. 2 - 5 | 10 |

| REGNBOGINN SÍMI 551 9000 | | |
|---|---|---|
| THE LOOKOUT | kl. 3 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| DIE HARD 4.0 | kl. 3 - 5.40 - 8.20 - 11 | 14 |
| PREMONITION | kl. 3 - 5.45 - 8 -10.15 | 12 |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 3 - 6 - 8.20 -10.30 | |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| EVAN ALMIGHTY | kl. 4 - 6 -8 - 10 | |
| DIE HARD 4.0 | kl. 5.15 - 8 - 10.45 | 14 |
| PREMONITION | kl. 3.45 - 5.45 - 8 -10 | 12 |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | |

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| EVAN ALMIGHTY | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10 | |
| DIE HARD 4.0 | kl. 8 - 10.20 | 14 |
| PREMONITION | kl. 6 | 12 |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 2 - 4 | |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Borgarbíói merktar með rauðu

MIÐASALA Á midi.is BÍÓ.IS

# Umhverfisverndarsinnar þinga

„Þarna verða fyrirlesarar frá 15 löndum, meðal annars prófessor í loftlagsbreytingum frá Kanada sem hefur verið í forsvari fyrir nefnd Sameinuðu þjóðanna um loftlagsbreytingar,“ segir Sigurður Harðarson, skipuleggjandi ráðstefnunnar Hnattrænar afleiðingar stóriðju og stórstíflna, sem er haldin nú um helgina.

Fjallað verður um stöðuna á Íslandi og hún tengd við það sem er að gerast annars staðar á hnettinum.

„Það sama er að gerast úti um allan heim. Þetta eru sömu fyrirtækin sem eru að vinna hér og úti í heimi.“ Sigurður er uggandi yfir mögulegri yfirtöku Alcoa á samkeppnisfyrirtækinu Alcan.



**ANDRI SNÆR** Rithöfundurinn kunni verður með framsögu á ráðstefnunni Hnattrænar afleiðingar stóriðju og stórstíflna.

„Þegar fyrirtæki eru orðin svona stór geta þau haft rosaleg áhrif á svona lítið efnahagskerfi eins og það íslenska.“

Auk erlendu umhverfisverndarhópanna verða rithöfundarnir Andri Snær Magnason og Guðbergur Bergsson með framsögur. Ómar Ragnarsson, Guðmundur Beck, fyrrum bóndi að Kollaleiru í Reyðarfirði, og fulltrúar hinna mörgu íslensku umhverfisverndar samtaka munu einnig flytja erindi.

Frítt er inn á ráðstefnuna sem stendur frá kl. 11 til 18 báða dagana. Nánari upplýsingar má finna á Savingiceland.org og Hotelhlid.is.

-jar



**TIL KÓREU AÐ LEIKA** Huld Óskarsdóttir og Álfheiður dóttir hennar, sem fæddist í leigubíl fyrr á árinu, eru á leið á leiklistarhátíð í Kóreu í lok mánaðarins. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Á leiklistarhátíð í Kóreu

**Huld Óskarsdóttir og félagar úr leiksýningunni Memento Mori eru á leið til Suður-Kóreu til að sýna. Huld segir þetta mikinn heiður.**

„Við erum öll rosalega spennt fyrir því að fara svona langt,“ segir Huld Óskarsdóttir, einn leikaranna úr leiksýningunni Memento Mori, sem hefur verið boðið til Suður-Kóreu á alþjóðlega áhugamanna- leiklistarhátíð IATA-samtakanna. „Þetta er allra stærsta hátíðin sem er haldin í heiminum fyrir áhugaleikhúsfólk. Það eru bara tuttugu sýningar sem eru valdar úr stórum hópi umsækjenda þannig að þetta er mikill heiður fyrir okkur.“

Huld hefur farið til nokkurra landa til að sýna leikrit. Hún segir að það sé ótrúlega skemmtilegt að sjá heiminn með þessum hætti. Þau séu með heimamönnum allan tímann og upplifi löndin allt öðru vísi en ef þau væru ferðamenn. „Við fórum til Lettlands að sýna og þar var okkur tekið eins og þjóðhetjum. Sumt fólkið hafði aldrei séð ferðamenn áður og krakkarnir í barnaskólanum voru búnir að vinna verkefni um Ísland í þrjár vikur í tilefni komu okkar.“ Hún hlakkar líka mikið til að koma til Kóreu og upplifa allt aðra menningu og siði en við þekkjum frá Vesturlöndum.

Sýningin Memento Mori er frumsamið verk eftir Hrefnu Friðriksdóttur, lögfræðing hjá Barnaverndarstofu, sem fjallar um dauðleikann. Þetta er samstarfsverkefni Leikfélags Kópavogs og Hugleiks og var upphaflega sett upp árið 2004. Leikhópurinn fór með sýninguna á alþjóðlegu leiklistarhátíðina sem var haldin á Akureyri fyrir tveimur árum og unnu þar verðlaun fyrir bestu sýninguna. Þau fóru einnig með hana á hátíð í Færeyjum í fyrra. „Alls staðar þar sem við höfum sýnt höfum við fengið boð um að sýna á fleiri hátíðum erlendis en þetta er auðvitað dýrt og tímafrekt og við erum öll að vinna við eitthvað annað líka.“

Leikhópurinn stendur fyrir opnum fjáröflunaræfingum í dag og á morgun. „Sýningin er sýnd í heild sinni en ekki með öllum ljósunum og svona, þess vegna köllum við þetta opna æfingu en ekki sýningu,“ segir Huld.

Sýningarnar verða í Möguleikhúsinu við Hlemm klukkan 20 bæði kvöldin. jara@frettabladid.is

SAMBÍÓIN www.SAMbio.is 575 8900 midi.is



| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| EVANT ALMIGHTY | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10:10 | L |
| EVANT ALMIGHTY VIP | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10:10 | L |
| SHREK 3 M/- Ensku TAL | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10:10 | L |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| MEET ROBINSON | kl. 2 | L |
| BLIND DATING | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | 10 |
| OCEAN´S 13 | kl. 8 - 10:30 | 7 |
| PIRATES 3 | kl. 2 - 5:30 | 10 |
| ZODIAC | kl. 9 | 16 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL DIGITAL | kl. 2:15 - 4:15 - 6:15 | L |
| SHREK 3 M/- Ensku TAL DIGITAL | kl. 8:15 - 10:20 | L |
| CODE NAME CLEANER | kl. 2 - 4 - 6 - 8 | 10 |
| OCEAN´S 13 | kl. 10:10 | 7 |
| PIRATES 3 | kl. 2:15 - 5:30 - 8:40 | 10 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| EVAN ALMIGHTY | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10 | L |
| DIE HARD 4 | kl. 8 - 10:30 | 14 |
| SHREK 3 | kl. 2 - 4 - 6 | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| SHREK 3 M/- Ensku TAL | kl. 6 - 8 - 10:10 | L |
| BLIND DATING | kl. 8 - 10:10 | 10 |
| PIRATES 3 | kl. 2 | 10 |

SPARBÍÓ 450 kr á allar sýningar merktar með appelsínugulu í SAMBÍÓUNUM ÁFABAKKA, AKUREYRI, KEFLAVÍK

Nýtt í bíó LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus



LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| EVAN ALMIGHTY | kl. 2, 4, 6, 8 og 10 | L |
| DIE HARD 4.0 | kl. 7.30 og 10-POWER | 14 |
| SHREK 3 enskt tal | kl. 2, 4, 6 og 10 | L |
| SHREK 3 íslenskt tal | kl. 2, 4, 5.45 og 8 | L |

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is




SparBíó* 450kr
Á EFTIRTALDAR SÝNINGAR laugardag og sunnudag
www.SAMbio.is


EVAN ALMIGHTY KL. 2 Í ÁLFABAKKA
SHREK 3 KL. 2 Í ÁLFABAKKA, KEFLAVÍK OG Á AKUREYRI (ísl. og enskt tal)
MEET ROBINS. KL. 2 Í ÁLFABAKKA
PIRATES 3 KL. 2 Í ÁLFABAKKA OG KL 2 Á AKUREYRI

# Arne Aarhus aftur á skjáinn

**Nýir þættir um hálfíslenska ofurhugann Arne Aarhus hefja göngu sína á Skjá einum á sunnudag. Framleiðandi þáttarins lofar svakalegri áhættuatriðum en nokkru sinni fyrr.**

„Núna er Arne að prófa allt hitt í þessu sporti og „base-stökkin“ eru í lágmarki. Hann er að prófa alls kyns áhættusport eins og svifdrekaflug, teygjustökk á framandi stöðum, fallhlíf með mótor, spíttbátaakstur um jökulsár og flugvél í vír,“ segir Steingrímur Dúi Másson framleiðandi en síðastnefnda sportið gengur út á að sitja í flugvél án vængja sem hengd er á uppstrengdan vír. Flugvélin sveiflast síðan í allar áttir á gríðarlegum hraða. „Mörg atriðin eru alveg rosaleg,“ segir Steingrímur.

Arne Aarhus varð landsfrægur eftir að hafa komið fram í þáttunum Adrenalín á Skjá einum fyrir sjö árum síðan en í sumar verða alls sýndir fimm þættir af ævintýrum Arne þar sem hann meðal annars heimsækir lönd eins og Nýja-Sjáland, Malasíu, Kuala Lumpur og Taíland.

Í síðasta þættinum verður Arne sóttur heim til Bergens í Noregi og þá munu áhorfendur fá að vita hvað ofurhuginn er að gera í dag – hvort hann hyggist halda áfram í leit að adrenalíni um heiminn eða hvort hann leggur fallhlífina á hilluna fyrir fullt og allt. Steingrímur verður leyndardómsfullur þegar lokaþátturinn berst í tal. „Niðurstaðan er forvitnileg en fólk verður bara að bíða eftir lokaþættinum og fá svörin þar.“

vignir@frettabladid.is



**ARNE AARHUS** Reynir allt til að vera sem frumlegastur í áhættusportinu. Hér sést hann lenda heill á höldnu eftir svokallað base-stökk í miðborg Parísar.




**PÓSTKORT FRÁ ARNE** Nýju þættirnir hefja göngu sína á Skjá einum á sunnudag.

## LEIKARAR FRAMTÍÐARINNAR Tinna Lind Gunnarsdóttir



**TINNA LIND GUNNARSDÓTTIR** Ísinn er ómissandi í hennar lífi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Á bestu systur í heimi

**Níu leikarar útskrifuðust frá Listaháskóla Íslands fyrir skemmstu og er ábyggilega ekki langt að bíða þar til andlit þeirra verða Íslendingum að góðu kunn. Á næstu dögum munu þessir nýjustu leikarar landsins sitja fyrir svörum hjá Fréttablaðinu, hver í sínu lagi. Í dag er það Tinna Lind Gunnarsdóttir sem situr fyrir svörum.**

**Aldur**: 27 ára.

**Hvíta tjaldið eða leiksviðið?** Hvíta leiksviðið.

**Hverjum er það að kenna að þú fórst í leiklist?** Engum að kenna en ýmsum að þakka.

**Besta æskuminningin?** Ein góð minning er þegar ég lærði að hjóla án hjálpardekkja á hjóli frænda míns í Hafnarfirði. Hjólið var blátt og það var frekar dimmt úti. Alveg magnað.

**Ef ekki leikari hvað þá?** Efnaðri.

**Sátt við nýju ríkisstjórnina?** Er hún virkilega ný? Við sjáum til, en vonandi kemur hún mér skemmtilega á óvart.

**Myndir þú koma nakin fram?** Já, geri það nánast á hverjum morgni.

**Hvers getur þú síst án verið?** Mannsins míns, menningar, sólar og íss.

**Hefur þú neytt fíkniefna?** Nei, nei, nei.

**Hvernig bíl áttu?** Á ekki bíl.

**Hvar kaupirðu fötin þín?** Þar sem þau eru til sölu.

**Ef þú værir síamstvíburi, hvern vildirðu helst hafa fastan við þig?** Systur mína, því hún er best í heimi.

**Ef þú værir ein í heiminum, hvað myndirðu gera?** Gefast upp. Það er voða erfitt að vera skapandi þegar allt í heiminum er leyfilegt.

**Hvað þarf mörg hrísgrjón til að mynda hrúgu?** Helling.

**Þjóðleikhúsið eða Borgarleikhúsið?** Bæði og fleiri til.

**Hvernig týpa ertu?** Töff… not!






### > Óvissa með Jónas Guðna

Hinn sterki miðjumaður Keflvíkinga, Jónas Guðni Sævarsson, er meiddur í nára og gat ekki leikið með Keflvíkingum í leiknum skrautlega gegn ÍA. Jónas Guðni hefur ekkert æft í viku og það fæst ekki botn í hversu lengi hann verður frá fyrr en eftir helgi. Þá fer Jónas Guðni í myndatöku. Það yrði svo sannarlega mikil blóðtaka fyrir Keflavík ef Jónas Guðni yrði mikið lengur frá enda hefur hann verið að leika geysilega vel á miðjunni hjá liðinu í sumar rétt eins og í fyrra.



**sport**

sport@frettabladid.is

**HÖSKULDUR EIRÍKSSON:** HEFUR ÁTT VIÐ ÞRÁLÁT MEIÐSLI AÐ STRÍÐA

## *Höskuldur meiddur á þremur stöðum í einu*

Víkingurinn Höskuldur Eiríksson hefur ekkert getað leikið með norska úrvalsdeildarliðinu Viking frá Stafangri en þangað fór hann á láni frá Víkingi í Reykjavík í vetur.

„Ég hef einfaldlega átt í meiriháttar veseni með meiðsli, alveg síðan ég kom út,“ sagði Höskuldur við Fréttablaðið í gær en hann er staddur hér á landi þar sem norska úrvalsdeildin er í sumarfríi. „Ég hef verið meidd-ur á nára í tvo og hálfan mánuð, aftan í hné í þrjá mánuði og á ökkla í einn og hálfan mánuð. Ég er að reyna að nýta tímann hér heima til að fara í meðferð og ná mér góðum.“

Hann segist hafa reynt að koma sér að hjá bæklunarskurðlækni til að fá ráðgjöf en bíði enn eftir því að fá tíma. „Þetta er búið að vera erfitt en ég hef verið að skríða saman og spila með varaliðinu. Það hefur gengið þokkalega en ég finn að ég er alltaf byrjaður að haltra í seinni hálfleik.“

Hann segir þetta vissulega vera vonbrigði. „Ég vissi vel að þetta gæti gerst enda eru meiðsli alltaf hluti af fótboltanum. Það er auðvitað vonandi að ég nái að koma mér í gott form þarna úti og sýni hvað í mér býr. Ég get ekki neitað því að ég sé farinn að örvænta eftir því að ná mér heilum því mér finnst ég búinn að vera svona í langan tíma án þess að batna neitt.“



Framtíðin er því í óvissu því útlit er fyrir að hann komi heim að tímabilinu loknu ákveði Viking í Stafangri ekki að kaupa hann þá. „Þetta verður bara að koma í ljós. Ég hef nú ekki enn getað sýnt þeim neitt til að gefa þeim tilefni til að kaupa mig en það er samt langlíklegast að ég klári tímabilið úti. Vonandi næ ég einhverjum mánuðum þar sem ég verð heill.“

Að lokum sagðist hann ekki útiloka neitt, það gæti vel verið að fjölskylda hans ákveddi síðar í sumar að koma heim, fyrr en áætlað var.



**HEIÐAR** Ætlar að berjast fyrir sæti sínu hjá Fulham. NORDICPHOTOS/AFP

Heiðar Helguson:

## Hafnaði WBA endanlega

**FÓTBOLTI** Heiðar Helguson ætlar sér ekki að fara til 1. deildarliðs West Bromvich Albion. Fulham hefur komist að samkomulagi við WBA um kaup á Diomansy Kamara þar sem Heiðar var hluti af kaupverðinu. Samningur WBA og Heiðars var það eina sem gat komið í veg fyrir skiptin en svo virðist sem ekkert verði úr þeim.

„Ég sagði endanlega nei við þá í gær (fimmtudag) og ég á alls ekki von á því að það breytist,“ sagði Heiðar. „Mér líst ekki mikið á þetta, þeir eru til dæmis að selja alla sína bestu leikmenn,“ sagði Heiðar. - hþh

# Toppliðin töpuðu sínum fyrstu stigum

**Topplið Landsbankadeildar kvenna, Valur og KR, mættust á Valbjarnarvelli í gær. KR komst yfir í fyrri hálfleik en Valur jafnaði metin í þeim síðari. Bæði lið fengu sín færi til að tryggja sér stigin þrjú.**

**FÓTBOLTI** Valur og KR eru enn jöfn á toppi Landsbankadeildar kvenna eftir 1-1 jafntefli á Valbjarnarvelli í gær. Hrefna Huld Jóhannesdóttir kom KR yfir snemma í leiknum en Margrét Lára Viðarsdóttir jafnaði metin í þeim síðari.

KR-ingar komu Valsmönnum í opna skjöldu á fjórtándu mínútu þegar Hrefna Huld skoraði eftir laglegan undirbúning Hólmfríðar Magnúsdóttur. Skot Hrefnu var hnitmiðað og fast og kom Guðbjörg Gunnarsdóttir engum vörnum við.

Leikmenn Vals létu sér þó ekki segjast og pressuðu stíft á vörn KR, sem náði þó að halda mjög vel. Miðverðirnir Agnes Árnadóttir og þá sérstaklega Alicia Wilson vörðust þó afar vel og gáfu snöggum sóknarmönnum Vals ekkert eftir.

Besta færi Vals í fyrri hálfleik fékk Margrét Lára en hún skaut hátt yfir úr miðjum teignum eftir að hafa fengið laglega sendingu frá Guðnýju Óðinsdóttur. Þetta gerðist á 21. mínútu og skömmu síðar virtist brotið á Margréti Láru í vítateignum en ekkert var dæmt. Hlúa þurfti að henni í dágóðan tíma en hún gat haldið áfram leik skömmu síðar.

Það voru þó leikmenn KR sem voru nær því að auka muninn fyrir leikhlé því þeir áttu besta færi hálfleiksins. Hólmfríður átti á lokamínútu hálfleiksins skyndilega þrumuskot sem hafnaði í þverslánni en Guðbjörg virtist varla búast við skotinu.

KR byrjaði síðari hálfleik af krafti og Hólmfríður átti skalla að marki strax á 48. mínútu eftir horn Eddu Garðarsdóttur. Valsmenn neyddust til að bjarga á línu og var Málfríður Erna Sigurðardóttir þar að verki.

Valsmenn héldu þó sínu striki og uppskáru mark á 64. mínútu. Margrét Lára skoraði það mark með föstu skoti.




**VÍTI?** Valsmenn vildu meina að Alicia Wilson hefði brotið á Margréti Láru Viðarsdóttur í fyrri hálfleik. Hér liggja þær eftir en Embla Grétarsdóttir eltir boltann. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Bæði lið áttu sín færi eftir þetta en það besta fékk Dóra María Lárusdóttir. Hún fékk sendingu frá Nínu Ósk Kristinsdóttur sem færði sér mistök í vörn KR í nyt en hin stórefnilega Íris Dögg Gunnarsdóttir var vel á verði í markinu.

„Ég er bara hundfúl með úrslit leiksins,“ sagði Elísabet Gunnarsdóttir, þjálfari Vals. „Við áttum miklu fleiri færi í þessum leik og áttum að vinna hann. Ég var mjög óánægð með varnarleikinn en við sköpuðum okkur aftur á móti fullt af færum og áttum að nýta þau. Við vorum ekkert góðar í dag en áttum samt að vinna.“

Þjálfari KR, Helena Ólafsdóttir, sagði úrslit leiksins nokkuð sanngjörn, þegar á heildina er litið. „Ég hefði auðvitað viljað fara heim með þessa forystu sem við vorum komin með en úrslitin kannski sanngjörn. Við megum vera mjög ánægðar með baráttu leikmanna og stelpurnar gáfu allt það sem þær áttu í leikinn. Ég ætlaði liðinu sigur en jafntefli er betra en tap.“

eirikur@frettabladid.is



**MEISTARARNIR** Taka á móti Haukum í fyrstu umferð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Töfluröð í handboltanum klár:

## Stórleikur í fyrstu umferð

**HANDBOLTI** Í gær var dregið í töfluröð fyrir Íslandsmótið í handknattleik sem hefst um miðjan september. Íslandsmeistarar Vals í karlaflokki taka á móti Haukum í stórleik fyrstu umferðar í nýju og glæsilegu íþróttahúsi sínu að Hlíðarenda. Þá mætast HK og Stjarnan, Fram fer til Vestmannaeyja og Afturelding tekur á móti Akureyri. Átta lið eru í deildinni og verður leikin fjórföld umferð.

Í kvennaflokki leika níu lið en þar verður spiluð þreföld umferð. Fram og Haukar mætast í fyrstu umferðinni, FH og Stjarnan eigast við í Hafnarfirði, Grótta tekur á móti HK og Valsstúlkur mæta Akureyri. Auk þessara félaga tekur Fylkir þátt í Íslandsmóti kvenna. - hþh

Faðir Einars Orra Einarssonar hyggur á meiðyrðamál gegn Guðjóni Þórðarsyni:

# Munum leita réttar okkar ef Guðjón biðst ekki afsökunar

**FÓTBOLTI** Guðjón Þórðarson, þjálfari ÍA, fullyrti það í Kastljósi Sjónvarpsins í fyrrakvöld að Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflavíkur, hefði sent varamann inn á til þess eins að reyna að limlesta Bjarna Guðjónsson, leikmann ÍA.

Einari Orra Einarssyni var skipt inn á í liði Keflavíkur skömmu eftir að Bjarni skoraði síðara mark sitt í leiknum. Markið hefur verið umdeilt, svo vægt sé til orða tekið, en Keflvíkingar vilja meina að Bjarni hafi hagað sér óheiðarlega og óíþróttamannslega.

Einar Orri tæklaði Bjarna illa skömmu eftir að hann kom inn á og fékk fyrir vikið að líta rauða spjaldið.

„Ef Guðjón dregur ekki þessi orð til baka munum við leita réttar okkar. Það er ekkert öðruvísi,“ sagði Einar Helgi Aðalbjörnsson, faðir Einars Orra, í samtali við Fréttablaðið í gær.

„Ég hef sagt Gísla [Gíslasyni, formanni rekstrarstjórnar KÍA] þetta. Guðjón heldur því fram að drengurinn hafi verið sendur inn á völlinn sem einhver hryðjuverkamaður.“

Spurður hvort hann telji að Einar Orri hafi viljandi ætlað að meiða Bjarna segist Einar Helgi hafa spurt son sinn að því sama.

„Hann sagði við mig að ef hann hefði ætlað að gera þetta, hefði hann tæklað löppina sem Bjarni stóð í. Það gerði hann ekki. En þetta var hárréttur dómur og ekki hægt að mótmæla rauða spjaldinu sem Einar Orri fékk.“

Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflavíkur, sagði svo í samtali við 14-2 í Sjónvarpinu að honum væri flökurt eftir að hafa hlustað á Guðjón í Kastljósinu.

„Þetta er háalvarleg ásökun og efni í meiðyrðamál. Ég krefst þess að Guðjón biðjist afsökunar á þessum ummælum. Hann vegur að mínum heiðri sem knattspyrnuþjálfara og jafnvel sem manneskju. Ég geri ekki svona hluti.“

Um atvikið sagði Guðjón orðrétt í Kastljósi: „Markið er eitt út af fyrir sig. [...] Það er sendur maður inn á til þess eins að limlesta leikmann. Ég fullyrði það.“

- esá



**EINAR ORRI EINARSSON** Fagnar marki Keflvíkinga sem Hallgrímur Jónasson skoraði. Skömmu síðar fékk hann að líta rauða spjaldið. FRÉTTABLAÐIÐ/EIRÍKUR



**ÞÓRIR** Hefur óskað eftir greinargerðum frá ÍA og Keflavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

KSÍ bíður átekta:

## Óskar eftir greinargerðum

**FÓTBOLTI** Knattspyrnusamband Íslands hefur óskað eftir greinargerðum frá ÍA og Keflavík vegna uppákomunnar eftir leik liðanna á miðvikudaginn. Handalögmál munu hafa átt sér stað eftir leikinn en Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ, sagði við Fréttablaðið í gær að hann ætlaði að fara rækilega yfir málið þegar greinargerðirnar væru komnar í hús, að hans sögn strax eftir helgi.

Framkvæmdastjóri getur skotið einstaka málum beint til aganefndar KSÍ. „Hvort það gerist kemur í ljós, ég mun taka ákvörðun um það þegar ég hef fengið öll gögn í hendurnar,“ sagði Þórir sem vildi ekki segja hvað eftirlitsmaður KSÍ sagði í skýrslu sinni um leikinn.

Aganefnd KSÍ hittist á fundi á þriðjudaginn. **- hþh**

Danmörk - Ísland:

## Fer fram á Parken

**FÓTBOLTI Það varð ljóst í gær að landsleikur Danmerkur og Íslands fer fram á Parken eftir allt saman.**

**Áfrýjunardómstóll UEFA hefur mildað dóm sinn í kjölfar leiks Dana og Svía.**

**Danir þurfa samkvæmt úrskurðinum að leika næstu tvo leiki í 140 km fjarlægð frá Kaupmannahöfn en upprunalegi úrskurðurinn hljómaði upp á fjóra leiki sem skyldu fara fram í 240 km fjarlægð frá Kaupmannahöfn.** **- hbg**



**ÁRMANN SMÁRI** Er refsað harkalega fyrir slakan leik gegn Lyn. FRÉTTABLAÐIÐ/SCANPIX

Ármann Smári Björnsson:

## Fær falleinkunn hjá Aftenposten

**FÓTBOLTI** Norska dagblaðið Aftenposten valdi í gær þá ellefu leikmenn sem það telur hafa „floppað“ í norsku úrvalsdeildinni sem nú er hálfnuð. Í miðverðinum er Ármann Smári Björnsson, leikmaður Brann.

„Hann hefur spilað rúman hálftíma í þremur leikjum í ár. Í einum leiknum var hann reyndar mjög góður. Hann er í þessu liði vegna frammistöðu sinnar í 6-0 tapinu fyrir Lyn. Þá gáfum við Íslendingnum 2 í einkunn, Verdens Gang, Dagbladet og Nettavisen gáfu honum 1. Brann treystir honum augljóslega ekki lengur og hefur þegar keypt Knut frá Løv-Ham,“ segir Aftenposten um Ármann. **- hþh**

KSÍ biður ÍA og Keflavík um greinargerðir:

# Keflavík og ÍA hafa slíðrað sverðin í bili

**FÓTBOLTI** Forráðamenn og leikmenn ÍA og Keflavíkur hafa tekið þá ákvörðun að tjá sig ekki frekar um leikinn skrautlega á miðvikudaginn í bili. Þrátt fyrir þá staðreynd er enn mikill hiti í mönnum og miðað við viðbrögð viðmælenda Fréttablaðsins í gær stendur ekki til að kveikja í friðarpípu á næstunni.

Samkomulagið mun standa þar til aga- og úrskurðarnefnd KSÍ kveður upp úrskurð sinn í málefnum félaganna sem verður að öllum líkindum á fundi sínum á þriðjudag.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu stendur orð gegn orði í nánast öllum hlutum málsins og greinargerðirnar sem koma frá félögunum verða þar af leiðandi væntanlega gjörólíkar ef að líkum lætur.

Stór orð hafa fallið síðustu daga og hótanir um meiðyrðamál hafa skotið upp kollinum. Hvort einhver alvara verði úr þeim málum mun því ekki liggja fyrir fyrr en eftir helgi. **- hbg**



**KRISTJÁN OG GUÐJÓN** Þjálfarar ÍA og Keflavíkur voru samstarfsmenn hjá Keflavík á sínum tíma en það eru litlir kærleikar með þeim í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



## > GÉRARD DEPARDIEU

Líklega einn þekktasti leikari Frakka fyrr og síðar. Depardieu á rætur sínar að rekja til Mið-Frakklands en hann varð strax orðinn þekktur í heimalandi sínu fyrir leik sinn á áttunda áratugnum. Frami hans á hinum alþjóðlega markaði hófst þegar hann lék á móti sjálfum Robert de Niro í mynd Bernardo Bertolucci, Novecento, árið 1976. Einstakur persónuleiki Depardieu hefur alið af sér fjölmargar eftirminnilegar persónur en Depardieu hefur einu sinni fengið tilnefningu til Óskarsverðlaunanna, árið 1990 fyrir Cyrano de Bergerac. Depardieu bregður fyrir í sænsku kvikmyndinni Jag är Dina sem sýnd er í Sjónvarpinu í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SIGRÚN ÓSK KRISTJÁNSDÓTTIR FURÐAÐI SIG Á STÆRÐARMUN DANSSTJARNA

# *Dúkkulísa og dvergur í kröppum dansi*

Hæfileiki minn til þess að leggja á minnið hvar og hvenær sjónvarpsþættir eru sýndir tapaðist með brotthvarfi Hemma Gunn og Á tali einhvern tímann seint á síðustu öld. Síðan þá hefur enginn þáttur orðið að föstum lið í mínu lífi. Reyndar er ég alltaf yfir mig hamingjusöm þegar mér tekst fyrir algjöra tilviljun að detta inn í þætti sem eru í uppáhaldi. So you think you can dance er einn þeirra og ég sat sem límd á fimmtudagskvöldið.

Þótt ég hafi ekkert vit á dansi hafa dómararnir oft skoðanir sem eru eins og talaðar út úr mínu hjarta. Þannig var það einmitt í vikunni þegar þau Ashlee og Ricky dönsuðu tangó og kepptu með því um hylli Ameríkana og áframhaldandi veru í þáttunum. Tangó er glæsilegur, ástríðufullur dans og unun á að horfa þegar vel tekst til. Því fór hins vegar fjarri í þessum þætti þótt ekki hafi verið við dansarana að sakast, enda var það af praktískum ástæðum sem áhorf á parið átti meira skylt við kvöl en unun.



Ashlee er hávaxin skutla frá Texas með lappir upp undir háls en Ricky er stærðfræðisnillingur frá Arizona í lægri kantinum. Þegar þau tóku til við trylltan dansinn leit stúlkan þess vegna út eins og hún væri að drösla óþekku barni um sviðið þar sem Ricky slagaði rétt upp undir háls á henni þegar háir hælar höfðu bæst við það forskot sem hún hafði þegar í sentímetrunum. Ekki nóg með það heldur hafði danskennarinn gert henni að taka svokallað „goncho" spark á milli fóta Rickys og okkur áhorfendum var margsinnis tilkynnt að engu mætti muna í nákvæmni sparkanna ef ekki ætti illa að fara. Það sem átti að vera kynþokkafullur dans varð þess vegna eins og að horfa á glimmerklædda og þó hálfnakta barnapíu að sveifla smókingklæddum krakka um gljábónað svið á milli þess sem hún gerði ítrekaðar tilraunir til þess að koma í veg fyrir að hann gæti fjölgað sér í framtíðinni. Ekki gott. Þau fá því miður ekki tækifæri til þess að sanna sig hvort í sínu lagi því Bandaríkjamenn deildu með mér kjánahrollinum og sendu parið heim.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.05** Tímaflakk SJÓNVARPIÐ



▶ **21.25** Casanova STÖÐ 2



▶ **22.00** Flightplan STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.15** Joan of Arcadia SIRKUS



▶ **07.00** Live Earth - Beint SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** 08.01 Gurra grís 08.06 Lítil prinsessa 08.17 Halli og risaeðlufatan 08.29 Músahús Mikka 08.53 Skordýr í Sólarlaut 09.18 Vinnuvélar 09.23 Leyniþátturinn 09.36 Prince and the White Horse 10.02 Latibær

**10.30 Kastljós**

**11.00 14-2** e.

**11.30 Landsmót UMFÍ** (2:4)

**11.50 Formúla 1 - Tímataka**

**13.15 Gullmót í frjálsum íþróttum** (2:7)

**15.45 Hlé**

**17.50 Táknmálsfréttir**

**18.10 Vesturálman**

**18.54 Lottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.40 Lukkuriddarar** (1:13) (Knights of Prosperity)

▶**20.05 Tímaflakk** (9:13)

**20.50 Skapstilling** (Anger Management) Bandarísk gamanmynd um mann sem missir stjórn á sér í flugvél og er skikkaður til að sækja reiðistjórnunarnámskeið. Meðal leikenda eru Adam Sandler, Jack Nicholson, Marisa Tomei og Woody Harrelson.

**22.35 Saga hússins** (Life as a House) Bandarísk bíómynd frá 2001. Miðaldra maður sem greinist með ólæknandi krabbamein tekur til sín lífsleiðan son sinn. Meðal leikenda eru Kevin Kline, Kristin Scott Thomas og Mary Steenburgen.

**00.40 Ég heiti Dina** Sænsk bíómynd frá 2002. e.

**02.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.15 The Terminal**

**08.20 Just For Kicks**

**10.00 Raising Waylon**

**12.00 The Perfect Score**

**14.00 The Terminal**

**16.05 Just For Kicks**

**18.00 Raising Waylon**

**20.00 The Perfect Score** Gamanmynd með stórstjörnunni Scarlett Johanson í aðalhlutverki. 2004. Leyfð öllum aldurshópum.

▶**22.00 Flightplan**

**00.00 Nine Lives**

**02.00 8MM**

**04.00 Flightplan**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Barney og félagar, Ruff's Patch, Refurinn Pablo, Hlaupin, Blanche, Dexter's Laboratory, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar, Ginger segir frá, Willoughby Drive, Bratz, A.T.O.M.

**10.25 Cheaper by the Dozen**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Bold and the Beautiful**

**14.30 So You Think You Can Dance** (6.23)

**16.10 Men In Trees** (3.17)

**17.05 Örlagadagurinn** (5.31)

**17.40 60 mínútur**

**18.30 Fréttir**

**19.00 Íþróttir og veður**

**19.05 Lottó**

**19.15 How I Met Your Mother** (16.22) Önnur þáttaröð þessara bráðskemmtilegu og rómantísku gamanþátta sem fjalla um fólk á þrítugsaldri sem nýtur tilhugalífsins en er samt farið að íhuga hvort ekki sé kominn tími til að finna lífsförunautinn.

**21.00 Stelpurnar** (7.24) Sprenghlægilegir þættir með Stelpunum sífyndnu. Ragnar Bragason leikstýrir og nýir aukaleikarar koma mikið við sögu, þ.á m. Pétur Jóhann "strákur" Sigfússon.

▶**21.25 Casanova** Casanova er kvennagull sem er vanur því að fá allar þær konur sem hann vill. Hann nælir sér í fallegustu stúlkuna í borginni en á meðan hún undirbýr brúðkaup fellur hann fyrir kvenréttindakonunni Francescu. Aðalhlutverk. Jeremy Irons, Heath Ledger, Sienna Miller. Leikstjóri. Lasse Hallström. 2005. Leyfð öllum aldurshópum.

**23.15 Shining Through** Myndin gerist á þeim tíma þegar Hitler var að leggja Evrópu undir sig og segir frá Lindu Voss sem er einkaritari hjá lögfræðingnum Ed Leland. Hún hefur lúmskan grun um að yfirmaður hennar fari annað slagið í njósnaferðir til Evrópu og eftir að Bandaríkjamenn dragast inn í heimsstyrjöldina kemur í ljós að Ed er mjög háttsettur innan leyniþjónustunnar. Aðalhlutverk. Liam Neeson, Melanie Griffith, Michael Douglas. 1992. Bönnuð börnum.

**01.25 Sniper 3**

**02.55 Darkwolf**

**04.25 To Kill a King**

**06.05 Fréttir**

**06.45 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**17.15 Hooking Up** (4.5) (e)

**18.00 Bestu Strákarnir** (10.50) (e)

**18.30 Fréttir**

**19.00 Young, Sexy and.......** (2.9) (e)

**19.45 Party at the Palms** (3.12) (e)

▶**20.15 Joan of Arcadia** (13.22) Önnur þáttaröðin um Joan. Sagan af Jóhönnu af Örk færð í nútímann. Táningsstelpan Joan er nýflutt til smábæjarins Arcadia þegar skrítnar uppákomur fara að henda hana.

**21.00 Live From Abbey Road** (10.12) Þættir með lifandi tónlist frá þessu þekktasta upptökuveri heims sem Bítlarnir gerðu ódauðlegt. Heimsfrægir tónlistarmenn flytja þrjú lög á milli þess sem þeir spjalla um tónlist sína og lífið. Fjölbreytnin er mikil og meðal gesta eru. Josh Groban, Massive Attack, Iron Maiden, Muse, Red Hot Chili Peppers, Jamiroquai, Damien Rice, Richard Ashcroft, Gipsy Kings, Norah Jones og Paul Simon. Frábærir tónlistarþættir þar sem tónlistarmennirnir eru í sínu rétta umhverfi.

**22.00 Drive Me Crazy** Rómantísk gamanmynd. Nicole og Chase eru nágrannar og nemendur í sama miðskólanum. Þar fyrir utan eiga þau ekkert sameiginlegt nema það að hafa nýverið fengið reisupassann í samböndum sínum. Þau taka því höndum saman til að skapa aftur áhuga og afbrýðisemi hjá þeim fyrrverandi. En margt fer á annan veg en ætlað er og kannski eiga Nicole og Chase fleira sameiginlegt en þau grunar. Aðalhlutverk. Melissa Joan Hart, Adrian Grenier, Stephen Collins, Greg Kendall. 1999. Leyfð öllum aldurshópum.

**23.30 Hidden Palms** (4.8) (e)

**00.15 Jake In Progress 2** (1.8) (e)

**00.40 George Lopez Show, The** (1.18) (e)

**01.05 Night Stalker** (9.10) (e)

**01.50 Supernatural** (21.22) (e)

**02.35 Joan of Arcadia** (13.22) (e)

**03.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp T**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10:15 á Sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

▶**07.00 Live Earth** Bein útsending frá stærsta tónlistarviðburði sumarsins. Tónleikar í 24 tíma á 9 mismunandi stöðum í 7 heimsálfum. Fjörið hefst klukkan sjö að morgni og það verður standandi stuð í heilan sólarhring. Það eru meira en 150 listamenn sem koma fram og öll heimsbyggðin sameinast í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Tónleikarnir eru í beinni útsendingu frá New York, London, Sydney, Ríó, Tókýó, Shanghai, Jóhannesarborg, Hamborg og Istanbúl auk þess sem sent verður beint frá Suðurskautslandinu. Hér að neðan eru þeir helstu sem koma fram.

**NEW YORK**
AFI
Akon
Alicia Keys
Bon Jovi
Dave Matthews Band
Fall Out Boy
John Mayer
Kanye West
Kelly Clarkson
Ludacris
Roger Waters
Smashing Pumpkins
The Police

**LONDON**
Beastie Boys
Black Eyed Peas
Bloc Party
Damien Rice
David Gray
Duran Duran
Foo Fighters
Genesis
James Blunt
Madonna
Metallica
Razorlight
Red Hot Chili Peppers
Snow Patrol
Spinal Tap

**SYDNEY**
Crowded House
Jack Johnson
Wolfmother

**HAMBURG**
Chris Cornell
Katie Melua
Snoop Dogg

**TOKYO**
Linkin Park
Rihanna




## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 19.40**

### America's Got Talent

Stærsta hæfileikakeppni heims er hafin en keppt er um milljón dollara vinning og titilinn hæfileikaríkasta manneskja Bandaríkjanna. Keppendur eru af öllum stærðum og gerðum en hæfileikarnir eru jafn misjafnir og keppendurnir eru margir. Þátturinn kemur úr smiðju Simons Cowell og í dómarasætunum sitja þau David Hasselhoff, Brandy og Piers Morgan.

▶ **Við mælum með**

**SKAPSTILLING**

**Sjónvarpið kl. 21.05**

Anger Management er bandarísk gamanmynd frá 2003. Eftir að misskilningur verður milli fólks í flugvél og allt fer úr böndunum er hinn blíðlyndi Dave Buznik skikkaður til að sækja reiðistjórnunarnámskeið hjá dr. Buddy Rydell. Doktor Buddy beitir óhefðbundnum aðferðum við meðferðina og flytur meira að segja inn til Dave. Meðal leikenda eru Adam Sandler, Jack Nicholson, Marisa Tomei og Woody Harrelson.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Laugardagur til lukku
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Músík að morgni dags
**09.03** Sólarglingur
**10.15** Grannar okkar
**11.00** Vikulokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Laugardagsþátturinn
**14.00** Leitin að eldsneytinu
**14.40** Tímakornið
**15.30** Með laugardagskaffinu
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Á hvítri eyju í bláum sjó
**17.05** Hvítu svingdívurnar
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Auglýsingar
**18.28** Á vængjum yfir flóann
**18.52** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Kringum kvöldið
**19.30** Stefnumót
**20.10** Sögur af sjó og landi
**21.00** Dragspilið dunar
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Flakk
**23.10** Danslög
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## Sýn

**11.10 Pro bull riding** (Reading, PA - US Army Invitational)
**12.05 World Supercross GP 2006-2007** (Angel Stadium Of Anaheim)
**13.00 Wimbledon**
**15.00 Kraftasport - 2007** (Suðurlandströllið)
**15.30 Shell-mótið**
**16.00 Copa America 2007** (Argentína - Paragvæ)
**17.40 PGA Tour 2007 - Highlights** (Buick Open)
**18.35 Það helsta í PGA-mótaröðinni**
**19.00 PGA Tour 2007 Bein útsending** (The International)
**21.55 Copa America 2007** (1st Best A - 2nd best Third)
**23.55 Box - Wladimir Klitschko - Lamon Brew** (e) Var áður í beinni á Sýn Extra kl. 19.10 fyrr í dag.
**00.40 Copa America 2007** (Best Third - 2nd Group B)

## BBC PRIME

**6.15** Come Outside **6.30** Andy Pandy **6.35** Teletubbies Everywhere **6.45** Teletubbies Everywhere **6.55** Monty the Dog **7.00** Top Gear Xtra **8.00** SAS Desert - Are You Tough Enough? **9.00** EastEnders **9.30** EastEnders **10.00** Mastermind **10.30** The Weakest Link **11.15** The Weakest Link **12.00** What not to Wear **12.30** What not to Wear **13.00** Tony and Giorgio **13.30** Tony and Giorgio **14.00** The Life of Mammals **15.00** Wild New World **16.00** EastEnders **16.30** EastEnders **17.00** Home From Home **17.30** A Year at Kew **18.00** Cash in the Attic **18.30** The Life Laundry **19.00** New Tricks **20.30** The Robinsons **21.00** The Smoking Room **21.30** The Fast Show **22.00** EastEnders **22.30** EastEnders **23.00** New Tricks **0.30** The Robinsons **1.00** The Smoking Room **1.30** The Fast Show **2.00** Wild New World **3.00** Passport to the Sun **3.30** Balamory **3.50** Tweenies **4.10** Big Cook Little Cook 4.30 Tikkabilla **5.00** Boogie Beebies **5.15** Tweenies **5.35** Balamory **5.55** Big Cook Little Cook

## DR 1

**6.15** Dyrenes ø **6.40** SommerSummarum **7.10** Dragejægerne **7.35** Yu-Gi-Oh! **8.00** Hannah Montana **8.25** Rideklubben **8.50** Shin Chan **9.00** Sommertid **9.30** Katastrofen som arbejdsområde **10.00** På sporet af et unikt talent **10.30** Søren og Søren **11.00** Log på **11.30** Nationen **11.55** Buddhas Barn **12.55** Smag på Danmark - med Meyer **13.25** Under åben himmel **14.25** Nikolaj og Julie **15.10** Før søndagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Johanne i Troldeskoven **16.00** Radiserne **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** Det lille hus på prærien **17.45** Aftentour 2007 **18.10** Asterix & Obelix 2: Mission Kleopatra **19.55** Inspector Morse **21.40** Conviction **22.20** Baby **5.30** Gurli Gris **5.35** Zoe Kezako **5.50** Trolderi

## NRK 1

**6.00** Danny og Daddy **6.05** Max og jeg **6.15** I Mummidalen **6.40** Den Lille Havfruen **7.05** Energikampen 2006 **7.35** Jimmy Neutron **8.00** Live Earth **12.45** Wimbledon direkte **15.00** Live Earth **16.00** Gisle Wink på eventyr **16.25** I småkrypland **16.30** Eva og Adam **17.00** Dagsrevyen **17.30** Lotto-trekning **17.40** Dronningferda **18.10** Live Earth **21.00** Kveldsnytt **21.15** Nachspiel Wimbledon **21.35** Live Earth **5.30** Sommermorgen **5.50** Tigeren Edelbert **5.55** Danny og Daddy **6.00** Pingu

## SVT 1

**7.15** Franklin **7.35** Katter - en dokusåpa **7.45** Så här går det till på Saltkråkan **8.15** Sagoträdet **8.30** Pi **8.45** Mánaíd-tv **9.00** Fieteri **9.15** Tur och retur **10.05** Motorist **10.35** Örter - naturens eget apotek **10.55** Kvinnans plats: Brud söker man **12.00** Packat & klart sommar **12.30** Sommartorpet **13.00** Uppdrag granskning - sommarspecial **14.00** Tre kärlekar **14.55** Allsång på Skansen **15.55** Live Earth-galan **16.15** Lille far **16.30** Disneydags **17.25** Sjuttio mil till Hornborgasjön **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Försvarsadvokaterna **18.45** Kortfilm: Eriks fönster mot världen **19.00** Live Earth-galan **19.15** Minnenas television **20.30** Romerska rikets uppgång och fall **21.25** Rapport **21.30** Peer Gynt vid pyramiderna **23.00** Sex & Lucía **1.05** Sändningar från SVT24


# Við opnum nýja búð




**Opnunartilboð**

**1.990,-**

3 lítra dós
Flügger 97 – rétta viðarvörnin




**Opnunartilboð**

**1.990,-**

3 lítra dós
Flügger tréolía – á sólpallinn

Höfum opnað áttundu verslun Flügger lita á Íslandi.
Sérhæfðar verslanir með málningu og málningarvörur fyrir fagmenn og neytendur.
www.flugger.is






**Flügger litir**

Ögurhvarfi 2, Kópavogi
Sími 587 4430. Opið virka daga 8-18, laugardaga 10-15

108092

## PERSÓNAN



*Baltasar Kormákur*

**Aldur:** 41 árs.
**Starf:** Leikari, leikstjóri, framleiðandi og rithöfundur.
**Fjölskylda:** Lilja Sigurlína Pálmadóttir. Baltasar á fimm börn.
**Foreldrar:** Baltasar Samper listmálari og Kristjana Samper listamaður.
**Búseta:** Hof á Höfðaströnd.
**Stjörnumerki:** Fiskur.

# Eiður Smári kom eiginkonunni á óvart

Eiður Smári Guðjohnsen gerði sér lítið fyrir og hélt óvænta afmælisveislu fyrir konuna sína, Ragnhildi Sveinsdóttur, síðastliðið fimmtudagskvöld. Ragnhildur verður þrítug á morgun, 8. júlí, en Eiður tók forskot á sæluna og efndi til veislu í garðinum við heimili þeirra í Fossvogi. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var þar slegið upp stórri útigrillveislu með öllu tilheyrandi, en það var góðvinur Eiðs Smára, sjónvarpsmaðurinn Sverrir Sverrisson, sem sá um skipulagningu hennar.

Auk fjölskyldumeðlima afmælisbarnsins og Eiðs Smára mættu knattspyrnumennirnir Ríkharður Daðason, Birkir Kristinsson og Guðni Bergsson í veisluna. Það gerði sömuleiðis Ragna Lóa Stefánsdóttir en eiginmaður hennar, Hermann Hreiðarsson, var fjarri góðu gamni ásamt þeim Ívari Ingimarssyni og Brynjari Birni Gunnarssyni. Allir þurftu þeir að yfirgefa landið fyrir skemmstu til að sinna skyldum sínum sem atvinnumenn í boltanum.

Ekki dugði minna en helstu tónlistarmenn þjóðarinnar til þess að spila fyrir gesti. Stefán Hilmarsson, Jón Ólafsson og Björn Jörundur sáu um það við góðar undirtektir auk þess sem Hara-systur voru fengnar til þess að líta inn og syngja nokkur lög.

Boðið var upp á bæði nauta- og lambakjöt af grillinu, fínasta meðlæti, rauðvín og hvítvín. Gestir þurftu ekki að ómaka sig við að hella í glösin og bæta á diskana því í veislunni voru þjónar á hverju strái. Hófið þótti afskaplega vel lukkað og skemmtu gestir sér fram á nótt. Ekki fylgir sögunni hvort veislan hafi verið afmælisgjöf Eiðs til konunnar en það má reikna með að hún fái að minnsta kosti eitthvert smáræði á sjálfan afmælisdaginn á morgun. **- sók**



**HÉLT ÓVÆNTA GRILLVEISLU** Eiður Smári Guðjohnsen kom eiginkonu sinni, Ragnhildi Sveinsdóttur, á óvart með glæsilegri grillveislu á fimmtudagskvöld. Hér eru hjónin með yngsta syni sínum í fyrra. Í baksýn er Arnór, faðir Eiðs. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**LÁRÉTT 2.** glansa **6.** átt **8.** illæri **9.** loft **11.** í röð **12.** að baki **14.** ósannindi **16.** bardagi **17.** nögl **18.** niður **20.** tveir eins **21.** nabbi.

**LÓÐRÉTT 1.** nýja **3.** kusk **4.** tímaskeið **5.** tímabils **7.** bjástur **10.** stykki **13.** struns **15.** merki **16.** flana **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gljá, **6.** nv, **8.** óár, **9.** gas, **11.** rs, **12.** aftan, **14.** skrök, **16.** at, **17.** kló, **18.** suð, **20.** dd, **21.** arða.

**LÓÐRÉTT: 1.** unga, **3.** ló, **4.** járnöld, **5.** árs, **7.** vafstur, **10.** stk, **13.** ark, **15.** kóði, **16.** asa, **19.** ðð.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8

1 Á Akranesi.
2 Stefán Gíslason.
3 Hamstur.




JÓN JÓSEP SNÆBJÖRNSSON: ÍSLENSKIR LAGAHÖFUNDAR Í ÚTRÁS

# Vill semja fyrir Beyoncé

„Ég fékk styrk frá Menningarsjóði Glitnis og er með tvö lög í farvatninu," segir Jón Jósep Snæbjörnsson, betur þekktur sem Jónsi. Nýlega stóð Icefusion.com og Hótel Glymur fyrir merkilegum vinnudögum í Hvalfirðinum þar sem margir af fremstu lagasmiðum þjóðarinnar hittu fyrir virta erlenda starfsbræður sína. Jónsi hefur hingað til aðallega verið þekktur fyrir söng með Í svörtum fötum en hann ætlar að reyna að koma lagasmíðum sínum á framfæri erlendis. Hann var nokkuð tregur til að gefa upp hverjir væru efstir á óskalistanum. „En ég samdi þessi lög með Westlife og Beyoncé Knowles í huga," sagði Jónsi sem fannst mikið til þessarar ráðstefnu koma. „Ég vann mikið með náunga sem heitir Chris Tomaidis og útiloka síður en svo eitthvert frekara samstarf við hann."

Meðal annarra erlendra lagasmiða sem komu hingað til lands voru ´80-hetjan Nick Kershaw og Chesney Hawks auk hins færeyska Teits sem notið hefur töluverðrar hylli hér á landi. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins náðu hinir íslensku og erlendu lagahöfundar vel saman í kyrrðinni í Hvalfirði og er allt útlit fyrir að íslenskar lagasmíðar eigi eftir að sækja í sig veðrið á erlendri grundu.

Meðal annarra sem tóku þátt í vinnudögunum var Guðmundur Jónsson, gítarleikari Sálarinnar, en mörgum þykir það eflaust tíðindum sæta að hann skuli sækja svona námskeið enda verið einn fremsti lagahöfundur landsins um árabil og er þekktur fyrir að vilja semja einn síns liðs. „Þetta var svona eins og hraðstefnumót, maður sat í tíu tíma yfirheyrslu og þetta var álíka erfitt og þetta var skemmtilegt," segir Guðmundur en bætir við að þetta hafi fyrst og fremst verið hálfgerð tilraun af hans hendi. „Svona fyrirkomulag er mjög algengt í Bretlandi og ég kynntist þessu aðeins þegar ég bjó þar. Ég reikna nú ekkert frekar með því að það verði framhald á svona samstarfi en það komu vissulega tvö eða þrjú frambærileg lög út úr þessu," segir Guðmundur.

Mikil vinátta tókst með þeim Vigni Snæ Vigfússyni, Sverri Bergmann og Chesney Hawks og Nick Kershaw. Vignir Snær upplýsti í samtali við Fréttablaðið að allar líkur væru á því að hann og Sverrir myndu jafnvel halda utan á næstunni til fundar við Chesney og jafnvel Kershaw. „Þetta er allt í bígerð þótt endanlegar tímasetningar séu ekki komnar á hreint."

**freyrgigja@frettabladid.is**



**JÓNSI** Hyggst koma lagasmíðum sínum á framfæri erlendis og vill semja fyrir Westlife og Beyoncé.



**VIGNIR SNÆR** Mikil vinátta tókst með honum og Nick Kershaw og útilokar gítarleikarinn síður en svo frekara samstarf.



**GUÐMUNDUR JÓNSSON** Tvö til þrjú lög urðu til í Hvalfirðinum sem gætu ratað á næstu Sálarplötu.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær sást til gítargoðsagnarinnar **Erics Clapton** í Austurstræti þar sem hann spókaði sig um í veðurblíðunni. Clapton hugðist renna fyrir fisk í Laxá í Ásum en hafði ekki erindi sem erfiði. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun gítarleikarinn því hafa stytt dvöl sína um nokkra daga og haldið utan í gær með öngulinn í rassinum enda varla landað nokkrum stórfiski í þetta sinn. Starfsmenn Lax-ár sem hafa haft veg og vanda af komu Claptons voru þöglir sem gröfin þegar þeir voru inntir eftir aflanum sem rennir enn frekari stoðum undir þurrk í ám landsins.

**Pétur Gunnarsson** og félagar á Eyjan.is greina frá því á heimasíðu sinni að **Sigríður Snævarr** sendiherra hafi alið son í fyrrinótt. Sigríður er 55 ára og eiginkona **Kjartans Gunnarssonar**, fyrrum framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins. Sigríður er að öllum líkindum ein elsta konan í sögu Íslands sem eignast afkvæmi en samkvæmt heimildum Eyjunnar gekk fæðingin vel.



**Eygló Gunnþórsdóttir** er í viðtali við Vikuna en hún er móðir fyrirsætunnar **Ásdísar Ránar Gunnarsdóttur**. Fram kemur á forsíðu blaðsins að Eygló eigi kærasta sem er hvorki meira né minna en 28 árum yngri. Lesendur blaðsins biðu því í ofvæni eftir að fletta upp á sjálfu viðtalinu og berja drenginn augum en verða fyrir miklum vonbrigðum. Búið er að rugla myndina af umræddum aðila og er sú skýring gefin, „að hann sæi sér hvorki fært um að koma fram undir nafni í viðtalinu né leyfa myndbirtingu af persónulegum ástæðum sem tengjast ekki sambandi hans og Eyglóar". **- fgg**



ÚTRÝMINGARSALA
ALLT NÝJAR VÖRUR
FIMM VERÐ 100-500 KR

FÖT 300-500 KR. GEISLADISKAR 400 KR.
SÓLGLERAUGU 200 KR. DVD 400 KR.
SOKKAR 3 PÖR 300 KR. SKÓR 200 KR.
BÚSÁHÖLD 100-400 KR. LEIKFÖNG FRÁ 100 KR.
VÍDEÓ BARNA 300 KR. BÍÓ 100 KR. OFL., OFL.,

*ATH....ALLT NÝJAR VÖRUR*

SUÐURLANDSBRAUT 14. SÍMI 8698171

OPIÐ ALLA DAGA FRÁ 12-18

# Hettupeysur Klöru uppseldar

Klara Ósk Elíasdóttir hefur setið sveitt við sauma undanfarnar vikur. Hettupeysur eftir Klöru, sem flestir þekkja sem söngkonu í Nylon, eru til sölu í búðinni Fígúru á Skólavörðustíg, sem var opnuð í lok maí. Velgengni þeirra hefur verið slík að Klara annar ekki eftirspurn. „Það hefur ekki verið til peysa í búðinni í svolítinn tíma, þær fara bara um leið og ég geri þær," sagði hún. „Ég hef bara verið í vandræðum með þetta. Efnið sem ég kaupi vanalega var ekki til, ég kláraði það í búðinni," sagði Klara, sem segir annríkið þó vera jákvætt vandamál. Hún segir efnisskortinn þó nánast hafa verið velkominn. „Það var eiginlega ágætt að fá smá pásu þegar efnið kláraðist. Þetta var svona „bitter-sweet". Ég gat að minnsta kosti hvílt úlnliðina aðeins," sagði hún og hlæjandi.

Klara hefur ekki tölu á því hversu margar peysur hún hefur saumað á síðustu vikum. „Það eru einhverjir tugir, það er ekki spurning," sagði hún. Nylon kemur fram í Bolungarvík í dag en hefur haft hægt um sig í sumar, svo Klara hefur getað einbeitt sér að saumunum. „Við höfum aðeins komið við og sungið á nokkrum stöðum, en það er ekki neitt miðað við hvernig þetta hefur verið," sagði Klara, sem átti ekki von á að peysurnar hennar myndu rokseljast eins og raun ber vitni. „Við vorum hæfilega bjartsýn þegar við opnuðum búðina en ég gerði ekki ráð fyrir að þetta færi svona hratt af stað," sagði hún og hló við. **- sun**



**KÆRKOMIN PÁSA** Klara segir það nánast hafa verið létti þegar efnið sem hún saumar úr kláraðist, svo mikið hefur annríkið verið.




# VoltarenDolo®

*Díklófenak-k 12,5 mg*

## *Fljótvirkt, bólgueyðandi verkjalyf*




Voltaren Dolo® (díklófenak kalíum) 12,5 mg töflur. Notað við vægum verkjum eins og t.d. höfuðverk, tannverk, tíðaverk, verk vegna gigtarsjúdóma, vöðvaverk eða bakverk og hita af völdum inflúensu eða kvefs. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða haft sögu um maga- eða skeifugarnasár eða skerta lifrastarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetýlsalisýru, ibuprofen eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healtcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.

***Fæst án lyfseðils***

www.lyfja.is

LYFJA
- Lifið heil

LYFJA STYÐUR LANDSLIÐ KVENNA Í HANDBOLTA

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000






BAKÞANKAR

GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR

## 070707

Ég er ekki einn af þeim sem hafa gert ráðstafanir til þess að gera eitthvað rosalega spes í dag, en í dag er 7. júlí 2007, sem er einstaklega fallegur dagur út frá talnalegu sjónarmiði. Ég hyggst til dæmis ekki kvongast í dag, en fréttir hafa borist um það að einstaklega margir hugðust um tíma ganga í heilagt hjónaband á þessum degi, en svo bárust reyndar tíðindi af því nú í vikunni að margir höfðu hætt við af einhverjum orsökum.

**VONANDI** hafa pör hætt við vegna þess að þau hafa fundið það út í samræðum sín á milli að ekki er endilega farsælt að rjúka í hjónaband – með tilheyrandi daglegum deilum um hversdagslega hluti – bara vegna þess að einhver sérstök dagsetning sé aðlaðandi. Falleg dagsetning ein og sér getur aldrei orðið grunnur að góðu hjónabandi, en þó verð ég að játa að ég skil vel þau sjónarmið sem liggja að baki því að fólk velji þennan dag, að því gefnu að allt annað sé í þokkalegu lagi.

**EINKUM** og sér í lagi held ég að það geti komið mörgum karlmönnum til bjargar í framtíðinni að dagsetning brúðkaupsins sé þess eðlis að það sé auðvelt að muna hana. Öfugt við þá kynbræður sína sem þurfa að þola hinn nístandi refsivönd þagnarinnar innan heimilis í hvert einasta skipti sem þeir gleyma brúðkaupsafmælinu, geta þeir sem kvænast í dag prísað sig sæla. Karlmenn sem muna ekki þessa dagsetningu eiga ekkert erindi í hjónaband.

**ÞESSI** dagsetning er líka þess eðlis að hún myndi – ef pör eru á annað borð þannig innstillt – sóma sér ágætlega sem húðflúr. Þar með yrði auðvitað gulltryggt – nema í tilviki fordæmalausrar heimsku – að karlmaðurinn gleymdi ekki brúðkaupsafmælinu. Í tilviki tveggja karlmanna – ef mál hafa æxlast þannig – þarf auðvitað ekki að hafa mörg orð um það, í ljósi þess sem hér hefur þegar verið reifað, hversu heppilegt það er fyrir þá að ganga í hjónaband í dag. Þó myndi ég alltaf í slíkum tilvikum mæla sterklega með húðflúri líka.

**EF** til skilnaðar kemur og húðflúrið 070707 er til staðar er alltaf hægt að bæta við einu núlli fyrir framan og halda því fram að húðflúrið sé til minningar um það að þann 7. júlí 2007 hafi viðkomandi séð einstaklega skemmtilega mynd með James Bond. Einnig er hægt að bæta við einhverri tölu af handahófi, eins og til dæmis tveimur, og halda því fram að á ákveðnu tímabili í lífinu hafi viðkomandi verið fangi númer tuttugu, sjötíu, sjöhundruðogsjö.

**ÞANNIG** að það eru margar leiðir í þessu. En auðvitað þarf fólk ekki endilega að nota þennan dag – sem svo fagurlega er tölulega samansettur af almættinu – til þess að gifta sig. Það má gera margt annað. Í dag hugsa kannski einhverjir að gott sé að selja kvótann sinn úr byggðarlaginu. Öðrum finnst þetta góður dagur til þess að kaupa sér þyrlu. En líklega finnst flestum þetta bara ágætis dagur til þess að fara í bíltúr, lesa bók eða vinna í garðinum. Það má alltaf slá.

ÚTSALA

5. júlí - 29. júlí

© Inter IKEA Systems B.V. 2007



IKEA®

Opið 10:00 - 20:00 virka daga | Laugardaga 10:00 - 18:00 | Sunnudaga 12:00 - 18:00 | www.IKEA.is